



VESTANPÓSTUR

Apríl 2009 Útgefandi: Ísfríðingafélagið í Reykjavík 1. tbl. 21. árg.

Kubbur eða Kubbi?

– sjá bls. 51





Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í **Einkabankanum** og **Fyrirtækjabankanum** á landsbankinn.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja yfir 80 góðgerðarfélög og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta. **Það er auðvelt að skipta máli.**



Landsbankinn



VESTANPÓSTURINN

Útgefandi:

*Ísfirðingafélagið
Hávallagötu 55
101 Reykjavík*

Ritsjóri og ábyrgðarmaður:

Jakob Falur Garðarsson

Höfundar efnis:

Einar Hreinsson
Hörður Kristjánsson
Jakob Falur Garðarsson
Matthías Kristinnsson
Ólafur Sigurðsson
Páll Ásgeir Ásgeirsson
Peter Weiss
Sigurður J. Jóhannsson
Örn Bárður Jónsson

Ljósmyndir:

Agúst Atlason
Björn Garðarsson
Hörður Kristjánsson
Ólöf Dómhildur Jóhannesdóttir
Rúnar Már Jónatansson
Vigdís Jakobsdóttir
Úr einkasöfnum

Auglýsingar:

Einar Guðmundsson

Prentvinnsla og prentun:

Oddi / Anna Helgadóttir

Selt í smásölu, kr. 1.500

Blaðinu er dreift til félagsmanna

Stjórn Ísfirðingafélagsins

2008-2009:

Jakob Falur Garðarsson, formaður
Baldur Trausti Hreinsson
Greipur Gíslason
Gunnar Halldórsson
Ólafur Sigurðsson
Páll Ásgeir Ásgeirsson
Sigurður G. Sigurðsson

Ólafur Hannibalsson
Sigurða Sigurðardóttir

Forsíðumyndinina tók Rúnar Már Jónatansson, sjá nánar bls. 51.

Jakob Falur Garðarsson, formaður:

Breytingar

Vestanpósturinn kemur nú út á öðrum tíma en verið hefur, þ.e. í kjölfar Sólarkaffis frekar en í aðdraganda – og kannski ekki síður í aðdraganda páska og vorkomu. Ýmsar ástæður liggja að baki þeirrar ákvörðunar stjórnar félagsins að breyta útgáfutímanum, en þær helstu eru þessar:

- ✓ að þar með er hægt að birta fyrir en gert hefur verið til þessa myndir og frásögn af Sólarkaffi ársins,
- ✓ að félagsgjöld, sem innheimt eru með Vestanpóstinum, komi ekki til félagsmanna strax í janúar, í sama mánuði og Sólarkaffi er haldið,
- ✓ og að blaðið geti frekar höfðað til auglýsenda fyrir vestan í upphafi ferðamannatíðar.

Augljós galli er þó sá að fyrsta blaðið á þessum útgáfutíma verður í raun tvöfalt hvað varðar minningarbrot frá Sólarkaffi og myndir og frásögn frá Sólarkaffi 2008 farin að rykfalla ögn meira en verið hefði með gamla útgáfutímanum. Það er mín trú að til lengri tíma litið sé þessi útgáfutími heppilegri og mætir vonandi skilnings félagsmanna sem hafa þurft að bíða nokkuð lengur eftir þessum Vestanpósti en áður.

En biðin er á enda. Þetta blað er fullt af efni úr starfi félagsins, sérstaklega frá hinum hefðbundnu viðburðum, líkt og sólarkaffi, sólkveðjukaffi og messu. Breytingar í starfi félgsins hafa hvorki verið miklar né gerst hratt – en þó verið nokkrar. Þegar hefur breyttur útgáfutími blaðsins verið nefndur. Önnur, ekki síður mikil breyting, var sú að sólarkaffið í ár var nú haldið á nýjum stað. Því er gerð frekari grein í blaðinu, en almennt virðist sem ánægja hafi verið með staðarval og kannski ekki síður með veitingarnar.

Í sumar sem leið var haldið sérstakt golfmót á Ísafirði í tengslum við afmælisfyrirbætur Golfklúbbs Ísafjarðar, þ.e. golfmót brottfluttra Ísfirðinga er öttu kappi við heimamenn. Mótið var haldið í samvinnu Ísfirðingafélagsins og Golfklúbbsins og tókst með miklum ágætum. Væntingar standa til að halda mót sem þetta annað hvert ár.



Þá var á síðasta ári haldin skíðamynjasýning í Sóltúnum um páskana, í tengslum við Skíðavíkuna. Í ár verður einnig höfð dagskrá á vegum félagsins í Sóltúnum í tengslum við Skíðavíkuna.

Síðast, en ekki síst, skal nefna að opnaður hefur verið nýr og glæsilegur vefur Ísfirðingafélagsins, á slóðinni www.isfirthingafelagid.is

Allt það sem að ofan er talið er til frekari umfjöllunar hér í blaðinu, til viðbótar við stórskemmtilegt viðtal Harðar Kristjánssonar við Gústaf Óskarsson kennara, minningarbrot, frásögunum og kveðskap. Blaðið í ár er sem svo oft áður, samansett með sjálfboðavinnu margra. Öllum þeim sem lögðu blaðinu til efni eru færðar hugheilar þakkir.

Að endingu: þó ýmislegt breytist frá ári til árs, er ljóst að grunnurinn í starfi Ísfirðingafélagsins hefur verið og verður áfram sá og hinn sami. Grunnurinn er að mínu mati sá að halda tengslunum í þessum hópi okkar sem félagið er, þessum hópi sem á það sameiginlegt að bera hag litla samfélagsins sem kúrir í faðmi fjalla blárra heima í Skutulsfirði fyrir brjósti. Hópur félagsmanna þarf að stækka. Í vetur hefur verið gert átak í því að hringja í fólk og hvetja það til að ganga í félagið með þeim hvatningarorðum að fólk eigi að styðja félagið og markmið þess, frekar en spyrja hvað félagið geri fyrir sig. Vonandi fáum við enn fleiri félaga í ár, sem tilbúinir eru til að vera með á þessum nótum.

Vestanpósturinn óskar lesendum sínum gleðilegra páska og vonast til að sjá sem flesta heima á Ísafirði á Skíðavíkunni!

Jakob Falur Garðarsson



Kristbjörg Markúsdóttir og Gústaf Óskarsson með börnin sín sjö. Aftari röð frá vinstri: Óðinn, Hans, Ragnheiður Helga, Rúnar, Ósk, Áróra og Ólafur Jón. Mynd: Ómar Óskarsson.

Gústaf Óskarsson gerðist kennari 1963 og varði síðan 40 árum æfi sinnar í að uppfræða börn

Afréð að hætta fyrir sjötugt til að verða ekki hent út eins og brotinni skóflu

Viðtal: Hörður Kristjánsson

Gústaf Óskarsson kennari er maður sem mikill fjöldi Ísfirðinga þekkir af eigin raun. Margir hafa t.d. setið hjá honum löngum stundum og innbyrt fróðleik í tímum í barnaskólanum á Ísafirði þar sem hann kenndi til fjölda ára. Ferill Gústafs og fjölskyldu-saga er um margt merkileg, en í föðurlegg rekur hann sínar ættir til Færeyja.

Gústaf fæddist á Ísafirði þann 3. júlí árið 1933. Hann er kvænt-

ur Kristbjörgu Markúsdóttur sem fæddist á Ísafirði 30. 8. 1935. Móðir hennar var Auður Ólafsdóttir frá Folaþæti við Seyðisfjörð. Faðir: Markús Þórðarson frá Ingjaldssandi. Kristbjörg var formaður félags eldri borgara í Hveragerði í tvö ár, eða 2004 - 2006.

Þau hjón búa nú í Hveragerði. Börn þeirra eru Ólafur Jón fæddur 1955, Ragnheiður Helga fædd 1956, Ósk fædd 1957, Hans fæddur 1960, Rúnar fæddur 1962, Áróra

fædd 1966 og yngstur er Óðinn sem fæddist árið 1969.

Kennaraferillinn hófst með farandkennslu

Á löngum starfsferli hefur Gústaf komið mjög víða við sögu í kennslu barna. Hann hóf þó ekki sinn kennaraferil á Ísafirði. Hann segir að þegar hann var að byrja í kennslu hafi gengið skelfilega illa að manna skólana. Þá bjuggu þau hjón með fimm börn í Borgarnesi.



Þorpið á Drangnesi. Myndir: Hörður Kristjánsson.

„Það kveikti í mér ákveðið hungur að prófa þetta, því ég sá svo gríðarlega mikið af auglýsingum um lausar kennarastöður. Ég var þó ekki með þá menntun að það væri neitt vit í því að fara að gefa mig í það starf, því ég var bara búinn að taka próf frá Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Ég fór þó að spyrjast fyrir um nokkra skóla á Fræðslumálaskrifstofunni í

Reykjavík. Þá var mér vísað á að það væri margbúið að auglýsa starf farkennara í Barðastrandarhreppi og það væri engin samkeppni um það. Ég lét vaða og það sótti enginn annar um og þau urðu bara

Kerlingin



Í fyrndinni voru þrjú nátttröll sem ætluðu að sneiða Vestfirði af Íslandi með því að moka sund á milli Húnaflóa og Breiðafjarðar. Til að hleypa í sig eldmóði ákváðu þau að búa til eyjar úr því efni sem til féll.

Tröllin sem mokuðu að vestanverðu inn Gilsfjörðinn höfnuðust sem mest þau máttu og tókt að mynda óteljandi eyjar á Breiðafirði, en tröllkerlingunni sem baslaði við moksturinn að austanverðu gekk öllu verr. Húnaflóinn er djúpur svo að henni tókst aðeins að mynda nokkra varphólma og blindsker. Tröllin kepptust við og uggðu ekki að sér fyrr en birta tók af degi og urðu því að leita skjóls í flýti til að daga ekki uppi.

Tröllin í Gilsfirði hlupu yfir Steinadalshéidi og urðu að steinum við Kollafjarðarnes. Skessan sem mokaði að austanverðu stókk hins vegar í snarhasti norður yfir Steingrímsfjörð og staðnæmdu hjá klettabelti sem Malarhorn heitir. Þar hafði hún geymt uxu sinn á meðan hún sinnti mokstrinum. Varð henni þá lítið út yfir Húnaflóann en þegar hún sá hve illa henni hafði gengið að búa til eyjar náði hún ekki upp í nef sér fyrir bræði. Hjó hún sköflu sinni af alefli í Hornið, svo að við það sprakk úr því spilda með uxanum og myndaði Grímsey sem er stærsta eyjan á Húnaflóa. Í því náði sólin að skína á kerlinguna og varð hún að steindrangi þeim sem Dranganes er kennt við.

Þarna stendur kerla síðan við fjöruborðið og horfir á uxu sinn sem stendur bergnuminn við norðurenda Grímseyjar.



Sagnareki





Rekaviður í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Mynd: Hörður Kristjánsson.

að láta sig hafa það, þeim bauðst ekki annað.”

„Ég hóf síðan minn kennaraferil í einn vetur sem farkennari í Barðastrandarhreppi við Breiðafjörð. Ég stakk af frá konu og börnum og var þarna eins míns liðs. Þetta var veturinn 1963 til 1964.”

Þó Gústaf væri einungis með gagnfræðaskólapróf upp á vasann, dugði það honum býsna vel, en hann var þó alltaf meðvitaður um að æskilegra hefði verið að hafa traustari námsbakgrunn að byggja á. Á áttunda áratugnum gafst kennurum sem svipað var ástatt um, tækifæri á að öðlast kennararéttindi með námskeiðum og bréfaskólanámi, eða það sem kallað var réttindanám. Greip Gústaf þetta tækifæri fegins hendi og segir að sem betur fer sé tími ófaglærðra kennara liðinn. Marga dreymi reyndar um að enginn fari út í að gerast kennari fyrir en að afloknu mastersnámi. „Það getur þó verið að eitthvað sé í að slíkt verði að veruleika.”

Gústaf kenndi síðan einn vetur í Borgarnesi eftir Breiðafjarðarævintýrið og tvo vetur á Kleppjárnareykjum í Borgarfirði. Það lá þó fyrir honum að fara

víðar að kenna ungmennum, m.a. á Ströndum.

Gerðist skólastjóri á Drangsnesi

Gústaf gerðist skólastjóri á Drangsnesi er í Kaldrananeshreppi við mynni Steingrímsfjarðar að norðanverðu haustið 1967. Tók hann þar við af Sveini Sigurðssyni úr Hafnarfirði sem var skólastjóri veturinn 1966-1967. Konan hans, Kolbrún Oddbergsdóttir, kenndi einnig með honum sama veturinn.

Gústaf var ráðinn að skólanum 1967 og stjórnaði honum til vors 1971, eða alls 4 vetur. Eiginkonan Kristbjörg var þau ár stundakennari við skólann. Þegar hér var komið sögu árið 1971 var skólahúsið á Drangsnesi orðið 27 ára gamalt. Á því tímabili höfðu starfað samtals 10 skólastjórar. Flestir um skamma hríð og enginn lengur en 6 ár, svo Gústaf var þar með einna lengstan starfsaldur.

Grunnskólinn á Drangsnesi

Á Drangsnesi var bændabýli fyrrum, en á þriðja áratug síðustu aldar tók að myndast þar vísir að fiskimannaborpi, þrátt fyrir hafnleysi,

því staðurinn lá vel við sjósókn. En bátar voru smáir, enda þurfti að seta þá á land að hverjum róðri loknum meðan ekki var ráðin bót á hafnleysinu.

Íbúum á Drangsnesi fjölgaði jafnt og þétt og árið 1942 töldust íbúarnir 140. Þar af voru 65 börn 16 ára og yngri, en alls bjuggu þá í Kaldrananeshreppi 488 manns að meðaltöldum 204 börnum. Kaldrananes er býli í þeim hreppi og er það við Bjarnarfjörð. Gera má ráð fyrir að helmingur barnanna, eða um 100 börn, hafi þá verið á skólaskyldualdri, þ.e. 7-14 ára. Ákveðið var í samráði við yfirvöld fræðslumála að byggja heimagönguskóla á Drangsnesi. Hófst verkið vorið 1943 og einu árið síðar var hafin kennsla í skólanum, áður en hann var vígður haustið 1944.

Slapp við innansveitarerjur

Í litlum samfélögum hefur oft borið á sterkum smákóngahætti sem oft á tíðum hafa valdið heiftugri persónulegri togstreitu, einkum um kirkjumál og þá einnig skólamál. Gústaf segist hafa verið heppinn hvað þetta varðar.

„Það var dálítið merkilegt hvað ég slapp við innansveitarátök á Drangsnesi, því þar var afskaplega sérkennileg tilhögun. Meirihluti hreppsnefndar var t.d. búsettur í Bjarnarfirði og oddvitinn bjó þar. Hann dreif í því að það var byggður skóli á Klúku. Einhverja dreyndi um það að ferja börnin frá Drangsnesi þangað norður fyrir. Ég lenti ekki í þeirri togstreitu, en hins vegar var ein skólanefnd fyrir skólann á Klúku og önnur fyrir skólann á Drangsnesi og þær hafa sjálfsagt tekist á við sveitarstjórnina.

Fyrsta veturinn sem ég var á Drangsnesi voru nemendurnir 34, en þeim fækkaði að vísu svolítið á meðan við vorum þar. Ég held að það hafi samt ekki náð því að vera tíu nemendur í Klúkuskóla á sama tíma. Skólinn á Klúku var svo endanlega lagður niður þegar nemendurnir voru orðnir fjórir. Þá gerðist það líka að Drangsnesingar voru farnir að kjósa sína eigin menn í hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, þannig að meirihlutinn var þaðan.”

Kapella sambyggð skólastofunum

Þó átök væru um skólamál í Kaldrananeshreppi voru menn þökkalega lausir við rifrildi um kirkjuleg málefni. Engin kirkja var þó á Drangsnesi en þar náðu menn ágætri lendingu sem sátt var um. Var það sama fyrirkomulag og tekið var upp í Hnífsdal þar sem kapella var innbyggð í stærstu stofu barnaskólans. Á Drangsnesi var þannig háttað að í skólanum voru tvær samliggjandi stofur sem hægt var að gera að einni. Samkomulag var gert við smíði skólans á milli sóknarnefndar og skólanefndar að bæta einu gluggabili við enda skólans fyrir altari og kór. Fyrir þennan kór var svo hægt að draga vegg sem talinn var koma í veg fyrir vanhelgun Guðshússins þó þar færu fram aðrar athafnir á virkum dögum og jafnvel dansleikir skólabarna. Einhverjir einstaklingar gerðu þó athugasemdir við þetta fyrirkomulag í upphafi, en þær kvörtunarraddir hljóðnuðu þó fljótlega, enda fyrirkomulagið viðurkennt af biskupi.



*Verðmætin liggja víða á Ströndum langt að komin úr rússneskum skógum.
Mynd: Hörður Kristjánsson.*

Gott að vera á Drangsnesi

„Það var frábært að vera á Drangsnesi. Það gat þó verið fjandi napurt þarna á vetrum. Ég man t.d. eftir einum byl sem stóð í þrettán sólarhringa án uppstyttu. Þá kom ís þarna fyrsta veturinn okkar og þá voru hafþök. Að horfa frá Drangsnesi yfir að Þorpum sýndist manni að laginn maður með stöng ætti að geta stiklað á ísnum þvert yfir fjörðinn. Steingrímsfjörðurinn var þá kjaftfullur af ís að minnsta kosti inn undir Reykjanes.”

Rafmagnslaust í viku

„Veturinn 1969 kom smá íshroði sem lónaði þarna inn fjörðinn og var nokkuð dreifður. Þá gerði þvílíkan sunnanhvell svo það var nánast óstætt. Með þessum sunnanhveli kom líka 20 stiga frost. Þessir ískubbar klipptu þá í sundur rafmagnsstreng sem lá þvert yfir Steingrímsfjörð. Drangsnes varð þá rafmagnslaust í heila viku.

Menn lögðu ekki í að gera við þennan rafstreng fyrr en um sumarið 1969. Það voru hins vegar harðduglegir Strandamenn sem brutust á einni jarðýtu og einum vörubíl með dísilrafstöð á pallinum í gegnum þvílíkar fannir til að koma rafmagni á Drangsnes. Gjáin sem jarðýtan mokaði í sumum lágunum var um fjórir til fimm metrar á dýpt. Þetta voru hörkunaglar sem

brutust þarna í gegn með rafstöðina frá Hólmavík út á Drangsnes og unnu hvíldarlaust eitthvað á annan sólarhring.”

Gústaf segir að það hafi ekki verið notalegt að upplifa rafmagnsleysið. Það vildi þó til að kynditæknin í bænum var ekki á mjög háu stigi. „Þannig var olíukynding í flestum ef ekki öllum húsum, en yfirleitt voru „mekanískir carburatorar“ eða blöndungar með sjálfrennsli á olíunni en ekki rafmagns olíublásarar eins og síðar varð algengt. Þetta fyrirkomulag var í öllum húsunum, nema í barnaskólanum sem bjó við nýttisku olíubrennara. Þar var því ekki hægt að halda uppi kennslu þessa vikuna sökum kulda.”

Mikið hafrót

Gústaf segir að hafrótið sem rokið skóflaði upp í veðrinu hafi staflaði ísjökunum upp á bryggjuna. Þá braut líka úr henni svo fá þurfti sérfræðinga að sunnan til að gera við hana sumarið eftir.

„Einn 10 tonna bátur var þá gerður út frá Drangsnesi og var hafður í viðlegufæri á laginu framundan þorpinu. Hann sökk á laginu að mig minnir í þessu veðri, en var síðar náð upp af köfurum af varðskipi. Fór varðskipið síðan með hann til Siglufjarðar í viðgerð. Síðar fór þessi bátur til Ísafjarðar og hét þá Sólrún.



Gústaf, Kristbjörg, afkomendur og tengdabörn. Mynd: Ómar Óskarsson.

Tveir aðrir bátar voru þá skráðir á Drangsnesi. Annar var bátur sem Jóhann Snæfeld átti, en hann bjó á því býli sem heitir Hamarsbæli. Það er oft kallað Bælið eða í Bælinu. Hafði hann öruggt lægi fyrir bátinn fyrir framan bæinn. Enn innar á ströndinni á bænum Kleifum var báturinn Guðrún og var þar líka í öruggu lægi. Nokkrum árum eftir að við fórum frá Drangsnesi drifu menn svo í að gera örugga höfn þar sem kallað er Kókkálsvík.

Á þeim tíma sem við vorum þarna fólst vetrarvinna Drangsnesinga í að veiða rækju til vinnslu í þorpinu, ýmist inn í Hrútafjörð eða í Húnaflóann. Á sumrin voru bátarnir svo á skaki og var aflinn unnin í fiskvinnslunni á staðnum.

Gústaf sagðist hafa verið eitt sumar á bát frá Drangsnesi. Það var Bátalónsbátur sem hét Pólstjarnan, um 10 til 11 tonna að stærð og í eigu Jóhanns Snæfelds.

„Þetta var ágætis bátur sem gekk einar 8 til 10 mílur sem þótti gott. Hann varði sig ótrúlega vel þó það gerði krappa báru. Hann hefði þó

ekkert við þeim bátum sem notaðir eru í dag og ganga kannski 15 til 20 mílur.”

Gústaf minnst áranna á Drangsnesi af nokkurri lotningu. „Auðvitað eru Strandaárin minnisstæð á vissan hátt. Þó ég hafi víða haft góða nemendur, þá held ég að það hafi hvergi verið jafn samvaldir og þægilegir nemendur eins og Strandabörninn voru. Ég hef þó líka haft alveg yndislega bekki á Ísafirði og víðar.”

Fluttu með börnin til Ísafjarðar

Megin ástæðan fyrir því að Gústaf og Kristbjörg ákváðu að flytja frá Drangsnesi var að þá voru elstu börnin að komast á framhaldsskólaaldur. Þá var yngsta og sjöunda barnið Óðinn líka nýfæddur. Þeim þótti ekki fýsilegt að senda börnin hvert af öðru um langan veg í burtu í skóla og töldu að á Ísafirði væri hægt að búa þeim skilyrði til frekari skólagöngu.

Sagðist Gústaf þá hafa haft samband við Björgvin Sighvatsson,

skólastjóra í Barnaskólanum á Ísafirði, sem var líka gamli kennarinn hans. Spurði Gústaf skólastjórann um möguleika á kennarastöðu.

„Hann hvatti mig endilega til að senda inn umsókn og láta á það reyna. Það endaði á því að ég var ráðinn. Ég var síðan að kenna þarna samfelld í 14 vetur eða frá 1971 til 1985.”

Frá Ísafirði til Hveragerðis

Þegar Barnaskólinn á Ísafirði og Gagnfræðaskólinn á Ísafirði voru sameinaðir sumarið 1985 hvarf Gústaf á braut um tíma og gerðist kennari í Hveragerði á árunum 1986 til 1989. Honum hugnaðist ekki hvernig staðið var að sameiningu skólanna á Ísafirði og vildi því vera fjarverandi meðan það gengi yfir. Þegar þeir sem harðast höfðu gengið fram í sameiningarmálinu voru horfnir af vettvangi taldi Gústaf sér óhætt að koma til baka sumarið 1989. Fékk hann síðan fastráðningu við Grunnskólann á Ísafirði þar sem hann var í þrjá vetur.



Feðgar ræða saman. Óskar Gústaf Ingjaldur Jensen og Gústaf Óskarsson. Mynd: Ómar Óskarsson.

Í skólastjórn á Núpi

Árið 1992 rak hann augun í auglýsingu þar sem auglýst var eftir skólastjórum við tvo litla sveitaskóla. Annar var skólinn í Holti í Öfundarfirði, sem hefði getað orðið starf til nokkurra vetra. Hinn skólinn var Grunnskóli Mýrarhrepps á Núpi (ekki Héraðsskólinn). Þar var þó einungis um að ræða ráðningu í einn vetur vegna fjarveru Valdimars skólastjóra sem hafði farið til náms í sagnfræði.

„Ég fékk ekki starfið í Holti en var aftur á móti ráðinn þennan eina vetur að Núpi veturinn 1992 til 1993. Við vorum þarna veturinn þegar ákveðið var að leggja niður Héraðsskólann þó búið væri að ráða Sigurð Blöndal sem skólastjóra og nokkra kennara. Það voru bara of fáir nemendur sem sóttu um til að það þætti forsvaranlegt að starfrækja skólann. Það var því nokkuð dauftlegt þarna þar sem öll umsvif voru mun minni á

staðnum en þegar Héraðsskólinn starfaði.”

Lauk formlegum ferli sem skólastjóri

Gústaf varð sextugur áður en ráðningatíminn rann út á Núpi. Þar sem hann var að komast á eftirlaunaaldur hugsaði hann með sér að skynsamlegast væri fyrir hann að hætta ferlinum á toppnum ef svo má segja sem skólastjóri. Þar með fengi hann eftirlaun sem skólastjóri, en ef hann héldi áfram sem fastráðinn kennari í einhverjum skóla myndi hann aldrei fá sambærileg eftirlaun þó munurinn væri ekki ýkja mikill. Hann afréð því að segja formlega upp skólastjórastöðunni á Núpi vorið 1993. Þar með var þó ekki sagt að Gústaf hætti afskiptum af kennslu. Það var ekkert í lögunum sem bannaði honum að taka að sér stundakennslu án þess að skerða

eftirlaunaréttinn. Það var einmitt það sem hann og gerði.

Stundakennari fram að sjötugu

Veturinn eftir var hann í lausamennsku við Grunnskólann á Ísafirði. Þar á eftir var hann tvo vetur stundakennari við barnaskólann í Hnífsdal. Síðan gerðist hann stundakennari á Flateyri haustið 1996 þar sem hann var í tvo vetur og keyrði þá til vinnu frá Ísafirði. Í framhaldi af þessu, eða haustið 1998, gerðist hann stundakennari við Grunnskólann á Suðureyri. Sú kennsla hentaði Gústaf að mörgu leyti betur, því hann gat þá nýtt sér að fara til og frá vinnu með áætlunarrúttunni. Þar var hann í fjóra vetur eða til vors 2002. Síðasta veturinn í kennslu starfaði hann svo sem stuðningsfulltrúi við sérdeild Grunnskólans á Ísafirði.

Yrði hent eins og brotinni skóflu

„Mig langaði til að skoða það starf, en þegar því verkefni lauk vorið 2003 var ég kominn á þann aldur að þegar næsta skólaár byrjaði hefði ég verið orðinn sjötugur. Þá yrði mér bara hent út eins og brotinni skóflu svo ég afréð að hætta kennslu. Það voru því orðin samtals 40 ár sem ég hafði það að aðalstarfi að reyna að uppfæra börn.”

Oft yndislegt en stundum erfitt

Gústaf segir að árin í kennslunni hafi verið afskaplega misjöfn. „Oft var þetta alveg yndislegt en stundum líka hræðilega erfitt. Það gekk líka sá brandari meðal kennara í þá daga sem hljóðaði svo: Nefndu þrjár ástæður fyrir því að kennarar tolli í starfi. Svarið var: Júní, júlí og ágúst.”

Með örðum orðum löng sum-arfrí löðuðu menn fremur að þessu starfi en margt annað, enda gátu menn þá líka haft möguleika á að vera í annarri vinnu yfir sumartím-ann til að drýgja tekjurnar.

„Þann tíma sem ég var bæði á Drangnesi og á Ísafirði var ekki búið að lögfesta einsetinn skóla. Á Ísafirði hafði ég alltaf umsjón með tveimur bekkjum og hafði þar af leiðandi töluverða yfirvinnu.

Til að fleyta mér áfram var ég svo lengst af í einhverri sumarvinnu. Nokkur sumur vann ég t.d. í Mjólkursamlaginu á Ísafirði.”

Gekk Gústaf þá aðallega í skarðið fyrir Baldur Geirmundssona sem þurfti að sinna spilamennskunni af krafti í hljómsveit sinni BG yfir sumarmánuðina. Þar naut hann þess að hafa áður unnið í Mjólkursamlaginu í Borgarnesi á sumrin þegar þau hjón bjuggu þar.

Gústaf ákvað svo að setjast í helgan stein og flutti með eiginkonu sinni Kristbjörgu Markúsdóttur til Hveragerðis árið 2004.

Af færeyskum og önfirskum ættum

Gústaf Óskarsson, fæddist eins og fyrr segir þann 3. júlí árið 1933. Hann er sonur Óskars Gústafs Ingjalds Jensen prentara sem fæddist 18. ágúst 1906 á Ísafirði og Hansínu Kristrínu Einhildar Hannibalsdóttur frá Önundarfirði, en hún lést árið 1995.

Hansína var dóttir Hannibals Hálfðánarsonar (f.02.08.1880, d.09.02.1958) og Guðrúnar Sveinsdóttur (f.01.01.1874, d.02.06.1955). Þau bjuggu að Kotum í Önundarfirði og áttu 10 börn.

Færeyski Ísfirðingurinn

Óskar Gústaf Ingjaldur Jensen fæddist eins og að framan greinir á Ísafirði árið 1906, en hann lést á hundraðasta og þriðja aldursári þann 4. febrúar sl. Síðustu árin dvaldist Óskar á hjúkrunarheimilinu á Víflsstöðum.

Foreldrar Óskars voru Jens Friðrik Jensen frá Færeyjum, eða Jens Færeyingur eins og hann var kallaður á Ísafirði og fæddist í þorpinu Skopun á Sandey í Færeyjum. Móðir Óskars var Málfríður Magnúsdóttir frá Ísafirði. Þau eignuðust 11 börn en tvö létust ung.

Börn Málfríðar Magnúsdóttur og Jens Færeyings voru:

1. Jensína María Amalía, fædd 3. október 1895.
2. Brynjólfína Jónína Elísabet, fædd 7. desember 1897.
3. Magnús Georg, fæddur 23. júlí 1899.
4. Kristensa Ágústa Ólöf, fædd 11. maí 1902.
5. Anna Margrét, fædd 23. desember, dáið 10. febrúar 1904.
6. Vigant Emil, fæddur 9. mars 1909.
7. Óskar Gústaf Ingjaldur, fæddur 18. ágúst 1906.
8. Hertha Lárína Helena, fædd 17. desember 1907.



Dýrfinna Torfa

*gullsmiður og skartgripahönnuður
jewellery designer*

Stillholti 16-18 – 300 Akranesi

s. 464 3460 & 862 6060

www.diditorfa.com

Sölustaðir:

Kraum, Reykjavík

Listhús Ófeigs, Reykjavík

Gullauga, Ísafirði

Epal, Fríhöfnin Keflavík

Gullsmiðir, Stillholti, Akranesi



Þórshöfn í Færeyjum, þar sem Óskar Gústaf Ingjaldur Jensen ólst upp eftir móðurmissinn frá 8 ára aldri og bjó þar til hann fluttist aftur til Íslands þegar hann var 19 ára gamall. Mynd: Hörður Kristjánsson.

9. Vigant Emil, fæddur 16. febrúar 1909. (Hefur líklega verið skírður eftir að bróðir hans og nafni dó.)
10. Napoleon, (Poli) fæddur 18. nóvember 1910.
11. Ársæll Harry Oddur, (Sali) fæddur 1. janúar 1912.

Móðurmissir

Málfríður dó síðan árið 1914 frá níu börnum, en þá var Óskar tæplega átta ára gamall.

Var pilturinn þá allt í einu svipað staddur í lífinu og Jens faðir hans hafði upplifað á sínum barnsárum löngu áður. Jens Friðrik hafði nefnilega misst föður sinn ungur, en hann hafði farist með bróður sínum Klemintín á bát sem hvolfdi á sundum milli skerja við Skopun á Sandey þann 3. júlí 1880. Lenti móðir hans þá í hrakningum með sex börn, Jóhannes, Jógvan, Helenu Katrinu, Jens Friðrik (Frederik), Elsu Frederikku og Önnu Elisabeth. Þegar Jens Friðrik stálpaðist fór hann að stunda sjómennsku á skútum og komast þannig á endanum til Ísafjarðar og settist þar að í kringum árið 1895 þar sem hann kynntist Málfríði.

Send með systkini sín til Færeyja

Eftir að eiginkonan Málfríður lést var Brynjólfína, næst elsta systir Óskars send með hann og þrjá yngri bræður hans. Napoleon, Ársæl

(kallaður Salli), Vigant og systurina Hertu með skipinu Lyrú til Færeyja. Reyndist þá enga hjálp vera að fá á Ísafirði og átti hún að koma þeim öllum í fóstur í Færeyjum. Sjálf fór Brynjólfína aftur til Íslands eftir eins árs dvöl í Færeyjum og eftir að vera búin að koma systkinunum í öruggt skjól.

Var Óskari komið fyrir hjá Askamsfólkinu svokölluðu í Þórshöfn, nánar tiltekið hjá Sigmundi Askham frá Argjum. Kona hans var Margretha (Margrét) sem ættuð var frá Skopun og voru þau Jens Friðrik systkinabörn. Napoleon bróðir Óskars var komið fyrir á sama heimili í hóp níu barna Sigmundar og Margrétar. Seinna flutti Óskar á heimili Julionnu og Tummas Askham í Þórshöfn.

Færeyingar minntust Óskars við andlátið með virktum í sínum fjölmiðlum, enda töldu þeir hann vera elsta Færeyinginn þó hann væri fæddur á Íslandi. Var þar mikið um hann skrifað og sögu hans og einnig þegar hann varð 100 ára.

Óskar hóf prentnám í A/S Færø Amts Bogtrykker í Þórshöfn í Færeyjum 1. janúar 1921. Vann þar í 4 ár. Fór í Frams Bogtrykkeri á sama stað 1. ágúst 1924 og lauk þar námi 1. júlí 1925.

Aftur til Íslands

Hann fluttist svo til Íslands að nýju 19 ára gamall 1925 og fór rakleitt á æskulóðirnar til föður síns á

Ísafirði. Bræður hans urðu þá eftir í Færeyjum þar sem þeir bjuggu svo alla sína tíð. Einn þeirra Vigant var sjómaður og kom oft til Ísafjarðar og hefur Gústaf kynnst nokkuð afkomendum hans.

Óskar fór í vinnu á bóndabæ við Mývatn árið 1930. Þar kynntist hann Hansínu Kristrínu Einhildi Hannibalsdóttir sem síðar varð eiginkona hans. Þau vissu þá ekki mikið um uppruna hvors annars í upphafi en komust að því síðar að íslensk amma Óskars og afi Hansínu voru systkini.

Um haustið 1930 fóru þau til Reykjavíkur, en þar var litla sem enga vinnu að hafa. Árið 1931 fóru þau því í Öfundarfjörð til foreldra Hansínu. Óskar fór á sjó á handfæraveiðar og síðan á síld. Fyrsta barn þeirra fæddist í nóvember 1931.

Árið 1932 settust hjónakornin að á Ísafirði. Um tíma bjuggu þrjú systkini Óskars; Brynjólfína, Kristensa og Magnús öll á Ísafirði á sama tíma, þó ekki saman heldur hvert í sínu húsi. Jens Friðrik, pabbi Óskars var þá kominn með húshjálpmann sem Elín hét og tóku þau að sér fósturbarnið Magnfred, sem var fyrsta barn systur hans Amalíu. Jens Friðrik lést svo úr hjartaslagi aðeins 55 ára að aldri.

Óskar fékk prentnám sitt frá Færeyjum viðurkennt á Ísafirði og var iðnbréf útgefið á Ísafirði 1932 því til staðfestingar og meistrabréf í prentið 11. september 1941. Hann starfaði í Prentsmiðju



Óskar Gústaf Ingjaldur Jensen prentari 102 ára með börnin sín fimm. Talið frá vinstri: Aðalheiður, Ómar, Anna Júlía, Málfríður og Gústaf.

Njarðar á Ísafirði árið 1932, svo í Prentstofunni Ísrúnu frá stofnun 1944-1948.

Þá hætti hann prentstörfum og gerðist bóndi að Betaníu í Mosvallahreppi sem Önfirðingar kölluðu jafnan „að Kotum“, þangað sem Hansína konan hans hafði flutt tveimur árum áður. Einhverjir munu hafa kallað býlið Betaníukot sem mun vera rangnefni og orðið til þegar menn rugluðu saman fyrrnefndum tveimur heitum jarðarinnar. Í opinberum skjölum hefur býlið aldrei heitið annað en Betanía.

Keypti Grund í Önundarfirði

Aðdragandi þess var að árið 1943 keypti Óskar lítinn sveitabæ í Önundarfirði sem hét Grund sem var nýbýli frá Hóli og hefur nú verið lagt undir Hól aftur. Það var í um hálf tíma göngufæri frá búi foreldra Hansínu. Þarna héldu þau til á sumrin þar sem börnin gátu notið útivistar og m.a. gengið til berja sem nóg var af.

Haustið 1946 yfirtóku hjúin bú foreldra Hansínu að Kotum. Þá var Gústaf 13 ára. Ráku þau þar allmik-

inn búskap og setti Óskar samhliða honum upp þrjónavélar og framleiddi þrjónavörur í allstórum stíl. Þar voru þau þar til Óskar ákvað að hætta búskap 1952 og fluttist til Reykjavíkur. Vann hann þá á Keflavíkurflugvelli í nokkra mánuði. Í framhaldinu fór Óskar til Kaupmannahafnar sumarið 1953. Hansína fór svo á eftir honum með yngsta barnið og dóttir þeirra Málfríður fór síðan á eftir þeim árið 1954. Vann Óskar þar í ýmsum prentsmiðjum til ársloka 1955. Vegna húsnæðisferfiðleika fluttu þau aftur til Íslands árið 1956. Réðst Óskar þá til

Ísafoldarprentsmiðju og vann þar til miðs árs 1960. Þá fór hann í Prentsmiðju Alþýðublaðsins og var þar til síðla árs 1965 er hann hvarf aftur til Ísafoldar og var þar síðan til starfsloka 1977, þá 71. árs að aldri.

Reyndi að smíða eilífðarvél

Óskar var ekki bara handlaginn iðnaðarmaður, heldur var hann sífellt að brjóta heilann um tæknilega hluti og var þar oft á undan sínum samferðamönnum. Tók hann m.a. enskt bréfaskólanámskeið sem fjallaði um hvernig framleiða ætti plast. Reyndi hann líka fyrir sér sem uppfinningamaður og sótti um einkaleyfi í Danmörku fyrir því sem hann kallaði „Den magisk Turbine“. Var það einhverskonar eilífðarvél sem marga hefur dreynt um að smíða en engum hefur tekist. Einkaleyfisumsóknina varðveitti Óskar til 91 árs aldurs.

Óskar var líka dráttahagur og fékkst m.a. við að mála. Hann var einnig skáldlega sinnaður og var stöðugt að leita sannleikans. Í grein í færeysku blaði er sagt að hann hafi ekki fundið sannleikann fyrr en hann komst í samband við heimspekinginn Martinus Thomsen sem gaf út bókina O.M., en eintak af þessari bók barst til Ísafjarðar. Í þeirri bók taldi Óskar sig finna þá lífsspeki sem hann hafði verið að leita að.

Martinus skrifaði margar fleiri bækur m.a. „Livets bog“, en lífsspeki hans byggðist á að maðurinn endurholdgaðist í sífellu eftir dauðann. Trúði Óskar því staðfastlega á framhaldslíf eftir dauðann. Óskar lést sem fyrr segir 4. febrúar 2009. Var hann jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. febrúar.

Gústaf líka ýmislegt til lista lagt

Svo sögunni sé aftur vikið að syni Óskars og viðmælandanum og kennaranum Gústaf, þá hefur hann átt ýmis áhugamál fyrir utan kennsluna. Á árinu 2006 gaf Vestfirski forlagið t.d. út skáldsögu eftir hann sem hét Nýi kennarinn. Fjallar hún um Þorgeir sem kemur til starfa í vestfirsku sjávarþorpi. Þar er flest með hefðbundnum hætti og munu margir kannast við ýmislegt úr þeim veruleika. Þar grasserar líka ástin sem annarsstaðar. Gústaf hefur líka samið leikrit og má þar nefna leikritin Risaleik og Þyrnirós.

Hann hefur líka sungið í kórum, bæði á Ísafirði og í Hveragerði. Þá bar svo við einn daginn að Rúnar, sonur hans, hafði fengið áhuga á að læra á selló í Tónlistarskólanum á Ísafirði hjá séra Gunnari Björnssyni. Rúnari féll ekki við sellóið þegar á reyndi, en úr því sellóið hafði verið keypt og var til staðar ákvað Gústaf að prófa verkfærið.

„Það endaði nú með því að ég sótti tíma hjá séra Gunnari í fjóra vetur. Ég hafði gaman af því og Gunnar er afskaplega skemmtilegur og þægilegur náungi.“

Ekki vill Gústaf gera mikið úr spilamennsku sinni á sellóið, en hann sótti þó síðar tíma hjá pólskri konu sem kenndi á Ísafirði. Spilaði Gústaf svo löngum í hljómsveit skólans. Hann hafði síðan samband við nokkra eldri fiðlunemendur við skólann og settu þeir saman hljómsveit. Var það „STRÁ“-ið, strengjasveit áhugamanna á Ísafirði og nágrenni. Æft var af kappi og starfaði hljómsveitin í eina þrjá til fjóra vetur og spilaði á ýmsum samkomum.

„Þar sem ég hef dálítið verið í kórstarfi líka þá styrkti þetta sellónám mann því gott er að þekkja nóturnar.“ Hann segir að þegar upp er staðið þá sjái hann alls ekki eftir því að hafa lagt kennsluna fyrir sig sem aðalstarf.

„Hvert atvik í lífinu getur bent á eitthvað sem manni er ætlað að læra. Ég var t.d. ekki sáttur við það um fermingu að flytja á sveitabæ vestur í Önundarfjörð. Sjálfsgagt hefði brautin orðið öðruvísi ef það hefði ekki orðið. Hvort hún hefði orðið eitthvað betri veit ég hins vegar ekkert um og mun heldur aldrei komast að því,“ segir Gústaf Óskarsson.

Hirðljósmyndari Ísfirðingafélagsins

Allar ljósmyndir frá sólarkaffi 2008 og sólarkaffi 2009 sem birtar eru hér í blaðinu eru teknar af Ólöfu Dómhildi Jóhannesdóttur. Ólöf, sem er lærður ljósmyndari, er sambýliskona Atla Þórs Jakobssonar og þar með tengdadóttir Jakobs Ólasonar og Eyglóar Eymundsdóttur. Ólöfu eru færðar kærar þakkir stjórnar Ísfirðingafélagsins fyrir frábærar myndir og mikla velvild í garð félagsins.

Áhugasömum um Ólöfu sem ljósmyndara er bent á www.flickr.com/photos/domhildur/



Kæru félagsmenn!

Ný heimasíða

www.isfirdingafelagid.is

og nýtt netfang

isfirdingafelagid@isfirdingafelagid.is

Árin mín á Ísafirði

Heimkoman til Ísafjarðar

Páll Ásgeir Ásgeirsson keppti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar í spurningaþættinum Útsvari í vetur sem leið. Páll er fæddur á Ísafirði en alinn upp inni í Djúpi. Hann bjó á Ísafirði á árunum 1982-1988. Páll rifjar hér upp endurminningar frá þeim tíma.

Auðvitað er ég að einhverju leyti að villa á mér heimildir þegar ég segist vera Ísfirðingur. Ég er ekki meiri Ísfirðingur en svo að ég fæddist þar á sjúkrahúsinu en ólst upp í Þúfum í Ísafjarðardjúpi og á bernskutíð og unglingsárum kom ég til Ísafjarðar stöku sinnum. Ég er auðvitað hálfur Ísfirðingur í þeim skilningi að faðir minn Ásgeir Svanbergsson er fæddur og alinn upp á Ísafirði og foreldrar hans, Svanberg Sveinsson málarameistari og Þorbjörg Kristjánsdóttir bjuggu á Engi við Seljalandsveg allt fram til ársins 1983 þegar þau fluttu til Reykjavíkur og áttu ekki afturkvæmt til Ísafjarðar.

En Ísafjörður var höfuðborgæsku minnar, það var Kaupstaðurinn með stórum staf og þaðan kom allt það sem áhugavert og spennandi gat talist í lífinu. Þetta fannst mér að minnsta kosti þegar ég elti kýr og kindur snoðklipptur á hvítbotnuðum gúmmískóm í hinu afskekktu Ísafjarðardjúpi en þegar ég var að alast upp þar var ekki komið vegasamband um Djúp við Ísafjörð.

Svo varð það að ráði sumarið 1982 að flytja til Ísafjarðar búferlum öðrum þræði til þess að kynnst sem fullorðinn maður þessari höfuðborg sveitapiltsins. Við komum akandi til Ísafjarðar í úfnu haustveðri þann 1. september á gömlum drekkhlöðnum Volvo með hluta af búslóðinni á toppnum og höfðum týnt heimiliskettinum á leiðinni austan af fjörðum. Mér fannst þetta vera eins og atriði úr Þrúgum reiðinnar.



Höfundur á ritstjórn Vestfirska fréttablaðsins um 1986.

...í Pólnum

Þetta haust fékk ég vinnu í Pólnum undir handarjaðri Jónasar Ágústssonarverslunarstjóra. Póllinn var þá enn í eigu bræðranna Hauks og Óskars Eggertssona sem reyndust miklir afbragðsmenn og góðir vinnuveitendur. Ég lagði áherslu á það þann tíma sem ég var í búðinni að reyna að setja nöfn á þann aragrúa heimamanna sem lagði leið sína þangað. Í Pólnum keyptu menn algeng heimilistæki, sjónvörp, raftæki, hljómplötur og allt sem einhvern veginn tengdist rafmagni. Þetta var árið sem fótanuddtækin voru hvað mest í tísku og Jónas pantaði þau í

gámavís og í endurminningunni stóðum við alla jólavertíðina og seldum fótanuddtæki og tókum svo við þeim aftur fyrir innleggsnótur eftir jólin því afskaplega margir virtust hafa fengið tvö eða fleiri að gjöf. Í sláturtíðinni komu bændur innan úr Djúpi og birgðu sig upp af ljósaperum og spurðu: hvað er fréttan af honum pabba þínum? Nema Sigurjón á Hrafnabjörgum sem keypti allar íslenskar hljómplötur sem höfðu komið út frá því hann kom síðast í kaupstað. Þetta var samfélag þar sem allir virtust þekkja alla og menn fengu hiklaust skrifaða eina frystikistu eða svo þegar mikið lá við.

...á Skipeyri

Sumarið eftir réð ég mig til starfa hjá Flugfélagi Íslands á Ísafjarðarflugvelli undir stjórn Barða Ólafssonar stöðvarstjóra og stórsnillings. Barði var innfæddur og drjúgur við að tengja mig við samfélagið því hann lét oft fylgja smásögur af viðkomandi viðskiptavini þegar hann var farinn út. Í hinum endanum á flugstöðinni hafði flugfélagið Ernir bæki-stöðvar sínar og þar voru Hörður Guðmundsson flughugi og Torfi Einarsson altmulingmand samstarfsmaður hans. Þar var ekki hörgull á sögum og skemmtun þegar stundir gáfust. Í sjoppunni stóð Auðunn Karlsson athafna-skáld frá Súðavík vaktina og Jóhann Guðmundsson, Júlíana Pálsdóttir, Alfreð Erlingsson og Atli Vivás voru fastir starfsmenn Flugfélagsins. Flugvöllurinn er þannig vinnustaður að þar gat verið róleg ládeyða stóran hluta dagsins en tvo klukkutíma á dag var Fokkerinn annað hvort nýlentur eða alveg að lenda og það þurfti að selja miða, tékka farþega inn, afgreiða pakka, svara í símann, stafla töskum, benda flugvélinni inn í stæði, dæla eldsneyti, kalla um borð og afhenda í einum djöfuls logandi hveli alla fraktina sem hafði komið með vélinni.

Semsagt eins og geðveikrahæli en alveg stórskemmtilegt starf, að minnsta kosti meðan verið var að venjast því. Uppi í flugturni réðu Guðbjörn Charlesson og Grímur Jónsson ríkjum og það var sannarlega lífsreynsla að kynnast Grími. Annan eins sögumann hafði ég aldrei séð eða heyrt og aldrei unnið með eins skapbráðum, ofstækisfullum og skemmtilegum manni. Einu sinni var Grímur í frí og ætlaði að fara til Reykjavíkur sér til skemmtunar. Ég gerði vitleysu sem varð til þess að hann missti af vélinni en hann ók samt inn á flugvöll til að lesa mér pistilinn í eigin persónu og það voru einhverjar vönduðustu skammir sem ég hef heyrt.

Atli Vivás félagi okkar á flugvöllinum var duglegt snyrtimenni. Eitt sinn stóð hann mjög álútur yfir afgreiðsluborðinu og skrifaði farmiða á miklum snúningi. Alfreð Erlingsson vantaði lykla af kippu sem stóð í skránni í efstu skúffunni þar sem peningar voru geymdir. Hann kom með talsverðum asa, seildist undir bringuna á Atla, skellti skúffunni í lás og tók lyklna og fór eitthvað með þá. Á skúffunni var stálkantur til varnar innbrotum og vandlega hnýtt hálsbindi Atla klemmdist í falsinu og þar lá hann eins og bandingi og gat varla reist



Bjarni Guðmarsson sagnfræðingur og kennari við störf á Vestfirsku fréttablaðinu um 1986

höfuðið upp frá borðinu þangað til einhver kom og bjargaði honum og opnaði skúffuna aftur en þá var öll biðröðin farin að hlæja að vandræðum hans.

Þetta var fyrir tíma netsins og eina leiðin sem farþegar og aðrir höfðu til að vita hvort fært væri til þess að fljúga var að hringja inn á völl. Einnig tíðkaðist að ef seinkun var á flugi eða í athugun að hringja í alla sem voru bókaðir. Þegar mikil umferð var til Ísafjarðar eins og á skíðavíku á páskaþingum gat þetta orðið ævintýralegt ástand ef flug raskaðist eitthvað og 400-500 manns biðu óþreyjufullir eftir að komast í burtu. Ég minnst þess að aðra páskana sem ég starfaði þarna var ekki flogið fyrr en þremur dögum eftir páska og örtröðinni á flugvöllinum verður auðvitað ekki lýst með orðum.

...við Hafnarstræti

Sumarið 1985 fór ég svo að vinna á Vestfirsku fréttablaðinu og nýr kaflí hófst. Þá var Vestfirsku fréttablaðið nánast einrátt á markaðnum en Bæjarins Besta var að hefja göngu sína af nokkrum vanefnum þótt



Páll Ásgeir með gítarinn í einu af fjölmörgum Leikklúbbspartíum, ásamt Gerði Eðvarðsdóttir



**Pú þarft ekki
heppni
til að vinna!**

Það er sannkallað lán að búa á Vestfjörðum. Þó er ekki sannað að Vestfirðingar séu heppnari en aðrir. Það skiptir heldur engu máli. Vinningslíkurnar í Happraætti Háskólans eru ótrúlega miklar, jafnvel seinheppnasta fólk getur unnið! Vinningshlutfall er 70% sem þýðir að 70% af tekjum fer beint til miðaeigenda aftur í formi vinnings.

Þú getur tryggt þér miða hjá næsta umboðsmanni, á www.hhi.is eða með því að hringja í 800 6611.

HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

75 ára
milljónir
á einn miða

Því ætti síðar eftir að vaxa fiskur um hrygg eins og sagan hefur leitt í ljós. Arni Sigurðsson var eigandi og ritstjóri Vestfirska og eftir á að hyggja finnst mér hann hafa verið býsna áráðinn að ráða starfsmann Flugfélagsins sem blaðamann. Mér til halds og trausts í fyrstu átti að vera Ólafur Guðmundsson, mikill afbragðsmaður gæddur miklum hæfileikum. Ólafur var vanur blaðamennsku og útgáfu og átti að leiðbeina mér en hann hvarf frá störfum vegna veikinda eftir fáein- ar vikur og átti ekki afturkvæmt því þau veikindi lögðu hann í gröfina langt fyrir aldur fram.

Að vera blaðamaður í frekar litlu samfélagi eins og Ísafirði setur mann í sérstök tengsl við fólkið og margir sýndu mér mikla þolinmæði meðan ég var að kenna sjálfum mér á starfið og ná tökum á því. Í prentsmiðjunni kynntist ég miklu úrvals- fólki eins og setjurunum Rögnu og Friðu, Búbba prentara, Eypóri Hauks, Herði Kristjánssyni og fleiri snillingum. Samstarf okkar Árna var mjög gott og ekki síður samstarf okkar Arnars Þórs, sonar Árna, þótt það væri á köflum stormasamt. Blaðamennskan opnar fyrir manni allar dyr því blaðamaður má spyrja hvern sem er að hverju sem er og ég kynntist mörgu sérlega skemmtilegu fólki bæði á Ísafirði og á nærliggjandi fjörðum þegar þetta var.

Lengi vel var skrifstofa Vestfirska fréttablaðsins í Hafnarstræti 20 og beint á móti var verslun Jónasar á númer hálfellefu eins og það var stundum kallað. Ég áttaði mig fljótlega á því að þarna stóðu oft gamlir kallar inni í litlum hnapp og ræddu málín eins og þeim lægi ekki beinlínis lífið á. Ég gerði mér því oft erindi yfir í búðina þegar ég sá að aðsóknin var góð og fræddist mikið um ísfirskt samfélag á því að hlusta þrúður á skrafið í köllunum.

Stundum missteig maður sig í starfinu eins og gengur. Einu sinni gerði ég grín að því í blaðinu að Guðbjörgin ÍS tók niðri á Pollinum þegar hún var að leggja að bryggju. Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri og sæulfur gekk við á skrifstofu blaðsins til að segja mér persónulega hvað honum þætti um soddan fréttaflutning. Ég held að ég hafi verið svolítið hræddur meðan hann stóð við.



Aðstandendur Litla leikklúbbsins veturinn 1988. Frá vinstri: Guðjón Ólafsson höfundur, Hörður Torfason leikstjóri, Halla Sigurðardóttir formaður, Jakob Falur sem lék sveitapiltinn í Sveitapiltsins draumi og Páll Ásgeir höfundur.

Annað skipti ætlaði ég að skrifa flottasta apríl-gabb í heimi og gerði frétt undir fyrirsögninni: Maður bítur hund. Með þessu fylgdi ítarleg frétt og var meira að segja tilgreint að atburðurinn hefði gerst í Tangagötu og lögreglan hefði handtekið manninn og sætti hann nú rannsókn. Þetta var auðvitað allt saman einhvers konar útúrtnúningur á því að það er ekki frétt þegar hundur bítur mann en stórfrétt þegar maður bítur hund.

Ég stóð úti í bókabúð daginn eftir að blaðið kom út og sá tvær konur sem stóðu fyrir framan rekkann og voru að tala um manninn sem beit hundinn.

„Ég heyrði að þetta væri annar strákurinn í Björnsbúð,” heyrði ég að önnur sagði við hina og þá vissi ég að brandarinn hafði ekki hitt í mark.

...í Litla leikklúbbum

Í kringum 1984 fór ég að sækjast eftir því að starfa með Litla leikklúbbum sem þá eins og nú starfaði með talsverðum blóma. Halla Sigurðardóttir, Magni, Anna Lóa og Þórdís Guðmundarbörn Sveinssonar og Sveinbjörn Björns- son. Einhvern veginn finnst mér

eins og þetta fólk hafi stjórnað LL þegar ég kynntist félaginu. Fyrsta verkefnið sem ég tók þátt í var *Þið munið hann Jörund* sem naut mikilla vinsælda. Við breyttum félagsheimilinu í Hnífsdal í írska krá og sýningar undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar urðu nærri 20 ef ég man rétt, sem þótti allmikið. Mikil tónlist er í sýningunni og meðal hljóðfæraleikara var Hjörleifur Valsson fiðluleikari sem þá var innan við fermingu. Hann stóð í gervi töttradrengs við inn- ganginn og spilaði með slitna húfu á gólfinu við fætur sér. Hjöllur var fljótur að átta sig á því að ef hann setti pening í húfuna þá héldu sýningargestir að þeir ættu að gera það líka og hann mun hafa hagnast allvel á þessu framferði.

Rúnar Guðbrandsson stýrði einnig næstu uppfærslu sem var *Engin mjólk og ekkert sykur* sem var heimasamin revía um lífið á eyrinni. Við Hanna Lára Gunnarsdóttir og Pétur Bjarnason þáverandi fræðslu- stjóri fengum það verkefni að semja verkið. Verkinu var feikna vel tekið og sýningar urðu fleiri en LL hafði sýnt í mörg ár. Stór hópur af ungu og kátu fólki kom að upp- setningunni og ég man eftir Óðni Valssyni, Vernharði Guðnasyni.



Hópurinn sem stóð að uppsetningunni á Sveitapiltsins draumi veturinn 1988.

Dagmar Gunnarsdóttur, Sunnevu Gissurardóttur, Rúnari Jónatanssyni, Jakobi Fal, Baldri Trausta Hreinssyni og mörgum fleirum. Í kringum þessa uppsetningu komst ég að því að margt sem sagt var um Litla leikklúbbinn og hispurslaust skemmtanalíf í tengslum við hann var dagsatt og LL partíin voru bæði mörg og stóðu lengi enda nógur tími til að sofa þegar maður yrði gamalmenni.

Litli leikklúbburinn átti á þessum árum Selið sem svo var kallað úti í Hnífsdal og þar var einatt unnið fram eftir öllum kvöldum nokkrar vikur í senn þegar sýningar voru í undirbúningi. Ég man einnig eftir *Kettinum sem fer sínar eigin leiðir*. Tobacco Road í leikstjórn Sigríðar heitinnar Hagalín þar sem Guðni Ásmundsson fór á kostum í hlutverki Jeeters. *Hinn eini sann Seppi* var Íslandsfrumsýning á verki Tom Stoppard í þýðingu Guðjóns Ólafssonar enskukennara

við MÍ sem var dyggur þátttakandi í LL á þessum árum. LL fór með sýninguna á Seppa í leikferð til Reykjavíkur svo ekki skorti sjálfs-traustið fyrir hönd Ísafjarðar. Mig minnir að umsagnir gagnrýnenda hafi verið á þá leið að við lékjum vel með köflum.

Síðasta sýningin sem ég tók þátt í á vegum LL var þegar félagið setti upp sýninguna *Sveitapiltsins draumur* sem undirritaður skrifaði með Guðjóni Ólafssyni veturinn 1988 og Hörður Torfason mótmælandi og trúbadúr leikstýrði. Sú sýning fékk fremur dræmar undirtektir því margir héldu að leikritið væri sögulegs eðlis og fjallaði um brottflutning frá Hornströndum sem var alls ekki raunin heldur var fjallað um vonir, þrár og brostna drauma.

Ég flutti frá Ísafirði haustið 1988 og fetaði í fótspor margra annarra og freistaði gæfunnar á mölinni eins og sagt er og hef verið búsettur í Reykjavík síðustu 20 árin eða

svo. Það hefur líklega sannast á mér sem sagt er að það er hægt að taka manninn úr sveitinni en það er ekki hægt að taka sveitina úr manninum.

Ég hef reglulega komið til Ísafjarðar síðustu árin ekki síst í tengslum við rannsóknarleiðangra norður á Hornstrandir vegna bókarskrifa. Mér finnst alltaf eins og ég sé að koma heim að einhverju leyti. Einhvern veginn finnst mér alltaf eins og það sé sumar þegar ég kem til Ísafjarðar. Ég kem við í Gamlabakaríinu og kaupi mér volgt bakkelsi og kókómjólkurfernu. Svo gengur maður með fenginn niður á bryggju og sest fyrir framan skrifstofu Vesturferða þar sem afgreiðsla Djúpbátsins var í gamla daga og horfir á spegilsléttan Pollinn undir lóðréttum Gleiðarhjallanum. Þá hverf ég í huganum aftur í tímann og bíð eftir því að stíga um borð í Faggann og sigla inn í Djúp á heimleið.

Páll Ásgeir Ásgeirsson



ENGINN FER EINN Í GEGNUM LÍFIÐ

HFN markaðssamskipti / SÍA

- ástvinir lifa í skugga áfalls og góðir vinir styrkja vin til bata

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu

- veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

40 milljónir
í hverjum
mánuði 2009

HAPPDRAETTI



...fyrir lífið sjálft



35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.

Sólarkaffi 2008

Góða nótt minn litli ljúfur...!

Sólarkaffið 2008 var haldið föstudaginn 25. janúar á Broadway, líkt og fjöldamörg ár þar á undan. Dagskráin var með nokkuð hefðbundnu sniði. Hljómsveitin Appollo með Halldór Smárasón í broddi fylkingar kom að heiman og lék í upphafi kvölds dinnertónlist og eins í frábæru skemmtiatriði í tengslum við leitina að besta ísfirska dægurlaginu. Þá söng Bergþór Pálsson, óperusöngvari, nokkur lög við undirleik Halldórs og endaði með glæsilegum fjöldasöng á *Í faðmi fjalla blárra* með sérlegri aðstoð kórs frá árgangi '61, þ.e. pukarnir.com

Formaður félagsins heiðraði Guðfinn R. Kjartansson fyrir áratuga þjónustu, ósérhlífni og velvild í garð félagsins. Guðfinni voru gefnir forlata ermahnappar, smíðaðir sérstaklega fyrir hann af Dýrfinnu Torfadóttur, með stílfærðu skjaldarmerki Ísafjarðar á hvorum hnappi. Í fjarveru Guðfinns tóku þær mæðgur, Erla Axelsdóttir, eiginkona Guðfinns og Sonja, dóttir hans, við viðurkenningunni Guðfinni til handa undir dúndrandi lófaklappi veislugesta.

Hápunktar kvöldsins voru svo sannarlega tveir, þ.e. ræða kvöldsins og flutningur Appollo sveitarinnar á besta ísfirska dægurlaginu. Ræðumaður kvöldsins var Einar Hreinsson, sjávarútvegsfræðingur og vísindamaður við Háskóla Vestfjarða, stóri bróðir Baldurs Trausta, leikara og stjórnarmanns í Ísfirðingafélaginu, efríbæjarpúki, n.t.t. Engjavegspúki og sonur Hreins og Kiddýar, en hann fór á þvilkum kostum sem ræðumaður að lengi verður í minnum haft. Ræða Einars fylgir hér á eftir í heild sinni, ásamt myndum af sólarkaffinu.

Annar hápunktur kvöldsins var lítill leikur sem settur hafði verið saman í samvinnu við bb.is en þar var leitað að besta ísfirska dægurlaginu vikunnar á undan sólarkaffi og niðurstaðan kynnt um kvöldið. Fimm lög höfðu verið valin í forvali af valinkunnum hópi ísfirskra dægurlagasérfræðinga, þ.e. BG og Ingibjörg - Þín innsta þrá, Grafík - Mér finnst rigningin góð, Mugison - Murr murr, Reykjavík! - All Those Beautiful Boys, og loks Ýr - Kanínan. Niðurstaðan var mjög afgerandi og var Þín



Bergþór Pálsson lagði Púkunum.com, þ.e. árgangi '61, lið við forsöng *Í faðmi fjalla blárra*.



Millarnir, með Ísfirðinginn Bjarna Ara í broddi fylkingar, í miklu stuði.



Veislustjórinn og formaðurinn. Margrét K. Sverrisdóttir og Jakob Falur Gardarsson.



Geir Baldursson og Hjördís Þórðardóttir.

innsta þrá með BG og Ingibjörgu óumdeilanlega valið besta ísfirska dægurlagið. Elín Smáradóttir flutti lagið síðan með undirleik Appollo drengja með glæsibrag – og allir stóðu upp og sungu með. Ogleymanlegt.

Veislustjóri var Margrét Sverrisdóttir og hljómsveitin Millarnir lék síðan fyrir dansi fram á nótt. En myndirnar að vanda segja meira en mörg orð, og fylgja hér með lesendum Vestanpóstsins til yndis og ánægju.

Ávarp Einars Hreinssonar á sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík, föstudaginn 25. janúar 2008

Ég málaði vatnssíuhúsið!

Góðir Ísfirðingar, brottfluttir og búandi. Ég óska ykkur gleðilegrar sólarkomu.

Það er mér mikill heiður að fá að ávarpa ykkur hér í kvöld. Mér var sagt að ég mætti segja það sem mér sýndist, en jafnframt tekið skýrt fram það væri betra ef ég gæti sagt eitthvað skemmtilegt. Ég ætla nú ekkert að ábyrgjast það.

Ég byrjaði að taka saman þetta ávarp seinnipartinn á mánudaginn var. Varð eftir í vinnunni og skrifaði eitt og annað.

Það á aldrei að byrja á neinu á mánudegi.

Á þessum rúmlega tveimur tímum frá fimm til sjö, höfðu allar kauphallarvístölur veraldar fallið, og netið var fullt af rauðum pílum sem stefndu beint ofan í ginið á andskotanu, eins og Jens í Kaldalóni hefði orðað það. Borgarstjórnin í Reykjavík var fallin og Gaujarinn óbeint kominn þar til valda. Skammt suður af landinu hafði myndast ein dýpsta lægð sögunnar, og vísirinn á barómetrinu í stofunni var með sömu stefnu og vísitölurnar. Geiri heitinn Gauj hefði sagt að barómetrið væri kl. 6. Ég ákvað að fresta frekari vinnslu málsins, því alls væri óvíst um það hvernig veröldin sneri þegar líða tæki á vikuna.

Ein meginástæðan fyrir því að ég féllst samtundis á að tala hér í kvöld er sú að mér finnst ég eiga eitthvað vantalað við ykkur burtflutta. Þegar fólkíð mans deyr, fylgir því mikill söknuður og eftirsjá. Sama gildir um þá sem flytja úr bænum okkar. Við sem eftir sitjum sjáum eftir þeim og maður veit að maður mun væntanlega ekki oft hitta viðkomandi aftur, og umtalsverðar líkur á að svo verði aldrei. Þið fyrirgefðið, en þið eruð með öðrum orðum, sama sem dauð í þeim skilningi. Ég verð að játa það, að þegar ég gekk hér í salinn þá sá ég marga sem ég satt að segja taldi vera komna alla leið í mark. En mikið er nú ánægjulegt að sjá ykkur hérna megin.



Þuríður Símonardóttir, Nanna Jónsdóttir (Jóns frá Hvanná) og Auður Halldórsdóttir.



Gylfi Sigurðsson, Arndís Baldursdóttir og Sóley Veturliðadóttir.



Maggý Matthíasdóttir og Helga Harðardóttir



Magndís og Steinunn Grímsdætur Samúelssonar mættu að vanda.



Fæðginin Elísabet og Þorgeir Hjörleifsson.



Þórir og Gunna Dóra ásamt dætrum og tengdasyni, Hreiðari Sigtryggssyni



Ó hve glöð er vor æska... Ungu snillingarnir og listamennirnir í Appolo skemmtu gestum konunglega.



Hjónin Ólöf B. Veturliðadóttir og Guðmundur Einarsson, vélstjóri og útgefandi, ásamt Bjarna Garðarssyni og Fylki Ágústssyni, sem nú er látinn.



Vignir í olúnni og Lára, ásamt Örnú dóttur sinni.



Systkinin Þóra Jóna og Valur Benedikt Jónatansbörn, Arnórssonar, ásamt móður sinni, Þóru Benediktsdóttur.



Ingigerður, Tómas og Binni Óskars.

Ég átti að skila kærri kveðju til ykkar allra frá öllum fyrir vestan. Fólkinu í Hafnarstrætinu, fólkinu sem var að taka bensín, fólkinu í Hamraborg, frá fólkinu sem hefur verið á einni samfelldri söngæfingu síðan í nóvember, fyrir aðventu-sönginn, jólamessurnar, álfadansinn, tónleika með Sinfóníunni, og Sunnukórballið sem verður á morgun. Köllunum á bryggjunni sem báðu að heilsa þessum andskotum fyrir sunnan. Frá fólkinu á Fróðskaparsetrinu niðri í Ísfirðing (sem gárungarnir kalla letigarðinn). Frá ónefndri konu sem spurði mig á förnum vegi hvort ég ætti að tala á Sólarkaffinu. Ég sagði svo vera og spurði hvort hún vildi skila einhverju suður. Neeeee, sagði hún, bara ómældri birtu héðan. Sem sagt ég skila hér með ómældri birtu að vestan.

Ísafjörður er einstakur

Þegar ég fæddist árið 1954 voru sveitastír í Ísafjarðarkaupstað 2711 manns. Núna eru þar skráðir 2693 eða 18 íbúum færri, eru þá ótaldir álfar og huldufólk í bæði skiptin, en Ásthildur Cesil Þórðardóttir var ekki með áreiðanlegar tölur þar um. Fjöldi Íslendinga hefur tvöfaldaðast síðan 1954 og ættum við því að vera um 5.400 dýr núna, ef fjölgunin hefur fylgt landsmeðaltali. Ég verð að trúa ykkur fyrir því að ég byði ekki í það að fá ykkur öll vestur aftur. Þá gæti nú Bjarndís ekki lagt bílnum sínum þar sem henni sýnist og sagt löggunni að hún eigi bæinn.

Okkur finnst bærinn okkar Ísafjörður vera einstakur. Í fyrsta lagi er bæjarstæðið landfræðilega mjög einstakt, í öðru lagi stendur hann á gömlum merg á hérlandan mælikvarða, í þriðja lagi er enginn íslenskur kaupstaður til af þessari stærð, í fjórða lagi er hann allt í senn, verstöð, verslunarstaður og heimsborg og yfirfullur af menningu í víðasta skilningi þess orðs, og í fimmta lagi er hann alltaf jafn stór eða lítill eftir því hvernig á það er lítið.

Nú veit ég að margir telja að bærinn okkar eigi mjög í vök að verjast og jafnvel að hann sé að hrúni kominn. Slík hefur umræðan um ástandið á Vestfjörðum verið



Alltaf gaman að stilla sér upp fyrir ljósmyndaranum í andyrinu. Sigrún Stella Inguarsdóttir ásamt börnum og tengdabörnum.



Ísfirðingar glaðir á góðri stundu.

mörg undanfarin misseri. Þetta er að mínu mati alrangt. Við erum ekki að gefast upp. Við viljum ekki gefast upp vegna þess, að það er of gott að búa fyrir vestan til þess að láta taka af okkur baráttulaust alla þá kosti sem við njótum meðvitað og ómeðvitað upp á hvurn dag. Við erum í raun forréttindahópur, og ríkustu menn veraldar geta ekki keypt sér verðmæti sem við höfum þar til daglegra nota fyrir ekki neitt.

Þegar meintur vandi dreifbýlisins er til umfjöllunar verður mér oft hugsað til þess þegar Ólafur Eyjólfsson, (Óli málari eða Óli á Bárinni eins og ég er vanastur að nefna hann) var á meiraprófsnámskeiði ásamt fleiri góðum Ísfirðingum, einhverntímann á 7. eða 8. áratugnum. Sagan segir að kennarinn hafi verið að reyna nemendur með flóknum bilanasurningum, og nemendur kepptust við að bæta um betur. Óli málari vann. Hann spurði þessarar spurningar:

Hvað er að, þegar ekkert er að, en samt er ekki allt í lagi? Við þessu átti engin svar. Jú sagði Óli, það er stíflað litla loftgatið í lokinu á bensíntanknum og vélin fær ekki eldsneyti.

Ég hika ekki við að yfirfæra þetta ágæt vélfræðidæmi hans Óla málara, yfir á meint vandræðaástand á Vestfjörðum. Það er ekkert að, en það er samt ekki allt í lagi af því að það vantar örlítið loft inn á tankinn. Okkur vantar ekki heila olíuhreinsunarstöð, heldur aðeins örlítið súrefni inn á hina þroska-hömluðu stjórn málaumræðu sem allt of lengi hefur ráðið hér ríkjum, er vonandi tímabundin, þó svo að ekki sjái fyrir endann á þeim ösköpum í bráðina.

Þúkarnir fyrir vestan verða þó mjög líklega langt á undan pólitíkinni að taka kúrsinn. Það hefur ekki farið hátt í samfélaginu, en við Ísafjarðardjúp er að byggjast upp þekking og reynsla í þorskeldi á



Sigga Rósa, Þórlaug, Ingvar, Beggi og Pakas, Dagný Annasar, Guðrún Guðmunds. og Silla Hauks.



Uppstillt eins og ríkisstjórnin – bara aðeins flottari!



Og hér eru það strákar á móti stelpum

heimsmælikvarða. Stjórnámamenn eru skelfingu lostnir þegar þorskelldi ber á góma. Flest stórfyrirtæki í sjáv-

arútvegi sýna málinu engan áhuga. En einyrkjar eins og Ketill Elíasson í Bolungavík, Davíð Kjartansson

(sonur Kjarra Sigmunds) og bróðir hans Hallgrímur (Lalli læknir), Gísli Kristjánsson frá Ármúla (Gísli á Öldunni) og síðast en ekki síst Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., sem er í raun leifarnar af stórfyrirtækjum Ísfirðinga frá síðasta blómaskeiði, hafa tekið þá ákvörðun, að fyrst ekki má veiða meira af fiski en raun ber vitni þá er bara að búa hann til. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem við Vestfirðingar verðum að byrja upp á nýtt og feta ótroðnar slóðir. Samt erum við ekki að gera neitt annað en að nýta sjóinn og landið eins og forfeður okkar hafa gert um aldir, og við erum mannaðir til þess Ísfirðingar, þó svo að við séum ekki nema 2693 sem stendur.

Af gárungunum eigum við víst nóg...

Ég veit að ykkur ágætu félagar í Ísfirðingafélaginu, þykir vænt um bæinn okkar og þið eruð í þessum félagsskap til að halda tengslum hvert við annað og fortíðina sem er full af góðum minningum. Ég sá um daginn frétt um mælingar á hamingju manna. Megin niðurstaðan var sú að hamingjan felst ekki í auði né völdum, heldur að miklu leyti í tengslum. Þetta snýst allt um tengsl við sjálfan sig og sína, við nærsamfélagið og við gengnar kynslóðir. Til dæmis við fólkið sem hann Gummi Golli talaði um hér í fyrra og lét ykkur heiðra með því að standa upp. Ég gæti staðið hér í alla nótt til minningar og til heiðurs þeim Ísfirðingum, lífs og liðnum, sem ég hef verið samferða um ævina og hafa lifað og barist fyrir framtíð okkar og velferð. En ég er viss um að það fólk vildi heldur að við skemmtum okkur frekar í tilefni sólar dagsins.

Af gárungum eigum við Ísfirðingar nóg. Þeir spretta eins og arfi um allar trissur sem betur fer.

Páll Loftsson heitir maður norðan úr Þingeyjarsýslum. Hann flutti til Ísafjarðar fyrir áratugum en er ennþá ekki talinn almennilegur Ísfirðingur frekar en Geiri Mess sem hefur þó verið miklu lengur í bænum. Þó er Páll eins mikill Ísfirðingur og hægt er að vera, er í Litla leikklúbbnum, lúðrasveit-

inni, kirkjukórnum, karlakórnum, og fullt af öðrum kórum á svæðinu, auk margvíslegrar annarar þátttöku í bæjarlífinu. Palli vann lengi í skipasmíðastöðinni. Hann átti lengi hund sem hét Lappi og fóru þeir ávallt saman um bæinn, Palli á hjólinu og Lappi trítlaði með, bundinn með ól við stýrið. Lappi vissi alltaf hvert Palli var að fara, og Palli vissi alltaf hvert Lappi var að fara. Ferðir þeirra feðga voru dæmi um hina fullkomnu samhæfingu. Þeir settu svip á bæinn. Síðan söðlaði Páll um og fór að afgreiða timbur hjá Húsasmíðjunni. Sagðist vera hættur í járninu og farinn að bjóða við. Svo kemur að því að Lappi kveður þennan heim, eins og gengur og gerist með gamla hunda. Stuttu síðar fer Reynir Péturs, sem enn er að vinna í skipasmíðastöðinni, einhverra erinda upp í bæ. Þegar hann kemur til baka er hann spurður hvað sé títt úr bænum. „Og svo sem ekki neitt,“ segir Reynir, „nema ég hitti Palla viðbjóð lappalausán upp í bæ.“

Fyrir nokkrum árum fluttu til bæjarins þau hjónin dr. Þorleifur Ágústsson og Hrafnhildur Hafberg. Hann til starfa hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins en hún til kennslu- og leiklistarstarfa ásamt fleirum. Þau hjón keyptu húsið af Matthíasi Ragnarssyni í Tangagötu. Um það leiti sem þau eru að ganga frá þessum kaupum, er mikil umræði í gangi í samfélaginu og ástandið á Ísafirði, sem þau hjónin létu sér þó í léttu rúmi liggja. Þegar Matti Ragnars er búinn að leiða þau í alla sannleikann um húsið og praktísk smáatriði þess kveður hann þau á tröppunum með þessum orðum: „Gangi ykkur nú allt í haginn elskurnar mínar, en ætla ég bara að biðja ykkur um að muna eftir að slökkva ljósin á flugvellinum ef þið skilduð verða síðust.“

Vonandi kemur nú ekki til þess að dr. Þorleifur þurfi að slökkva ljósin á vellinum. Hitt er það að hann var skikkaður til að slökkva önnur ljós um daginn. Þannig háttar til að Þorleifur og hans fólk er með miklar rannsóknir í gangi í eldiskvíum inn á Álftafirði. Þær ganga út á það að hafa stjórn á kynþroska fíksins með því að lýsa upp kvíarnar þannig að fisk-



Sólskinsbros á Sólarkaffi...



...á andlitum góðra gesta – enda félagsskapurinn góður! Margrét, Ragnhildur, Ásthildur og Bryndís, Sverrisdætur Hermannssonar.

urinn fer ekki gegnum skammdegið. Veldur þessi birta því að hann verður ekki kynþroska. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var einkavædd og heitir nú Matvælastofnun Íslands. Nú, það fylgir einkavæðingu að menn þurfa að láta meira á sér bera og vekja athygli á sinni starfsemi. Dr. Þorleifur leysti auglýsingaþörf útibúsins með því að setja þessi hömluljós út í gluggann á skrifstofu sinni, sem er á horninu á Ísafirðingshúsinu og snýr uppeftir og úteftir. Þetta var snemma í haust. Skærgræn birtan ljómaði um fjörðinn fram undir hátíðir, en þá varð dr. Þorleifur að gera svo vel að slökkva. Það var allt orðið meira og minna náttúrulaust frá Mánagötu og inn að Hafrafelli. Það voru bara þeir hörðustu sem stóðu upp úr.

Hlutfjársofnun fyrir olíuhreinsunarstöð

Og eldri borgarar Ísafjarðar eru ekki heldur af baki dottnir. Þegar umræðan um olíuhreinsunarstöðina stóð sem hæst í sumar sem leið, verður Jana frænka (Kristjana Samúelsdóttir) sem býr á Hlíf, vör við skarkala mikinn frammi á gangi. Jana frænka er farin að tapa mikið sjón en að öðru leiti hin hressasta. Hún gengur á hljóðið þar sem hópur eldri borgara bæjarins er saman kominn í hnapp og Þórður Júlíusson er að halda áróðursræðu mikla um ágæti olíuhreinsunarstöðvarinnar, og hvetur fólk óspart til að leggja fram hlutafé og drífa málið af. Jana frænka gengur til hans, tekur budduna sína



Með tvær í takinu...!



pukarnir.com í miklu stuði. Cosa Nostra hvað?

upp úr svuntuvasanum, réttir Þórði og segir: „Hérna Þórður minn, þú tekur bara eins og þú þarft.“ Það sló þögn á hópinn, en Þórður alltaf jafn fljótur að hugsa, finnur fimmkall í buddunni, hendir á lofti og segir: „Mjór er mikils vísir, hér er komið fyrsta framlag“. Ekki fer frekari sögum af þessu framtaki þeirra Hlífarbúa, en Siggi Sveins vill ólmur prýkkja olíuhreinsunarstöðinni ofan í Góustaðatúnið, og það strax.

Ég sagði áðan að okkur finndist að bærinn okkar væri engum líkur. Hann minnir mig þó alltaf á annan þekktan bæ þar sem íbúatalan er líka konstant. Þetta er Kardimommubærinn. Við höfum Saggen í Turninum sem veit sínu viti og fylgist með eins og Tobías, við höfum Villa Valla rakara sem klippir og rakar menn og leikur á hvað sem er. Við höfum urmúl af litlum Kamillum sem eru sífellt að æfa sig á píanó. Við höfum slökkviliðsstjór-

ann, bakarann, og Jönu frænku. Mér finnst þó Geirþrúður, Beta Agnars og Rut koma miklu frekar til greina sem Soffía frænka. Konur sem eru þekktar fyrir að taka af skarið þegar mikið liggur við. Bastían bæjarfógeta höfum við lengi haft þó svo að nú sé búið að breyta honum í konu eins og svo mörgu öðru.

Við berum fulla virðingu fyrir embættismönnunum, en höfum þó þetta ómetanlega svigrúm vegna smæðar og mannlegrar nándar að umgangast þá með frjálslegri hætti en víðast gerist. Einu sinni átti ég erindi upp í Stjórnsýsluhús þegar Ólafur Helgi Kjartansson var Bastían bæjarfógeti í Kardimommubænum. Þegar ég kom upp á skörina á þriðju hæðinni mæti ég Ólafi og er hann í fullum herklæðum lögreglunnar og með kylfu í hönd. Ég hafði alrei séð bæjarfógetann svona til fara og segi si svona við Ólaf Helga: „Hvurn

andskotann ert þú Ólafur Helgi að gera í löggubúningi?“, Hann snarstoppar, hvessir á mig augun, setur í brýnnar og segir: „Einar Hreinsson, ég er lögreglan“ svo glotti hann. Ég setti hendina upp að enninu og gerði „honnör“, og við skildum með það eftirmálalaust, en Ólafi tókst á sekúndubroti að minna mig á það að sýslumaður er jafnframt lögreglustjóri. Ræningjarnir eru líka ösköp saklausir á Ísafirði eins og í Kardimommubænum.

Auk þessa höfum við fjöldann allan af frumeintökum sem setja svip á bæinn og mannlífið og eru ómissandi í samfélaginu. Lengi hefur verið sagt að „orginalar“ hverfi og að allir séu nú steiptir í sama mótið. Þetta er ekki alls kostar rétt. Allt endurnýjar sig og hver tími hefur sitt fólk og sinn svip.

Bekkirnir í Kardimommubænum

Í fyrra sumar var ég á leið niður í bæ, og hitti þá fyrir á bekknum við kirkjuna, Jóhannes Jónsson, Jóhann R. Símonarson, Magnús Arnórsson, Garðar Einarsson og Sigurð Sigurðsson. Á ísfirsku heita þessir ágætu menn: Jói Jóns, Jói Sími, Maggúdd, Gæi í Bókhöðunni og Siggi Súdda. Frá því að ég man eftir mér hafa setið karlar á bekkjunum í bænum. Nú var komin þar ný kynslóð. Ég gerði mér skyndilega grein fyrir því að það væri ekki langt í það að mín eigin kynslóð færi að stunda bekkina. Ég stoppaði auðvitað hjá þeim, fékk fréttir, sagði fréttir og við fórum saman yfir heimsmálin, landsmálin, bæjarmálin, íþróttirnar og aflabroðin.

Það rifjaðist upp fyrir mér sagan um það þegar þeir sátu á bekknum við Austurvöllinn, Gísli Hólmbergsson og fleiri menn af hans kynslóð. Verið var að jarða fyrrum starfsfélaga Gísla og voru bekkverjar að kryfja Gísla um það hvers vegna hann væri ekki í jarðarförinni, þar sem þeir hefðu unnið saman lengi. Gísli sagðist ekkert ætla í jarðarförina án þess að skýra það frekar. Þjörmuðu þeir að honum nokkra hrið þangað til Gísli missti polinmæðina og sagði: Ég fer ekki neitt í jarðarförina hans, ekki kemur hann í mína!

Við fjölskyldan vorum einu sinni heilt ár í burtu. Daginn sem við komum heim aftur var það eitt af mínum fyrstu verkum að labba í bæinn. Þegar ég kem í Sólgötuna heyri ég kallað kunnuglega af bekk sem var undir Nýjubúðinni þar sem Gústi Péturs verslaði einu sinni: „Þið komið allir aftur, aftur, ég veit það,“ Magnús Arnórsson, hann Maggúdd okkar, sat á bekknum eins og hann hefði átt von á mér lengi. „Ég vissi að þú kæmir aftur,“ sagði Maggúdd, „það koma allir aftur. Tengdasonur hans Gvendar Helga fór til Afríku, og hann er kominn aftur, Jói hérna öryggi fór líka til Afríku og hann er kominn aftur. Það koma allir aftur!“, Ég heilsaði Magga með handabandi, settist og spurði fréttu. Þetta var í júnímánuði 1998 og atvinnulífið ein rjúkandi rúst. Magnús Arnórsson gaf stutt yfirlit yfir helstu atburði og stöðuna almennt. Svo þögðum við saman nokkra stund. Sólin skein í heiði og við horfðum á fjöllin speglast í Pollinum. „Það er aldeilis blíðan,“ segi ég. „Jáhá,“ segir Maggi, „það er hvergi betra veður en hér,“ Svo horfir hann á mig rannsakandi og segir af mikilli sannfæringu: „Ég er miklu brúnni en þú og ég hef bara verið á svölum í Félagsbakaríinu síðan í endaðann maí,“ Ég varð að játa mig sigraðan. Maggúdd var kaffibrúnn í framan og sældin upp-máluð. Ég hafði dvalist í Mexíkó í 12 mánuði og barist við sól og hita upp á 30-40 gráður og var brúnn, ekki vantaði það. En sólin á Ísafirði var betri, meira að segja á svölunum í Félags. Ég kvaddi Magnús Arnórsson og gekk ofan í bæ. Kom við í Gamla og keypti tvær kókoslengjur og hélt áfram niður á Sundhöfn. Við mjólk-urstöðina var ég með síðasta bitann af kókoslengjunum þegar Maggúdd hjólar fram úr mér og kallar: „Ég veit það, þú þarft að fara niðrá bryggju og búinn að kaupa þér kókoslengju, ég vissi það,“ Ég var stimplaður inn í Kardimommubæinn.

Góðir sólargestir.

Ég hef verið með þjóðum þar sem talað er illa um sólina. Á rækjubátunum í Mexíkó sögðu karlarnir við sólarpupprás: „Kemur nú ekki þessi andskoti upp eina ferðina enn,“ Ég er ekki veikur fyrir guðlasti né



Silfurgötupúkarnir Jón Björn og Hreyi Sigtryggssynir og co – og allir brosandi út að eyrum.



Góðar vinkonur, Halldóra Elíasdóttir og Kolla Sigga (Kolbrún Aradóttir)

grófu orðbragði, en þetta er eitt það ljótasta sem ég hef heyrt sagt um ævina. En allt er afstætt og hver tekur mið af sínu umhverfi og aðstæðum. Að vera Ísfirðingur er meðal annars það að lifa sólardaginn, að sjá þetta langþráða ljós vinna sig niður hlíðina þar til það nær í Sólgötuna. Mér er kunnugt um að einhver umræða hafi orðið um það hver væri Ísfirðingur og hver ekki, og í gamni og alvöru setti Ólafur Sigurðsson (Óli Sigga á Orranum) fram formúlu í BB þar sem hægt var að reiknað það út. Að vera Ísfirðingur er mikið til hugarástand. Ég vil því leyfa mér að leggja til afskaplega einfalda reglu til að fara eftir og hún er þessi: Allir þeir sem vilja vera Ísfirðingar eru Ísfirðingar. Þannig verðum við flest.

Ég hef það fyrir satt að það slökkni á sólinni eftir um það bil

5 milljarða ára. Þó að þetta sé nú all þokkalegur frestur þá tel ég nú vissara að fara að hætta þessu hjali svo við getum nýtt betur tímann til að skemmta okkur hér í kvöld.

Verum minnug þess að það er ekkert framundan nema framtíðin með öllum sínum tækifærum. Höldum áfram að láta okkur þykja vænt um bæinn okkar, því fylgir hamingja. Ég ætla svo í lokin að nota tækifærið og upplýsa það opinberlega að það var einungis af hamingju yfir því að geta ennþá átt heima í hlíðinni minni, sem ég málaði Vatnssíuhúsið síðastliðið sumar.

Takk fyrir.

P.S.: Til gamans má geta þess að Baldur Trausti, bróðir Einars, leikur Bastían bæjarfógeta í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir.



MS Ísafirði

Óskum Vestfirðingum
og öðrum landsmönnum gleðilegra páska
og gestum Ísfirðinga á Skíðaviku 2009
góðrar skemmtunar.

Sólkveðjukaffi 2008

Í gullfallegu haustveðri, eitt sunnudagssíðdegi í lok september mánaðar s.l., fóru ánægjulega margir félagsmenn í Ísfirðingafélaginu í sunnudagsbíltúr í Hveradali, hvar sólkveðjukaffi félagsins árið 2008 var haldið í Skíðaskálanum. Sannarlega var gaman hve margir létu sjá sig og var augljóst að gestir voru almennt ánægðir með skemmtilegt síðdegi. Tveir ungir og efnilegir listamenn léku af fingrum fram, þau Arnþrúður Gísladóttir, þverflautuleikari (Arnþrúður er Ísfirðingur, dóttir Gísla Eiríksson hjá Vegagerðinni og Aðalbjargar Sigurðardóttur, kennara) og Bjarni Frímann Bjarnason, píanóleikari (þó aðallega víóluleikari, þó víól-an hafi ekki fengið notið sín í Skíðaskálanum að þessu sinni).

Þá flutti Sigurður J. Jóhannsson, Siggí Jó, skemmtilega ræðu og brýningu til stjórnarmanna Ísfirðingafélagsins. Ræða Sigurðar fylgir hér á eftir, efnislega samhljóða eins og hann flutti hana í Skíðaskálanum í Hveradölum sunnudaginn 28. september 2008. Ljósmyndirnar tók Vigdís Jakobsdóttir.

X VIÐ ÍSAFJÖRD

Virðulegi formaður!

Tilviljanir skjóta alltaf annað slagið upp kollinum. Ein er sú að hér stand ég flestum á óvart og þið, ágætu sveitungar og aðrir sem hingað hafið lagt leið ykkar á þessum 19. sunnudegi eftir trínitatis, eigið ykkur ekki undankomu auðið. Þið sitjið uppi með mig. Og þá spyr ég: hverra kosta á ég vól að hafa komið mér í þessa stöðu?

Að undanskilinni Ísfirðingamessunni er sólin möndull tveggja mannfagnaða, sem Ísfirðingafélagið efnir árlega til. Á Sólarkaffinu fögnum við þegar sólin nær að lyfta sér upp yfir fjallgarðinn og senda vermandi geisla sína inn í Sólgtöna eftir margra vikna fjarveru; á Sólkveðjuhátíðinni kveðjum við sólina með trega, vitandi að við fáum ekki notið hennar um sinn. Allt snýst þetta því um það hvort sólin



Húnbogi Þorsteinsson ásamt Erlu Ingadóttur og vinkonu.



Hulda Jóns og Garðar Hinriks.



Ástfangnar turtildúfur og listamenn sem skemmtu kaffigestum með ljúfum tónum, Arnþrúður Gísladóttir og Bjarni Frímann Bjarnason.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2009

Fiskverkun Jóhanns

Túngötu 6b • Suðureyri • Símar: 456 6159 - 854 5033



Eiríkur og Einar Valur hf.

Byggingaverktakar

Breiðvangi 4 • 220 Hafnarfirði • GSM 893 1689/847 0002

KNH ehf.

Grænarðri • 400 Ísafirði • Sími: 456 3095 og 456 3751



Verkalyðsfélag Vestfirðinga

Kl. 650102-3470 – Pólgötu 2, 400 Ísafirði
Sími 456 3190 – Bréfsími 456 3113



Vélvirkinn sf. smiðja

Hafnargötu 8 • Bolungarvík • Sími: 456 7348

Verslun: Aðalstræti 13-15 • Sími: 456 7570



Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður

Sími 456 3226



FRYSTIKERFI ehf

Suðurgötu 9 • Ísafirði • Sími 456-5711



VÖKVAKERFI hf

verslun & verkstæði
DUGGUVÖGI 23 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 4600 • FAX 588 4601 • NETFANG vokva@simnet.is



Vestfirská forlagið

Póttunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snepa.is • vefang: hvalseyri.is

VÍKUR-ÓS

BÍLAMÁLUN – RÉTTINGAR

Sími: 587 7760 • Bæjarflöt 6 • 112 Reykjavík



Bæjarstjórn Bolungarvíkur

Sendir grönnum sínum bestu kveðjur

Bæjarstjórnin



Kaupþingbanki

Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík

Sími: 455 5250



APÓTEK VESTFJARÐA



Súðavíkurhreppur



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 450 3211

Kjölur ehf.

Urðarvegi 37 • Ísafirði • Sími: 456 3678

AV-pípulagnir ehf.

Seljalandsvegi 10, 400 Ísafirði. Sími 456 4027

Alfreð s. 892-4844, E. Valgeir s. 893-6981, Þráinn s. 897 4365, Páll s. 897 6795

Græðir sf. Varmadal vinnuvélar

425 Flateyri, sími 456 7652 og 456 7650, fax 456 7651



Byggðastofnun

Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur

SJÓFERÐIR



Hjallavegi 7 • Ísafirði • Sími: 456 3879
Fax: 456 4879 • Farsímar: 892 1879

Hafsteins og
Kiddýjar

nær, eða nær ekki, að hella geislum sínum yfir eyrina við Skutulsfjörð, þar sem leikir og störf æskuáranna yfirylltu minningabanka hvers og eins okkar innistæðu sem gengisvísitala hvirfilhæðar seðlabankastjóra nær í engu að hrófla. Þessar ógleymanlegu æskuminningar leggja grunninn að árlegum hátíðum brottfluttra Ísfirðinga í bland við sögur af sérstæðum karakterum sem á árum áður voru nánast á hverju götuhorni, en fyrirfinnast nú vart frekar en fjöldi tegunda í sköpunarverkinu, sem sagðar eru útrýmingarhættu. Öðru vísi mér áður brá.

Haustmánuður að fornu tali gekk í garð á fimmtudaginn. Og þótt almanakið segi örfáar vikur enn lifa af sumri hefur haustið tekið sér bólfestu í vitund okkar. Sólin lækkar á lofti. Þess vegna efnum við til Sólkveðjuhátíðar.

Í vandræðagangi grípa menn til þess að tala um veðrið. Listaskáldið góða sem sá systur sína „sitja lömb og spinna ull“, kann ef til vill að hafa verið í vandræðum með yrkisefni þegar hann gerði vísuna um veðrið, sem betur væri oftast komin í veðurtímum sjónvarpsstöðvanna, en innihaldslausar langlokur um að það muni dropa á stöku stað á landinu (nú er alveg hætt að rigna!) og að börnin fyrir austan eigi að vera í lopapeysum en fyrir sunnan sé vissara að hafa þau í pollabuxum:

*Veðrið er hvorki vont né gott,
varla kalt og ekki heitt.*

*Það er hvorki þurrt né vott,
það er svo sem ekki neitt.*

Eitt fullyrði ég um þessa skemmtilegu veðurlýsingu þjóðskáldsins: Hún á ekki við um bæinn okkar. Þar er veðrið „alltaf eitthvað“, aldrei „ekki neitt.“ Fagur faðmur fjalla blárra sér til þess að veðrið í bænum okkar er alltaf eitthvað, sem umvefur sál og líkama.

Fyrir mánuði síðan vorum við hjónin „heima“, eins og við orðum það þegar erum fyrir vestan. Ég var þar í hópi 60 ára fermingarsystkina. Á fallegum laugardagsmorgni, eftir að hafa skoðað nýbyggingu Grunnskólans, lá leiðin um Tangagötuna, Sundstrætið, Dokkuna, og nýja hafnarsvæðið. Síðan var farið í „súpu“ til



Það er nú einu sinni þannig, að þegar við komum saman...



...þá finnum við þennan sameiginlega streng sem við eigum. Hér eru heiðurshjónin Arthur Gestsson og Anna Helga ásamt barnabarni.



Við erum í raun sem ein stór fjölskylda. Elín Arthurs, Gunnar Kristjánsson og frú.

STÁL - GULL - SILFUR



Stál
kr. 15.900

Herraskraut



Hnappar
kr. 6.900



Armband
kr. 6.600



Gull-úrið


Axel Eiríksson úrsmíðameistari
Álfabakka 16 - sími 587 4100

Harðfiskur frá Ísafirði

Sendi
í póst-
kröfu
um allt
land.

Litið inn
eða hringið

Sími í fiskverkun 456 3250



Fiskverkun Finnboga J. Jónassonar

Túngötu 7 • 400 Ísafirði • ☎ 456 3250, 456 3705 & 854 2432

BÍLALEIGA • DANMÖRK International Car Rental ApS.

Ódýrir toll- og skattfrjálsir bílaleigubílar
Útvegum sumarhús frá DanCenter a.s.

Þjóðum einnig orlofshverfi og bændagistingu

Fáið sendan verðlista ☎ **456 3745**

Veffang: www.fylkir.is



Tryggvi Guðmundsson hdl.
Guðmundur Óli Tryggvason lögg. fasteignasali
Hafnarstræti 1, Ísafirði
S: 456-3244, eignir@fsv.is



Meira í leiðinni



Flautuleikarinn, Arnþrúður Gísladóttir.



Ræðumaðurinn, Sigurður J. Jóhannsson.



Leyndarmáli laumað á milli vinkvenna.



Veitingarnar í Skíðaskálanum voru hreint afbragð.



Einar Þorsteins og Sigga Gunnars.



Það er alltaf um margt að spjalla.



Baldvin, sonur Siggú á myndinni hér fyrir ofan, ásamt eigin konu.



Rannveig Guðmundsdóttir og Guðmundur Benediktsson í hrókasamræðum.



Birna Einarsdóttir og Helga Ebezersdóttir.



Karlar að krunka saman, m.a. Kristján Reimarsson og Kjartan Theophilus Ólafsson.

Rönku og Magga sem komið hafa Tjörúhúsinu, þar sem Sigurður Breiðfjörð, skáld, vann sem beikir um tíma, á kort bestu veitingastaða landsins og þótt víðar væri leitað. Þaðan var haldið í Safnahúsið (gamla sjúkrahúsið) sem enginn, sem til Ísafjarðar kemur, ætti að láta hjá líða að skoða. Í einu orði sagt er stórkostlegt hvernig þar hefur verið staðið að verki. Á röltinu um bæinn þótti mér einkar ánægjulegt að heyra hve sterk ítök æskulóðirnar eiga enn í hugum margra fermingarsystkina minna, þótt áratugir séu liðnir síðan þau hurfu á braut og bærinn í mörgu ólíkur því sem þá var.

Formaðurinn kvað mig hafa frjálsar hendur með umræðuefni. Því leyfi ég mér að taka mér í mun orðið pólitík. Með því ætla ég ekki að tala um pólitík sem felst í því að sérvalið fólk birtist manni á fjögurra ára fresti og biðlar um kross við tiltekinn bókstaf. Sum okkar halda með ákveðnu félagi í fótboltanum. Taka afstöðu. Það er pólitík. Mörg okkar leggja slíkum félögum lið. Ég býst við að við sem hér erum saman komin séum flest í Ísfirðingafélaginu. Ég hef margsinnis velt því fyrir mér hvort Ísfirðingafélagið gæti ekki verið eins konar samnefnari í stuðningi okkar við mál er varða hagsmuni Ísafjarðarbæjar. Að í tilteknum málum létum við í okkur heyra í nafni félagsins og hvettem aðra til að leggja bænum lið. Beittum öllum tiltækum ráðum og áhrifum

til eflingar bænum okkar, sem við á hverju ári keppumst við að syngja lof og dýrð á Sólarkaffinu. Það væri pólitík mér að skapi. X við Ísafjörð.

*Þú átt að vernda og verja,
þótt virðist það ekki fært,
allt, sem er hug þínum heilagt
og hjarta þínu kært,*

segir í einu kvæða vestfirska skáldsins, Guðmundar Inga Kristjánssonar, frá Kirkjubóli í Bjarnardal. Þar fór skáld og bóndi, sem öðrum fremur hafði lag á að binda líf og dagleg störf til sveita í bundið mál og ættjarðarvinur mikill. Og hann heldur áfram:

*Vonlaust getur það verið,
þótt vörn þín sé djörf og traust.
En afrek í ósigrum lífsins
er aldrei tilgangslaut.*

Þetta, segi ég, er þörf hvatning nútímamanni í rótlausu samfélagi. Ekki missa móðinn þótt á móti blási.

Því neitar enginn að hallað hefur undan fæti hjá vestfirskum byggðum. Og gerir enn þrátt fyrir öll fyrirheitin. En, neitum við ekki einum rómi að sömu örlög bíði allra vestfirska byggða og hentu Sléttuhrepp?, svo dæmi sé tekið. Og hljótum við þá ekki að taka undir með skáldinu og taka höndum saman um að „vernda og verja, þótt virðist það ekki fært, allt sem er hug þínum heilagt og hjarta þínu kært?“ Spyrjum okkur að því, hvert og eitt!

*Til heilla þér, kaupstaður kær,
vér komum og sjáum þitt ráð
og óskum að framtíðin færi
þér farsæld í menning og dáð,
að trúin og áræðið andi
um ísfirski baráttumenn,
þinn vegur og viðgangur standi
og Vestfirðir njóti þín enn.*

Þannig lýkur Guðmundur Ingi kvæðinu Ísafjarðarkaupstaður, sem hann orti í tilefni 100 ára afmælis kaupstaðarins 1966.

Verum ekki feimin við að segja að á Sólkveðjuhátið Ísfirðingafélagsins komum við saman „til heilla þér, kaupstaður kær“, með þá von í brjósti að „framtíðin færi / þér farsæld í menning og dáð“ og að „trúin og áræðið andi“ um alla framtíð „um ísfirski baráttumenn.“

Óskir okkar allra hníga að því að bæjarins „vegur og viðgangur standi“, og að Vestfirðir njóti Ísafjarðarbæjar um alla framtíð sem höfuðstaðs Vestfjarða.

Eigum við nokkuð að vera að spyrja að því hvað bærinn geti gert fyrir okkur? Eigum við ekki heldur að spyrja hvað við getum gert fyrir bæinn?

Ágætu vinir!

Frjálslega orðað vona ég að þið hafið öll komið hress og sæl frá góðu sumri og að veturinn verði ykkur mjúkhentur. Við hjónin þökkum ykkur fyrir samveruna í dag og biðjum ykkur vel að lifa.

Sigurður J. Jóhannsson



Linda



Ekki bara gott...



...heldur



GÓU gott



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2009

Krosshamar ehf.

Fjarðarstræti 17, 400 Ísafirði, símar: 456 4361 og 893 8062

H.V. Umboðsverslun ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími: 456 4666

Groms ehf.

Seljalandsvegi 36, 400 Ísafirði, símar: 456 5450 og 894 2526



Hafnarbakka,
425 Flateyri
Sími 456 0101

Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyri ehf.

Túngata 1, 430 Suðureyri, sími: 863 9003

Vörður Íslandstrygging hf.

Hafnargötu 8 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7348

Lögsýn hf.

Aðalstræti 24, 400 Ísafjörður, sími: 456 4577

Klofningur ehf.

Aðalgata 59, 430 Suðureyri, sími: 456 6293

Berti G. ehf.

Eyrargötu 4, 430 Suðureyri, sími: 456 6196

Skipataækni ehf

Lágmúls 5 • 108 Reykjavík • Sími 540 0500



Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4400
Pósthólf 97 • 400 Ísafjörður • Fax: 450 4419



Hafnargötu 16 • Grindavík • Sími: 420 5700

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

Hafnargötu 37 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7108

Jakob Valgeir ehf.

Grundarstíg 5 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7584



**Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.**

Hafnarstræti 1 • Ísafirði
Sími 456 3708
www.vst.is • vstis@vst.is

Flugalda ehf.

Hjallavegi 14 • 430 Suðureyri • Sími: 853 7774



Blómaturninn

Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5297
Veffang: <http://www.blomaturninn.is>



**FLUGFÉLAG
ÍSLANDS**
Ísafjarðarflugvelli

Sólarkaffi 2009

Nýbakaðar pönnukökur!

Með breyttum útgáftíma Vestanpóstsins er sólarkaffi í ár í raun nýafstaðið. Þegar þessi pistill er settur á blað, er rétt rúmur mánuður síðan ilminn af pönnukökubakstri lagði um ganga Hilton Hótel Nordica við Suðurlandsbrautina. Sólarkaffið var haldið á nýjum stað og örlaði fyrir vissum spenningi, ekki síst fyrir því hvernig til myndi takast með pönnukökurnar – en kokkarnir á Hilton voru búnir að tala um þetta verkefni af tilhlökkun og ákveðni í að vera með pönnukökubakstur á staðnum. Skemmst er frá því að segja, að pönnukökurnar í ár voru sérlega ljúffengar, sem og aðrar veitingar, og veitingamönnum Nordica til sóma.

Snillingarnir og hljóðfæraleikararnir, Halldór S. og vonarneistarnir komu að heiman til að spila dinnertónlist fyrri hluta kvölds og eins til að vera með tónlistaratriði og stóðu svo sannarlega undir væntingum – og gott betur en það.

Ekki er hægt að segja að ræðumaður kvöldsins hafi verið steypur í svipað mót og forverar hans, og skal honum sagt til hróss og sérstaklega haldið hér til haga, að það þarf sannarlega kjark til að taka að sér að tala sem ræðumaður kvöldsins á sólarkaffi – verandi hvorki innfæddur né uppalinn á Ísafirði. En dr. Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, eftir stuttan umhugsunartíma, féllst á að koma og tala um litla samfélagið hvar er hans heima í dag, að tala um Ísafjörð með hugarfari hins aðflutta, að horfa heim með glöggu gests auga. Og sjónarhorn Peters náði svo sannarlega til veislugesta, því pælingar líkt og hvað er upp og niður, Hæðstikaupstaður, Neðstikaupstaður, snertu heldur betur streng í huga og kveiktu í hláturtaugum. Stórskemmtileg ræða Peters fylgir með í heild sinni hér á eftir, ásamt fjölda ljósmynda frá sólarkaffi 2009.

Veislustjóri kvöldsins var Fjarðarstrætispúkinn Halldór



Hlíðarvegspúkinn Halldór Ólafsson ásamt sinni ektakonu, Vilborgu Jónudóttur.



Sammi á Bjargi og Maggi Jóh., flottir með þverslaufur og gleðibros.



Guðrún Hafsteinsdóttir, Eyrún Gísladóttir og Hermann Nielsson, Harðarpúki.

Jónsson og fór hann á kostum – nokkuð sem kom kannski ekki svo mjög á óvart.

Öllum sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd Sólarkaffis eru færðar góðar þakkir.

Sólarkaffi Ísfirðingafélags 2009

Þú hlýtur að vita, hvað þú ert að gera

Dr. Peter Weiss, forstöðumaður Háskóla Vestfjarða

Þú hlýtur að vita, hvað þú ert að gera. Þetta sagði fólk 2005, þegar ég gaf upp á bátinn fasta stöðu við Háskóla Íslands og tók stöðu við Háskóla Vestfjarða.

Hvað viltu eiginlega þangað, á heimsins rass? Að þessu spurði fólk 1992 þegar ég hafnaði stöðu fyrir vestan og flutti austur og tók stöðu við Háskólann í Greifswald norð-austast í Austur-Þýskalandi.

Vissi ég, hvað ég var að gera? Hvað vildi ég eiginlega þarna? Reyndar held ég, að ég hafi ekki vitað, hvað ég var að gera. Áður en ég kom til Ísafjarðar í ráðningarviðtal í júní 2005 hafði ég vissulega verið tugum sinnum í Barðastrandasýslunum, Patreksfirði, Rauðasandi, Gufudalssveit, en ekki nema tvisvar á Ísafirði. Það var alltaf svo fallett þarna á suðursvölum Vestfjarða, að tíminn flaug frá okkur og var uppurinn þegar við vildum halda ferð okkar áfram.

Strax eftir að við hjónin fluttum til landsins, strax fyrstu vikurnar í ágúst 1997 fórum við reyndar vestur á firði með kollega – einmitt frá Greifswald-háskóla, Hartmút Mittelstädt. Sá hafði þýtt Dauða menn eftir Njörð P. Njarðvík, talaði eins og bók, hafði kennt íslensku í mörg ár, en sjaldan komið til Íslands og aldrei vestur á firði. Á þeim tíma þurfti fólk fararleyfi. Og leyfi til að skipta gjaldeyri. Það eina sem ég man frá þessari fyrstu ferð er að ég hafði farið í sundlaug Ísafjarðar – í fyrsta og síðasta skiptið. Ísafjörð vantar nýja sundlaug.

Annað skiptið sem ég kom til Ísafjarðar var 2002, ég var nýbúinn að læra aftur á bíl. Ég hafði ekki keyrt bíl í tuttugu ár. Ég fór í Skálavík, gekk á Gölt og í Galtarvita, lá í tjaldi í rigningu og þegar ég kom til byggða, í Neista, „the smallest mall of the Northern hemisphere“, þá fannst mér Ísafjörður vera heimsborg, ég stóð þarna á



Hin fjögur fræknu? Sigurlaugur Birgir Ólafsson, Þuríður Pétursdóttir, Björg Aðalheiður Jónsdóttir og Einar Snorri Magnússon.



Stoltur faðir, Magnús Reynir Guðmundsson ásamt börnum sínum, Hrefnu Ragnheiði og Alberti.



Krístur Erlingsdóttir, Pétur Sigurðsson og Krístín Böðvarsdóttir.



Gamla Sjómannastofugengið.



Árgangur '49 smyglaði kókoslengjum úr Gamla bakaríinu inn á Sólarkaffið. Hér er Sigrún Viggós að bjóða Bjarna Gunnarssyni (Hliðarvegspúka Péturssonar) að njóta með – þó ekki sé hann með í árganginum.



Flottir saman, Matthías Sveinsson og Gunnar Pétursson...



...og flottar saman.

krossgötum matarlystar, þar sem hamraborgarar eru annars vegar og taílenskur matur og pizza hins vegar. Matur á hverju horni.

des Fassades comme en Paris

Þetta var stórkostlegt! Yfirhöfuð er merkilegt hvað þessi bær þykir stór, bara vegna þess að það er allt svo smátt í kringum hann. Hvaðan sem maður kemur, eftir tuga og hundruða kílómetra ferðalag í gegnum ómublað landslag, myrkur, snjó, slyddu og hálku, er Ísafjörður stór, ég meina, Ísafjörður þykir stór. Alvöru hringtorg, alvöru þéttbýli, alvöru Silfurtorg með háhýsum allt í kring, Hafnarstræti einn samfelldur húsaveggur, „des Fassades comme en Paris“, og ekki að gleyma steypuklumpunum á torginu, sem eiga víst að fæla frá bílstjóra frá sveitarþorpum, sem hafa tekið bílpróf á dráttarvél og ekki keyrt í tuttugu ár, og eins nágranna úr sjávarplássum, sem kunna að stýra trillu í gegnum stórsjó, en ekki endilega bíl í

gegnum París eða yfir Silfurtorg. Eitthvað var merkilegt við Ísafjörð. Míniútgáfa af stórborg.

Samt var ég ákveðinn eftir ráðningarviðtalið að þetta gæti aldrei gengið. Konan mín hafði sagt, áður en ég lagði af stað, að maður þurfi ekki endilega að búa þar sem er fallet landslag: Maður geti líka ferðast þangað. Bærinn þótti stór komandi úr Skálavík, en það var allt og sumt. Þriðja stærsta borg landsins, einu sinni. En núna virtist allt lokað. Ráðningarviðtölin voru haldin einn sunnudag í júní 2005. Maður á aldrei að bjóða fólk í ráðningarviðtal í svona bæ á sunnudagsmorgni og í svona veðri: Þókan hékk niður á nefið, súldin kraup inn í merg og bein. Hvað á að gera á sunnudagsmorgni í þessum bæ? Umsækjendurnir tveir að sunnan þennan dag höfðu fengið bílaleigubíl sem einhverskonar þak yfir höfuðið og áttu að mæta eftir hádegi í viðtal, hvor um sig, að sjálfsögðu. En þangað til tjóðraðir saman í litlum Yaris og ekkert nema súld

í kring. Það virtist ekki einu sinni messað hér á þessum guðsvolaða stað. Keyrandi hring eftir hring, með ekkert nema curriculum vitæ hvors annars. Maður var feginn, þegar Félagsbakaríið opnaði loksins.

Eftir hádegi stóð ég í litla skrudgarðinum, horfði til skiptis á merki-lega litla og vandaða dvergahúsið hinum megin við götuna og merki-lega stóra sjúkrahússkumbaldann neðan garðsins – og sá, að þetta mundi ekki ganga.

1992 hafði ég staðið í Greifswald. Þetta mundi ekki ganga. Lestarferðin í millistríðsáralestum 300 km, fimm til sex tímar, allt eftir því, hvort það var seinkun eða ekki. Helmingur teinanna sem einu sinni höfðu tengt Lübeck og Rostock, vestur og austur, hafði endað í Síberíu, það þurfti alltaf að bíða þegar lest kom á móti. Það mátti ekki vera seinkun hjá neinni lest. Oftast var seinkun.

Í borginni voru húsin grá og þykkur kolamökkur yfir öllu. Stolt



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2009



Hótel Flókalundur Vatnsfjörður
451 Patreksfjörður
S: 456 2011
flokalandur@flokalandur.is
www.flokalandur.is

DENGSI ehf. VELTISKILTI

Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 588 4097 • Fars. 896 1697

Harðfiskverkun Einars Guðbjartssonar

Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071



Reykhólum • Króksfjarðarnesi
Sími 434 7880



Hafnarstræti 6 • Ísafirði
Sími 456 3990

FISKVINNSLAN ÍSLANDSSAGA hf.
Freyjugata 2, 430 Suðureyri, sími: 456 6300



Pólgötu 1 • Ísafirði • Sími 410 4156



Fiskmarkaður
Suðurnesja hf
Ísafirði



Mávakambi 2 - 415 Bolungarvík
Sími 456 7478

Vöru-, krana og körfubílar
Laugi ehf.

Sími 892 2079

Bíla- og hjólbarðaverkstæði SB
Sími 456 3033, Sindragötu 3, 400 Ísafirði

Samkaup úrval

Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður • Sími 456 5460 með góða kostinn



Vélsmiðja Ísafjarðar Sundahöfn • Sími 456 3910

Tannlæknastofan

Torfnesi, Ísafirði, sími: 456 3737

Hólmadrangur ehf.

Kópnesbraut 2, 510 Hólmavík, sími: 455 3200, fax 455 3209

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími 450 3700



Félag opinberra starfsmanna
á Vestfjörðum

Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 4407

Djúp-Ís ehf.

Sindragötu 6, 400 Ísafjörður, sími: 456 3556

Bæjar- og Héraðsbókasafnið Ísafirði

Eyrartúni, 400 Ísafirði, Sími 450 8220



Gestir á Sólarkaffi eru að vanda þrúðbúnir...



...enda Sólarkaffi sem árshátíð okkar Ísfirðinga.



Og þjónarnir voru á þönum...



...svo allir gætu unað glaðir við sitt.

hansaborg í niðurníðslu. Lifði á fortíð sinni. Var einu sinni stór og mikilvæg, á miðöldum. Hafði jafnvel gleymst í loftárásunum. Í skrifstofu sem mér bauðst lak greinilega reglulega inn. Skólahúsgögnin töluvert eldri en ég sjálfur. Veggfóðrið líklega þrjátíu árum eldra en húsgögnin. Hlerunartæki? ... Enginn sími í fimm ár, engin þvottavél. Engin almennileg íbúð í fimm ár.

Eiginlega var allt ömurlegt á að líta. Nema fólkið sem var þar. Fólkið sem vildi breyta. Fólkið, sem vildi byggja eitthvað upp.

Þessi fimm ár í Greifswald urðu með áhugaverðustu árum ævi minnar. Ég var í heimsins rassi, austast í Austur-Þýskalandi, en mér fannst ég vera þar sem hlutir voru að gerast. Og ég eignaðist marga vini þar. Ætli sagan gæti endurtekið sig?

2005 las ég mér til um þetta háskóla- og reynði allavega: Það var reyndar ekki ýkja mikið að finna um hvað það ætti að gera, fólk virtist vera uppteknast af því, hvar það yrði til húsa. Ætli það sé líka einn af þessum héraðsskólum á Ísafirði, sem þarf að finna nýtt hlutverk? Skildi hér enn einu sinni vera ætl-

unin að reyna að fylla tóma steypu með tómri steypu? Þetta háskóla- og reynði allavega: Það var reyndar ekki ýkja mikið að finna um hvað það ætti að gera, fólk virtist vera uppteknast af því, hvar það yrði til húsa. Ætli það sé líka einn af þessum héraðsskólum á Ísafirði, sem þarf að finna nýtt hlutverk? Skildi hér enn einu sinni vera ætl-



Ræðumaður kvöldsins, dr. Peter Weiss.



Hvað er upp og hvað er niður?

Strax í júlí átti ég að hitta einhvern arkitekt sem átti að teikna einhverjar breytingar á þessu svokallaða Vestra-húsi. Þar var allt svona tuttugu til þrjátíu árum nýrra en í gömlu skrifstofunni minni í



Raggi Bjarna var flottur...



...sem og Bjarni Ara.



Þá var Halldór S. ekki síðri á fiðlunni sinni, ásamt vinum sínum Vonargeislunum að vestan.

Greifswald. Það átti greinilega að rífa ýmsa veggj og það var víst kominn tími til þess.

Einhver hét Óli í þessu húsi og hann hafði eitthvað að segja og velti mikið fyrir sér, hvar skrifstofa forstöðumanns yrði. Rektorsskrifstofa sagði hann reyndar. Ég vonaði innilega að hlerunartækin væru úrelt og allavega ekki beintengd í menntamálaráðuneytið. Enda greinilega dálítið ólík sýn á þetta Háskóla-setur fyrir sunnan og fyrir vestan.

Annar maður hét Aðalsteinn. Hann og Óli þessi vissu greinilega allt um sögu hússins. Og Atvinnuþróunarseturs og Þróunarsambands, ég meina, Fjórðungsfélags, ... En spurðu mig um framtíð Háskóla-seturs. Ég var svo sem feginn að ég gat borið fram nafn stofnunnar.

Það hringdi í mig maður sem Smári hét og vildi ræða við mig kaup-

leigu tölvuvers Fræðslumiðstöðvar. Þá vantaði mig alla þessa frasa sem stjórnálamenn grípa svo gjarnan til þessa dagana: Ég get ómögulega tjáð mig um það ... ég þarf að biðja seðlabankastjóra um leyfi ... við munum halda flokksfund ... ég get ekki sagt frá því sem sem fram fór milli mín og tölvuversins ... þetta kemur í ljós á næsta kaupleigusamningsákvörðunardegi ... þetta er ótímabært ... En – væri ekki best að kíkja á þessar tölvur og kannski hittast í leiðinni. Já. Þetta var þá í þessu Íshúsfélagshúsi.

Þessir Ísfirðingar, alltaf að villa aðflutta með því að tala um upp og niður. Það er svo sannarlega hæðarmunur í þessum bæ, hvað þá í þessu bæjarfélagi, en að fara úr Vestra-húsi "upp" í Ísfélagshús, úr neðsta "upp" í hæsta kaupstað, því var erfitt að kyngja. Ég gat ekki séð neinn hæðarmun á eyrinni og



Árgangur '49, glæsilegur og skemmtilegur hópur sem fjölmennti á Sólarkaffi.



Föngulegur systkinahópur af Hlíðarveginum, börn Sesselju Ásgeirsdóttur og Ólafs Halldórssonar. Frá vinstri, Einar, Hrólfr, Halldór, Elín, Hugljúf, Margrét og Ásgerður.

þó skynsemin segi að hér hljóti að vera hæðarmunur, er hann enginn, enginn, miðað við Urðarveg, skíðasvæðið, að ekki sé talað um kláfinn hans Úlfars í Hamraborg.

Ísfélagshúsið var víst ekki við Urðarvegi, en merkilegt hús samt. Þar var vissulega engin kolalykt, en fiskilyktin nokkuð áberandi. Og listaverkin upp tröppurnar: ég ætla að fá þær í sýningu. Til dæmis í Greifswald. Þeir halda alltaf að þeir eiga einkarétt á því sem heitir á þýsku Sozialistischer Realismus. Kannski ekki verðmæt, engin hætta á að einhver steli þeim, en frábært sýningarefni! Hér er verið að miðla sögu, og listasögu ofan í kaup-
ið. Reyndar á húsið og fiskalyktin helmingshlut í þessu.

Gísli Jón hét maður. Eitthvað vann hann fyrir Ísafjarðarbæ. Og Ísafjarðarbær hafði greinilega eins margar íbúðir á sinni könnu og Greifswald á sínum tíma. Jæja, svona næstum því. Þar voru reyndar yfir 85% íbúðanna í þjóðareign en sama verður nú samt ekki sagt um Ísafjörð, ekki einu sinni um Bolungarvíkurkaupstað. Hér var allt önnur þjónusta en á sínum tíma í Greifswald, þar sem ég hélt til í óupphituðu sumarhúsi í nokkur ár enda óljóst hver átti þjóðareignina, en það var allavega ekki ég. Allt annar tónn á Ísafirði: Hér var hálfvegis verið að troða einhverri íbúð upp í mann og fólk var hálf vonsvikið ef maður vildi ekki kaupa strax.

Og það var sannarlega vel tekið á móti manni. Fyrsta samtalið við stjórnarformann Háskólaseturs, Halldór bæjarstjóra, misheppnaðist reyndar svolítið. „Jæja, velkominn, hvernig var að keyra vestur, þú fékkst fínt veður, er það ekki?“ Jú jú, ég fékk ágætt ferðaveður og landslagið fallett nema hvað þetta Djúp væri nú einsleitt og tomt, fjörð eftir fjörð. Vissulega, landið er fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar, himininn heiður og blár, hafið var skínandi bjart. En hvar voru hetjurnar sem ríða á sínum dráttarvélum um héruð? Maður var feginn að komast að þessum bílakirkjugarði þarna á Garðsstöðum, það beinlínis lyfti upp sálinni, þó ekki væri nema bíla-kirkjugarður. Allavega eitthvert merki um mannlega byggð. – Stjórnarformaður Háskólaseturs



Flottir gaurar með flotta drykki.



Hilmar Gunnarsson og frú



Kolbrún Halldórsdóttir og Hildur Bæringsdóttir



Föngulegar systur, Hulda, ásamt syni sínum, og Birna, Bragadætur.



Kaupmaðurinn og tölvukarlinn, Úlfar Ágústsson og Sigurður G. Sigurðsson.



Glæsilegar vinkonur, Dagbjört Lína Kristjánsdóttir, Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Elísabet Baldursdóttir.

var greinilega ekki alveg sama sinnis, en átti maður ekki að koma með ferska sýn? – Miklu seinna skildi ég samhengið.

Nokkrum vikum seinna sagði ég við stjórnarformann, að við værum að kafna undan þessum ýktum væntingum. Það gangi ekki

að stofna háskóla svona einn tveir og þrír og af sjálfdáðum. Vonir hér væru hærri en fjöllin í kring. Halldór sagði: Má vera, en við skulum lyfta okkur upp fyrir fjöllin.

Þess vegna eru væntanlega allir í þessum bæ í Stúdíó Dan og í hóp-jóga.

En hvar átti að byrja? Það leyndi sér ekki að viðhorf manna til þess hvort það eigi að vera háskóli á Vestfjörðum var nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Og greinilega ekki bara um það hvort háskóli ætti að vera þar. Vegir, göng, sjúkraflug, gsm-samband, Vatnsmýrarflugvöllur á sínum stað, snjómokstur utan háannatíma fyrir jól og páska – þurfið þið það raunverulega? Ertu líka byrjaður á þessu væli? Hver heldur þú eiginlega borgi þetta? Haa.

Hátt í átta prósent aukaskattur í öll þessi ár, bara svo ykkur þarna liði vel, glænýtt símkerfi í öllu landinu, bara það nýjasta nýja sjálfsagt, og samt þetta væl, getið þið ekki verið þakklát einu sinni fyrir allt? Svo má ekki tala um auka-skatt, enda ekki „pólitískt korrekt“. Solidaritätszuschlag, samstöðuálag, er samt ekkert nema fagurt orð fyrir sameiningarskatt. Átta prósent! Hvað kemur mér það við að blessaðir brautarteinarnir hurfu til Síberíu. Það þarf ekki að endurnýja allt strax. Fólki þarf að læra að bíða. – Ég veit ég veit, það hefur beðið í fjórtíu ár. En það er einfaldlega ekki hægt að breyta sögunni eftirá.

Móðir mín trúði mér ekki að ég, launþegi í Austur-Þýskalandi, þyrfti líka að borga sama átta prósent samstöðuálagið og foreldrar mínir. Ég varð að sýna henni launamiða til að sanna það. Svo spyr hún: en hvað þetta hér, 63%, hvað þýðir það? Nú, veist ekki? Ríkin og sambandsstofnarnir fyrir austan borga einfaldlega ekki nema 63% launanna fyrir vestan. Móðir mín, skelfingu lostin, ávísaði mér hundrað mörkum, svo ég lifði af með þessi hungurlaun. En hún var enn ekki alveg viss um hvort ég hefði ekki platað hana þegar kom að samstöðuálaginu, enda illskiljanlegt af hverju það hét samstöðuálag, ef þið fyrir austan borguðuð það sama og við. Fínt dæmi um að tungumálið skapar meðvitund.



Björn Gunnarsson (Gunnars í Björnsbúð) og Ingiríður Jóhannesdóttir.



Flottar stelpur. Dagný Pétursdóttir, Elín Árnadóttir, Hjördís Gunnlaugsdóttir, Arna Kristmannsdóttir og Guðrún Agnes Einarsdóttir.



Fótboltapúkarnir tóku lagið með bros á vör.



Flottar mæðgur, Urður Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.



Hjónakornin Tómas og María Friðriks



Fiddi og Dídí. Kristján Friðrik Björnsson og Dýrfinna Torfadóttir.

Rífum niður múrinn í höfði okkar

Og við? Fáum við það nýjasta nýja? Þurfum við á háskóla að halda? Vegum, göngum, sjúkraflugi, gsm-sambandi, Vatnsmýrarflugvelli á sínum stað, snjómokstri utan háanna-tíma fyrir jól og páska – þurfum við þetta virkilega? Getum við ekki verið þakklát einu sinni fyrir allt?

Þegar ég sat Fjórðungsþing Vestfjarða í fyrsta skipti, það var á Patreksfirði, rann upp fyrir mér að ég hafði heyrt þetta allt áður. Það var eins

og „déjà vu”: Við og þeir og þeir og við og við og þeir og þeir skilja okkur ekki og við eigum að skilja þá og þeir veita okkur áheyrn og við eigum að vera þakklát og við eigum að borga og þeir eru ekki einu sinni þakklátir. Við höfum beðið í fjórtíu ár, við höfum aldrei lært að setja fram kröfur eins og aðrir. Og viku áður hafði ég verið í Reykjavík í einhverju stórafmæli og það var eins og að vera í kaffisamsæti með móður minni og tugum klónum hennar. Hver heldur þú að borgi þetta eiginlega? Manni fannst að þeir fyrir

vestan gætu ekki skilið þá fyrir austan og þeir fyrir sunnan skilja ekki þá fyrir vestan. Og öfugt. Og báðir hafa rétt fyrir sér miðað við sinn heimshluta og sinn sjóndeildarhring.

Hvað er til ráða? Kannski að stiga út fyrir sinn heimshluta. Bæta samgöngur. Ferðalög víkka út sjóndeildarhringinn.

Of dýrt? Allavega borgar sig að tala saman. Samtöl skapa skilning.

En fyrst og fremst: Die Mauer in unseren Köpfen: Að rífa niður múrinn í höfði okkar.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2009

Olúfélag Útvegsmanna hf.

Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Hamraborg ehf.

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími 456 3166 • Fax 456 4766

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4 • Ísafirði • Sími: 450 3000

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Höfðatúni 4 • 510 Hólmavík • Sími: 455 3100
Essó skálinn - Ópið 9-23,30



Vélsmiðja - Blikksmiðja

Pristur hf.

Sindragötu 8 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4750



EFNAL AUGIN
ALBERT ehf
Sindragata 14 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4670



Oddi hf.

Patreksfirði

Eyrargötu • Sími 450 2100



522 44 00 • www.hertz.is



Aðalstræti 26 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3902

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum hf.

Aðalstræti 24 • 400 Ísafj. • Sími 456 4066 • Fax 456 4133



Sparisjóður Bolungarvíkur

Aðalstræti 14 • Bolungarvík • Sími 450 7100

Aðalgötu 8 • Suðureyri

Svalvogar ehf. Harðfisksala

Aðalstræti 51, 470 Þingeyri, sími: 456 8275 og 896 8579



Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233

Ísblikk ehf, blikksmiðja,

Árnagötu 1, Ísafirði, símar: 456 5550

Bókhaldsstofan Fagverk

Aldís Rögnvaldsdóttir

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • Sími: 595 0113 • fax: 595 0151



Sundagörðum 2, Reykjavík

Sími: 515 1100, Fax: 515 1110

Bakkavík hf.

Hafnargötu 80-96, 415 Bolungarvík, sími 450 7500

ELVAR INGASON ehf.

MÁLARAMEISTARI

Sími 561 6204 • GSM 898 2584 • Netfang: elvari@mmedia.is



Vélsmiðjan Þrymur Ísafirði

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • s. 456 3711

Harðfiskverkunin Ráfiskur fiskverkun


Eyrarvegi 11, 425 Flateyri, sími 456 7701 og 891 7701



Messa 2008

Einn af föstu punktunum í tilveru Ísfirðingafélagsins er Ísfirðingamessan, sem haldin er árlega að vori. Messan í fyrra var haldin í Neskirkju í góðu og ánægjulegu samstarfi við sr. Örn Bárð Jónsson sem þjónaði fyrir altari og prédikaði. Kirkjukór Ísfirðingafélagsins söng að vanda, undir styrkri stjórn Þórhildar Sigurðardóttur (Tótlu). Við orgelið sat Guðný Einarsdóttir, tengdadóttir Þórhildar, og sonur hennar, Jón Hafsteinn Guðmundsson, lék sem engill á trompet. Þá lásu Bára Elíasdóttir og Ólafur Sigurðsson ritningarorð dagsins.

Messan var sérlega vel sótt í fallegu vorveðri og að messu lokinni fjölmenntu kirkjugestir í kirkjukaffi í safnaðarheimili Neskirkju. Að loknu kirkjukaffi var haldinn aðalfundur félagsins og mæltist það vel fyrir meðal félagsmanna að hafa fundinn í tengslum við messudaginn. Með því móti mættu mun fleiri á aðalfundinn en verið hefur að undanförunu og verður sami háttur hafður á í ár, sbr. aðalfundarboð hér annars staðar í blaðinu. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem teknar voru af Birni Garðarssyni í messunni og við kirkjukaffið. Sr. Erni Bárði eru færðar þakkir fyrir vinsemd og velvilja í garðfélagsins.





Þessar unnu lengi saman hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga, Margrét Sverrisdóttir og Anna Helgadóttir.



Hulda Guðmunds og Sæunn.



Hér er Dís (Herdís Jónsdóttir, systir Búbba prentara). Kirkjukaffið að vori hefur sannarlega fest sig í sessi...



...sem fastur punktur í tilveru félagsmanna Ísfirðingafélagsins.



Mikill fjöldi góðra gesta sótti messu og drakk kaffi að henni lokinni.



Og margt var rifjað upp yfir rjúkandi kaffibolla.



Söfnuðurinn móttækur hið heilaga orð.



Systur úr Silfurgötu 7. Bryndís og Ingibjörg Guðmundsdætur.



Maður velur sér ekki nágranna.

Réttar tryggingar bæta samskipti

Maður getur ekki valið sér nágranna frekar en skyldmenni. Á það reynir sérstaklega í fjölbýli. Sem betur fer kemur það sjaldnast að sök og samskiptin eru ánægjuleg. Eitt lykilatriði til að tryggja góða samheldni og öryggi sameigenda er að velja réttu tryggingarnar. Fasteignatrygging TM byggir á reynslu okkar og er sniðin að þörfum fasteignaeigenda.

Fasteignatrygging TM

Hvað er tryggt:

- // Skyndilegur leki úr leiðslukerfum hússins, svo sem frárennislögnum og vatnsleiðslum.
- // Yfirfall frá vöskum og öðrum hreinlætistækjum.
- // Leki frá vatnsrúnum og fiskabúrum.
- // Tryggingin bætir skemmdir á húseign sem er bein afleiðing af ofsaveðri, eða roki yfir 28,5 metrum á sekúndu.

Hvað er ekki tryggt:

- // Ef frárennislögn gefur sig vegna aldurs, missigs eða eðlilegs slits.
- // Tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem úrkomu, snjóbráðar eða frá þakrennum.
- // Leki með þaki, gluggum eða hurðum.
- // Tjón af völdum sandfoks.

Fasteignatrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is



VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)

EGILSSTAÐIR 1998

ÍSAFJÖRÐUR 2000

EGILSSTAÐIR 2003

AKUREYRI 2006

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt. Hringdu í 570 3030 og bókaðu skyndikynni með makanum þínum.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.150 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

Kubbi eða Kubbur við Skutulsfjörð?

Matthías Kristinsson sendi blaðinu kvæðið Skutulsfjörður sem hér er birt fyrsta sinni. Kvæðið orti hann á 8. áratug síðustu aldar, með einhverjum síðari tíma breytingum. Í bréfi til ritstjóra segist Matthías ávallt hafa vanist nafninu Kubbur á fjallinu heima og aldrei heyrt nafnið Kubbi fyrr en nú hin síðari ár. Sama segir Matthías gilda um þá brottfluttu Ísfirðinga sem hann hafi rætt málið við.

Þegar þessi spurning var borin undir fjallageitina og stjórnarmanninn Ísfirðingafélagsins, Pál Ásgeir Ásgeirsson, sagðist hann aldrei hafa heyrt heimamenn kalla fjallið annað en Kubbann þ.e. Kubbi í nefnifalli án greinis en almennt telur Páll talað um Kubbann með greini. Páll bætti við að í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1949 eftir Jóhann Hjaltason skólastjóra segir orðrétt á bls 57: „...og nefnist yzti múlinn Kubbi, beint upp frá bænum á Hafrafelli.„ Einnig að í Landið þitt Ísland eftir þá mætu fræðimenn Þorstein Jóseppson og Steindór Steindórsson segir um Ísafjörð: „Fyrir botni fjarðarins er svipfrítt og sérkennilegt fell er gengur undir nafninu Kubbin.„

Páll áréttar að hafa beri í huga að Landið þitt hefur komið út í allmörgum útgáfum og texti þess verið notaður í aðrar bækur svo ef farið væri rangt með nafn fjallsins þar geri hann ráð fyrir að leiðréttingar hefðu komið fram einhvern tíma. Eins er því farið með Árbók FÍ sem hefur verið á þrykki í meira en hálfa öld, og Páll klikkti út: „Ef Jóhann gamli, sem var hundkunnugur fyrir vestan, hefði farið rangt með þá væri löngu búið að skamma hann opinberlega. Samsagt. Fjallið heitir Kubbi eða Kubbin.„

Athyglisvert væri að heyra skoðanir fleiri á þessu nafnamáli. Hefur

því til gamans verið sett upp skoðanakönnun á nýju heimasíðunni félagsins, hvar hægt er að greiða atkvæði með hvoru nafni sem fólk hefur vanist. Sjálfur getur ritstjóri upplýst að tala venjulega um fjallið Kubba. Lesendur Vestanpóstsins eru hvattir til að fara inn á heimasíðuna og taka þátt í leiknum, en ekki síður að taka Matthías sér til fyrirmyndar og senda blaðinu efni. Matthíasi eru hér með færar þakkir fyrir kvæðið um fjörðinn okkar fallega.

Skutulsfjörður

Ísafjörður ægifagur,
um þig leikur dýrðardagur,
logn á Polli, logn til fjalla,
leikur sól um Gleiðarhjalla.
Prestabugt með gullnar gárur
geymir sínar freyðibárur.

Spegilsléttur speglar flötur
sprottnar hlíðar, hús við götur,
hamrabeltin himinháu,
himingeiminn, tign þá bláu.
Fögur lúta fjöllin drottnei
sem fagurt skart á mararbotnei.

Liðast ár um djúpa dali,
dreifast lækir vítt um sali.
Býr í hlíðum bergmálsymur,
berjalyng og fjallapínur,
birki, víðir, barrtré, reynir
og berjarunni nefndur einir.

Tungudalur vaxinn viði
vekur þrá með fossins niði,
berjalyngs- og birkiangan,
blæ sem þýður strýkur vangann,
lofti sem ber ljúfa hljóma
lífs og fjörs sem þaðan óma.

Skömmu ofar skógi rís
skíðamanna paradís,
Seljalandsdalur vænn og víður,
í veðurfari oft svo blíður
að fjallaloftið ferska lætur
fögnuð líða um hjartarætur.

Upp um dalinn handan Hnífa
heiðarvegin upp má klífa.
Drápsmenn tveir við dögurð forðum
drepnir voru undir borðum,
urðaðir í orpnum valnum
ofarlega í Dagverðardalnum.

Kubburinn með tign og töfra
trónar meðal fjallajöfra.
Kýrr og hljóður stakur stendur,
starir vítt um fagrar lendur,
eykur mjög á æskutryggð
við okkar kæru heimabyggð.

Handan Kubbs er heillasalur,
hlaðinn orku Engidalur.
Gjöful sveit í greipum fjalla,
glitrar döggr á stráum valla.
Bóndans jörð í draumadái
drýpur smjóri af hverju strái.

Eyrafjall og eyrin undir
eiga margar unaðsstundir.
Ernir handan ógn sig reigir,
Arnarnesið utar teygir.
Inn af því er Arnardalur,
einna mestur ættarsalur.

Heldur utar hlær við Djúpi
Hnífsdalur gegnt Bjarnarnúpi,
snyrtilegur og snotur bær.
Snæfjallaströndin brosir fjær,
og Djúpið allt í dýrðarljóma
dansar í takt við lygna hljóma.

Ísafjörður ægifagur,
ætíð vænkist vel þinn hagur.
Hamingjan og brosið hjarta
búi í hverju þínu hjarta,
þar sem þig er gott að geyma
góði bærinn okkar heima.

Í huga mínum held ég vörð
um heimabæinn hjarta
og geymi ávallt Ísafjörð
innst í mínu hjarta.

Matthías Kristinsson





Úr Verslun JÖB, f.v. Jón Ö. Bárðarson, Örn Bárður Jónsson, Haukur Ingason, Sigríður Pétursdóttir, Alma K. Rósmundsdóttir, Reynir Ingason og Grétar G. Steinsson. Myndina tók Karl Aspelund.

Sr. Örn Bárður Jónsson

Kaupmaður á hverju horni

Minningar búðardrengs og hugleiðing um bók Jóns Páls Halldórssonar

Hvar er miðja alheimsins? Þessari spurningu verður seint svarað nema þá út frá huglægum sjónarhóli spyrjandans. Miðja alheimsins á æsku- og unglingsárum mínum var Ísafjörður, kaupstaðurinn við Djúp, sem á sér merka sögu á sviði útgerðar og verslunar. Sögu Ísafjarðar hefur verið gerð skil á margvíslegan hátt með útgáfu bóka og í þann flokk hefur nú bæst glæsileg bók eftir Jón Pál Halldórsson, *Kaupmaður á hverju horni, Þættir úr sögu verslunar á Ísafirði frá 1944 til 1993*. Tilefni þessa greinarkorns er að þakka fyrir þessa góðu bók og rifja upp örlítið af minningum f.v. verslunarmanns.



Þegar ég lít til baka og rifja upp bernsku mína á Ísafirði frá því upp úr miðri síðustu öld og fram undir lok sjöunda áratugarins sé ég Ísafjörð fyrir mér sem *mikrókosmos*, smækkaða mynd af stórborg. Þar voru margar matvöruverslanir, nokkrar hannyrða- álnavöru- og fatabúðir, þrjú eða fjögur bakarí, tveir úrsmiðir sem ráku hvor sitt verkstæði og verslun, klæðskera- verslun, raftækjaverslanir, veiðafæraverslun, byggingavöruverslun, málingarþúð svo nokkur dæmi séu tekin. Enn eymdi eftir af gróskutímanum sem var á árunum upp úr aldamótum og fram að kreppunni á fjórða áratug aldarinnar. Fyrir utan

verslunarmenn var svo stór hópur iðnaðarmanna í bænum og svo auðvitað sjómenn og fiskverkafólk sem tengdist útgerð, frystihúsum og rækjuverksmiðjum. Í bænum var iðandi mannlíf og menningarstarf í blóma. Þá kemur það skemmtilega á óvart í máli höfundar að einmitt í kreppunni byggðu Ísfirðingar sín glæsilegustu verslunarhús við aðal-götu bæjarins.

Faðir minn, Jón Örnólfur Bárðarson (1918-1989), rak verslanir á Ísafirði 1944-1968. Hann átti nýlenduverslun uppá gamla mátann, sem bar nafn hans og vefnaðarvöruverslunina París og svo rak hann Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, var ríkisstjóri eins og gárungarnir kölluð það. Árið 1958 opnaði hann svo nýtt kjörbúð í glæsilegu húsnæði sem áður hýsti Landsbankann og var hún fyrsta kjörbúð í eigu einstaklings utan Reykjavíkur. Í gömlu búðinni var hverjum kúnna sinnt sérstaklega og viktað upp úr skúffum og í pappírspoka eftir þörfum hans. Með tilkomu kjörbúðarinnar var vöruúrvalið meira en um leið staðlað og viðskiptavinurinn varð að sjá um sig sjálfur að mestu. Ekki

var lengur hægt að kaupa í smáskömmtum eins og t.d. 100 eða 200 grömm af stráskyri eða molaskyri sem við kölluðum melís fyrir Vestan uppá danska vísu. Konur sáu oft um innkaup en karlar á þessum tíma. Sumum húsmæðrum sem höfðu vanist því að kaupa daglega nákvæmlega í máltíð dagsins og geyma lítið sem ekkert af varningi heima þótti þetta mikið óhagræði og sumar hættu jafnvel viðskiptum og fóru til annars kaupmanns sem gat viktað upp úr skúffu sinni hveiti sem hentaði nákvæmlega í næstu uppskrift.

Faðir minn, sem var Verslunar-skólagenginn, var handlaginn og hugvítssamur. Hann hannaði til að mynda handknúna vél til að pakka kartöflum í plastpoka og aðra til að pakka stráskyri. Var mikill vinnusparnaður af þessum tækjum.

Nú ára hóf ég störf sem sendill í nýju versluninni. Á þessum tíma tíðkuðust heimsendingar og kom ég því inn á mörg heimili fólks af öllum stigum þjóðfélagsins. Ég vann í kjörbúðinni öll sumur, jóla- og páskafrí frá 9-18 ára aldurs að einu sumri undanskildu, en þá var ég í vegavinnu. Það var góður skóli

að vera sendill og síðar afgreiðslumaður og af öðrum störfum ólöstuðum einn besti undirbúningur sem ég hef fengið fyrir það starf sem ég nú gegni.

Varðveisla sögu og menningar er aðalmerki góðs samfélags. Ísafjörður hefur notið þeirrar gæfu að eiga að mann eins og Jón Pál Halldórsson. Hann hefur verið mikilvægur stólpi í menningarlífi Ísafjarðar og Vestfjarða. Frumkvæði hans í að varðveita gamlar og merkar byggingar á Eyrinni við Skutulsfjörð verður seint fullpakkad. Sama má segja um aðkomu hans að Sögufélagi Ísfirðinga, ritstjórn ársrits þess og fleiri málum. Bókin sem ég hef gert að umfjöllunarefni hér í þessari grein er glæsilegt framtak og sýnir natni Jóns Páls, áhuga og elsku til þess sem liðið er og varðveita ber. Bókin ber höfundu sínum vott um góð vinnubrögð, góðan texta, nákvæma heimildaöflun, fagað skopskyn og svo er hún prýdd fjölda mynda. Að auki birtir höfundur nokkrar sögur og umfjallanir í skyggðum römmum sem gera bókina enn læsilegri og skemmtilegri en ella. Hafi hann hjartans þökk fyrir vel unnið verk.

Jóla kortið 2008



Fyrir löngu hefur skapastú hefið að gefa út jóla kort Ísfirðingafélagsins. Jóla kortið 2008 var að þessu sinni sent í tíu stykkja bunka til allra félagsmanna, en fram til þess höfðu kortin einungis verið send heim til þeirra sem óskað höfðu sérstaklega eftir því og eins til þeirra sem áður höfðu keypt jóla kort af félaginu. Fyrirkomulagið var því nokkuð flókið, og ávallt nokkuð um að félagsmenn hafi endursent kortin hafi þeir ekki kosið að kaupa þau. Stjórn félagsins ákvað því fyrir síðustu jól að breyta fyrirkomulaginu og senda

öllum félagsmönnum tíu jóla kort ásamt 1500 króna greiðsluseðli, með þeim skilaboðum að þeir sem vildu styðja við starf Ísfirðingafélagsins greiddu greiðsluseðilinn. Jóla kortin voru með öðrum orðum send öllum, án þess að greiðsla fyrir þau væri skilyrði og félagsmönnum um leið boðið að styðja félagið. Skemmst er frá því að segja að þetta fyrirkomulag skilaði sér mjög vel. Einfaldara er að senda öllum, flóknir listar með hver vill fá kortin hverju sinni heyrðu sögunni til og félagsmenn sýndu félaginu enn og aftur velvild með því að taka þessari heimsendingu í byrjun aðventu með jákvæðni. Kortið prýddi falleg ljósmynd Halldórs Sveinbjörnssonar, ljósmyndara og prentara í H-prent, af gamla sjúkrahúsinu heima á Ísafirði. Velunnurum félagsins er hér með þakkað fyrir stuðninginn með kaupum á jóla kortunum og víst að sami háttur verður hafður á í ár.





Tálknafjörður

Sundlaug-tjaldsvæði - SímiTel.: 456-2639

Sundlaugin er 25 m. löng með heitum pottum, barnalaug og vatnsrennibraut. Á tjaldsvæðinu er heitt og kalt vatn, þvottaaðstaða, snyrting og aðstaða fyrir húsbíla.

Verið velkomin





Framleiðum sérsníðaðar innihurðir, innréttingar, inniglugga, glerveggi, hljóðdeyfiplötur, skilti, húsamerkingar og fleira. Tökum einnig að okkur almenna smíðavinnu, uppsetningar innréttinga og innihurða og dúkalögn. Aðstoðum við hönnun og hugmyndavinnu. Gerum verðtilboð. Upplýsingar í síma 456-3622



**Eyjólfur
Björgmundsson**
löggiltur rafverktaki

RAFRÓS ehf

Bakkabraut 12, Kópavogi, Sími: 544 4099
Bílasími: 893 5565

Almenn raflagnapjónusta
Nýlagnir – Teikningar
Endurnýjun á eldra húsnaði
Dyrasímar

MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðslu, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8-16.
Hægt er að greiða simleiðis með giró eða greiðslukorti.
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði,
opið á virkum dögum kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-12.
- Blómaturinn, Ísafirði, opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 10-18 og á sunnudögum kl. 13-16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið



Lágmarksgjald v/ kostnaðar er 500 kr.


PÓSTURINN
allur pakkinn

Hvað sem þú þarft að senda
láttu Póstinn koma því til skila



Félagarnir í verktakafyrirtækinu KNH
hafa verið stórtækir í vegagerð
á Vestfjörðumog lögðust í viking
suður á land

Brjálað að gera þó ástandið í þjóðfélaginu sé tóm tjara

Hörður Kristjánsson tók kappana tali í
þann mund er Góa hugðist taka völdin
af Þorra og Jóhanna Sigurðardóttir hin
hvíthærða settist í forsætisráðherrastól
Geirs H. Haarde

*Stórvirkar vinnuvélar KNH reyna að rífa í sig klöppina í
vegstæði hins nýja Suðurstrandarvegar 28. febrúar 2009.
Mynd: Hörður Kristjánsson.*

Verktakafyrirtækið KNH ehf. á Ísafirði er ágætt dæmi um hvernig fyrirtæki á landsbyggðinni hefur tekist að hasla sér völl á landsvísu í samkeppni við risana á verktakamarkaðnum. KNH er skammstöfun fyrir þrjú verktakafyrirtæki sem sameinuðust í eitt í byrjun júní 2004. Það voru Kubbur hf. á Ísafirði, Norðurtak ehf. á Sauðárkróki og Höttur sf. í Fjarðarhorni á Ströndum. Höttur og Norðurtak höfðu þá um nokkurra ára skeið átt nána samvinnu í ýmsum útboðsverkum. Sagði Sævar Óli Hjörvarsson einn eigenda við það tækifæri að það hafi verið orðið nauðsynlegt að stækka við sig til að ráða við stór verkefni á landsvísu.

Síðan þetta var hefur runnið mikið vatn til sjávar og innviðir félagsins breyst. Þannig hurfu eigendur Norðurtaks á Sauðárkróki á braut eftir tæp tvö ár. Þá sameinaðist Heiðarfell ehf. KNH á árinu 2008 en það fyrirtæki var í eigu Guðmundar Þorvaldssonar og Björns Drengssonar. Hafði það fyrirtæki átt náið samstarf við KNH nánast frá upphafi.

Upphafið að þessu ævintýri má þó rekja enn lengra aftur í tímann eða



„Er ekki allt í góðu strákar?“ Stígur Arnórsson kom inn í dæmið með Sigurði og Sævari þegar jarðvinnuverktakafyrirtækið Kubbur var stofnað árið 2000.

til stofnunar Sigurðar Óskarssonar og Sævars Óla Hjörvarssonar á steypustöðinni Eyrarsteypunni í apríl árið 1996. Við það fyrirtæki byggðu þeir smurstöð og verkstæði og tóku að sér söluumboð, m.a. fyrir Skoda og fleiri bíla frá Heklu.

Þessi bílasölu- og varahlutaverslun sem bar nafnið Bílagarður hóf starfsemi 1. febrúar 1997. Það var orðin nokkuð umsvifamikið þegar það hvarf upp í reyk í bókastafalegri merkingu að kvöldi 20. febrúar 1999. Þá brann húsnæði fyrirtæk-



Já, brjálað að gera - allavega í símanum. Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri, Gísli Jósefsson (Höttur sf) og Sævar Óli Hjörvarsson. Mynd: Halldóra Þórðardóttir KNH



Frá framkvæmdunum við Suðurstrandarveg 28. febrúar 2009. Mynd: Hörður Kristjánsson.

isins til ösku með lager af nýjum bílum í aftakaveðri svo ekki var við neitt ráðið.

Draugurinn í líkbílnum hans Sigga

Tengt fyrirtækinu Bílagarði varð til mjög sérstök draugasaga þegar sr. Gunnar Björnsson, þá prestur í Holti í Önundarfirði, var fenginn til að kveða niður draug í forlata jeppabifreið Sigurðar Óskarssonar. Greint var frá þessu í héraðsfréttablaðinu Vestra 30. janúar 1997.

Aðdragandi málsins var sá að Sigurður Óskarsson hafði eignast forlata Chevrolet Suburban jeppabifreið sem áður hafði þjónað hlutverki líkbíls. Tók Sigurður jeppann til gagngerrar viðgerðar. Skipti hann m.a. um allt kram, vél, drifbúnað og skiptingu. Fljótlega fór þó að bera á hinum ótrúlegustu bilunum í bílnum. Jafn óðum og gert hafði verið við eina bilunina kom upp önnur og var sjálfskiptingin t.d. búin að bila fjórum sinnum þegar hér var komið sögu.

Úlfari Önundarsyni bílaviðgerðarmanni segist svo frá í Vestra að allskonar draugagangur verið í gangi í bílnum. Allt hafi gengið þar á afturfótunum þó engin slys hafi hlotist af í kringum þetta. Fékk

hann svo bílinn til enn einar viðgerðarinnar í janúar 1997. Þótti honum síðan ráðlegast að viðgerð lokinni að leita til séra Gunnars til að kveða niður þennan drauga-gang í eitt skipti fyrir öll og láta hann blessa bílinn.



Sigurður Óskarsson líkbílseigandi og Úlfar Önundarson viðgerðarmaður við draugabílinn ógurlega sem farið var með til séra Gunnars Björnssonar í Holti til að særa drauga á brott. Mynd: HKr.



Félagarnir í Heiðarfelli ehf., þeir Björn Dreggsson, ættaður úr Dýrafirði, og Guðmundur Þorvaldsson (til hægri á myndinni), sameinuðu fyrirtæki sitt KNH á árinu 2008. Myndir: KNH

Fyrri hluti athafnarinnar fór fram innan veggja Holtskirkju og var hin fallegasta, en líkbíllinn fyrrverandi beið þolinmóður á meðan fyrir framan kirkjudyrrnar. Að innandyraathöfn lokinni gekk prestur út úr kirkjunni og settist í fullum skróða inn í bílinn og átti við hann orð. Sagði Úlfar að sr. Gunnar hafi verið einar tuttugu mínútur að flytja athöfnina í bílnum. Að því loknu steig prestur út úr bílnum og bað Önuð um að fá að fylgjast með bílnum í framhaldinu. Vildi hann fullvissa sig um að athöfnin virkaði. Renndi Úlfar síðan úr hlaðinu í Holti og ekki bar á neinum frekari bilunum í bíl Sigurðar. - Allavega finnast ekki ritaðar heimildir þar um.

Ekki var þó sömu sögu að segja af einkajeppe Úlfars viðgerðarmanns. Kvöld eitt þegar hann var að aka jeppanum heim til sín lagði hann honum á stæði fyrir utan húsið sitt að Hafrafelli. Drap hann á bílnum eins og vera bar án þess að á nokkru óvenjulegu hafi borið.

Morguninn eftir settist Úlfar undir stýri á bíl sínum og hugðist setja í gang. Í startinu snerist vélin svo sem hálfan snúning, en þá var allt stopp. Ekki vildi bíllinn í gang hvað sem Úlfar reyndi. Þegar gripið var til þess ráðs að reyna að draga jeppann sátu öll hjól klossföst. Var bílnum þá dröslað í hús og fór Úlfar

að líta á vélina undir húddlokinu. Kom þá í ljós að hún var gjörónýt og nánast í rusli. Taldi Úlfar því líklegt að draugurinn úr líkbílnum fyrrverandi hafi hrökklast úr honum við magnaða bænagjörð sr. Gunnars og hlaupið yfir í sinn bíl. Ekki var Úlfar þar sáttur við þetta en var staðráðinn í að fara líka með jeppann sinn í athöfn til séra Gunnars eftir viðgerð. Ekki segir af þeim særingum, eða í hvaða bíl draugsi hafi þá hlaupið eftir endurtekið ónáði klerksins í Holti. Úlfar sagðist hins vegar vita af fleiri tilfellum um draugagang í bílum. Í sumum tilfellum hafi draugagangurinn verið svo megn að viðkomandi bílar voru hreinlega jarðaðir með framliðnum og öllu saman.

Kubbur stofnaður árið 2000

Af aðdraganda verktakafyrirtækisins KNH er það hins vegar að segja að jarðvinnuverktakafyrirtækið Kubbur var stofnað árið 2000, þá kom Ísfirðingurinn Stígur Arnórsson með sína gröfuútgærð inn í það dæmi með þeim Sigurði og Sævari Óla. Kubbur hf., Norðurtak ehf. og Höttur sf. sameinuðust svo árið 2004 eins og fyrr segir og við þetta bættist Heiðarfell ehf. árið 2008.

Sigurður Óskarsson, fyrrum flutningabílstjóri hjá Ármanni Leifssyni í Bolungarvík, er framkvæmda-

stjóri fyrirtækisins, en félagarnir taka titlatog ekki mjög hátíðlega. Hann segir nóg að gera svo lítið þýði að barma sér þrátt fyrir erfitt rekstarumhverfi vegna hárar vaxta og gengisfalls krónunnar.

Brjálað að gera þó ástandið sé tóm tjara

„Það er brjálað að gera og manni leiðist allavega ekki á meðan. Það er mesta furða hvað þetta hefur gengið. Auðvitað er þetta erfiðara núna en við höfum þó nóg að gera. Ástandið í þjóðfélaginu er samt tóm tjara.“

Sigurður segir vissulega erfitt að reka dýrar vinnuvélar í þessu rekstrarumhverfi eftir bankahrunið í haust, en það hafi þó gengið fram að þessu. Menn reyni að hliðra til samningum á meðan þetta öldurót gengur yfir.

Við erum t.d. að vinna hér í grjótvörnum í Hnífsdal og rekum hér verkstæði þannig að við erum um 15 starfandi hér á Ísafirði. Svo erum við með snjómokstur milli Bolungarvíkur og Reykjaness í Djúpinu.”

Fyrirtækið hefur m.a. haft með höndum stórverkefni við byggingu snjóflóðavarna fyrir ofan þorpið á Bíldudal þar sem Gísli Jóseppsson hefur verið með verkstjórn. Það verkefni er komið vel á veg, búið



Jarðtustjórarnir Pétur Jóhannsson og Einar Jónsson frá Ingjaldssandi við gerð á fyrsta 2+1 veginum hérlandis sem KNH lagði í Svínahrauni. Mynd: Hörður Kristjánsson.

að byggja upp snjóflóðavarnargarðinn sjálfan en frágangsvinnu lýkur í haust.

Í Þorskafirði verður lokið við nýbyggingu vegar nú í vor. Þarna er um að ræða 6,1 kílómetra kafla Vestfjarðavegar um austanverðan Þorskafjörð, á milli Hofstaðavegar og Þorskafjarðarvegar. Þetta verk tafðist vegna þess að Reykhólahreppur var seinn til að gefa út framkvæmdaleyfi þar sem sveitarstjórnin vildi fá skriflega yfirlýsingu stjórnvalda um brú yfir Þorskafjörð. Ekki varð af því, en þetta tafði vegagerð KNH í Þorskafirðinum þannig að ekki var hægt að ljúka klæðningu vegarins á síðastliðnu sumri.

Þegar þetta spjall við Sigurð fór fram lá fyrir að KNH legði fram tilboð í annað verk á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er 15,9 kílómetra kafli á Vestfjarðavegi frá Þverá í Kjálkafirði að slitlagsenda við Þingmannaá í Vatnsfirði. Tilboð í þá framkvæmd voru opnuð 24. febrúar.

Oft á undan áætlun

Félagarnir í KNH hafa getið sér gott orð fyrir að vera fljótir að klára

sín verkefni. Þannig voru þeir um ári á undan áætlun með stórt vegagerðarverkefni í Borgarfirði. Í fyrra var þar unnið að framhaldsverkefni við Hreðavatnsskála sem lýkur á þessu ári.

Þá hefur gengið mjög vel með stórverkefni við nýlagningu vegar

í Ísafjarðardjúpi með þverun Mjóafjarðar. Því verki væri í raun lokið ári á undan áætlun ef ekki hefði verið tekin ákvörðun um að fresta lokahnykknum í byggingu bogabruar yfir fjörðinn. Þar átti einungis eftir að steypa dekkið. Því var frestað sl. haust þar sem menn



Vegagerðin í Ísafjarðardjúpi með þverun Mjóafjarðar er mikið verk, en því lýkur í sumar. Þá þykir bogabruin sérlega athyglisverð, en hér er verið að hífa síðustu stykkinn í bogana. Mynd: KNH.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2009

G. E. Sæmundsson ehf.

Sindragötu 14, 400 Ísafjörður, sími 456 3047



Hafnarstræti 2 • Ísafirði • Sími 456 3123



Hjólbardaverkstæði
Ísafjarðar ehf
Sindragötu 14 • Ísafirði

V. V. Hárskeri

Hafnarstræti 11 • 400 Ísafirði • Sími: 456 3040



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • Sími 560 5090



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS HF

Vinsamlegast hafið samband við
Friðbjörn í síma 430 3743 eða 840 3743,
fax 430 3746 e-mail: friðbjorn@fmis.is
eða Örvar í síma 430 3747 eða 840
3747, e-mail: orvar@fmis.is

Jón Viðar Arnórsson

Tannlæknir

Skólavörðustíg 14 • 101 Reykjavík

SPÝTAN EHF



NIARDARSUND 2 • 400 ÍSAFIJÖRÐUR • SÍMI: 456 4128 • spytan@simnet.is



MS ÍSAFIRÐI

Mjólkurstöðin Wardstúni • Ísafirði • Sími 456 3251

Tannlæknastofa Jóns Björns Sigtryggssonar

Tjarnargötu 2 • 230 Keflavík • Sími: 421 5615

Útgerðarfélagið Öngull ehf.

Engjavegi 28 • 400 Ísafirði • Sími: 895 6162

KRÍLIÐ - Sindragötu 6, Ísafirði

Sími: 456 3556 • Nætursala um helgar
Opið allan daginn alla daga • Verið ávallt velkominn



Íslandsbanki

Ísafjörður

Hafnarstræti 1
Sími 456 3744



Íslandsbanki

Háaleitisbraut 58-60

Reykjavík • Sími 440 4000



PÓLLINN HF.

Verslun = 456 3092



Fornubúðir 5 • 220 Hafnarfirði • Sími: 550 8090

Bílatangi ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður, sími: 456 3800

Niels Ársælsson og fjölskylda

Skógum, Tálknafirði

Sími: 847 3850



RÖRTÆKNI ehf.
PÍPULAGNAÐJÓNUSTA

☎ 456 3345, Fax 456 4099
Seljalandsvegi 86 • 400 Ísafirði



Unnið við að grafa grunn undir hið nýja Korputorg (sem gárungarnir kalla Krepputorg) í Stekkjabrekkum veturinn 2005. Mynd: Hörður Kristjánsson.

vildu ekki taka áhættuna á að fá frost á meðan steypuvinna stæði yfir.

Mörg önnur stór verkefni hafa verið unnin af KNH og má þar t.d. nefna gerð nýs vegar um Svínahraun á Suðurlandsvegi austan Reykjavíkur sem er fyrsti svokallaði 2+1 vegur á landinu. Þá sá KNH í framhaldi af því um að grafa grunninn fyrir 20 hæða glerturninn hans Jákubs Jakobsen við Smáratorgið í Kópavogi. Virðist undirvinnan undir þá byggingu hafa lukkast þokkalega vel, allavega stendur turninn óhaggaður enn þrátt fyrir að hafa lent í mjög öflugum jarðskjálfta á síðastliðnu sumri. Sömuleiðis grófu strákarnir hjá KNH grunninn undir hið 40 þúsund fermetra Korputorg neðan við Vesturlandsveginn í austurhluta Reykjavíkur. Það hús hafa gárungarnir undanfarið uppnefnt Krepputorg.

Stórverkefni við gerð Suðurstrandarveg

Ýmislegt fleira mætti nefna, en nú í janúar hóf fyrirtækið vinnu við mjög stórt verkefni sem er lagning austari hlutasvokallaðs Suðurstrandarveg á milli Krísvíkur og Þorlákshafnar. Í það verk bauð KNH tæpar 700 milljónir króna.

Klárað næsta haust?

Sigurður segir stefnt að því að reyna að ljúka Suðurstrandarverkefninu

að mestu leyti fyrir haustið 2009, eða tveim árum á undan áætlun.

„Það er ekkert flókið. Við eigum að ljúka því haustið 2011, en við

erum með mikinn mannskap á svæðinu núna eða um 70 til 80 manns og vinnum alla daga vikunnar, 35 til 40 manns á vakt í einu.



Höfuðstöðvarnar á Grænagarði fyrir og eftir brunann á Bílagarði 20. febrúar árið 1999. Sævar Óli Hjörvarsson sorgmæddur á svip eftir áfallið. Myndir: Hörður Kristjánsson



Sævar Óli Hjörvarsson. Mynd: HKr.

„Ég reikna svo sem ekki með að við ljúkum þessu alveg í haust, en allavega förum við langleiðina með vegagerðina og ljúkum við að klæða veginn frá Þorlákshöfn og vestur í Selvog. Ég reikna svo með að við bjóðum í framhaldið af verkinu frá Krísuvík í Grindavík sem væntanlega verður boðið út í haust.“

Stígur Arnórsson stendur vaktina á Suðurstrandarvegi aðra hverja viku. Hann segir þetta hafa gengið bærilega. Landið væri þó misjafnt, ýmist hraunklappir eða sandur sem getur verið erfitt að fá tækin til að fljóta í. Hann lætur þó vel af gangi mála enda er mannskapurinn samhentur og öllu vanur.

Sævar Óli hefur yfirumsjón með verkefninu á Suðurstrandarvegi. Hann telur ekki ómögulegt að klára það að mestu í haust, þó um

sé að ræða 33 kílómetra vegalagningu og smíði á einni lítilli brú í Vogsósú sem Magnús Helgason sér um að byggja. Frá áramótum og fram undir miðjan febrúar var t.d. búið að flytja til um 200 þúsund rúmmetra af þeim 600 þúsund rúmmetrum sem flytja þarf til vegna vegagerðarinnar.

Góður mannskapur og gengur fint

„Þetta er bara spurning hvað við höfum mikið að gera í öðrum verkum. Við erum með góðan mannskap og þetta gengur fint. Við getum alveg klárað þetta í haust og það stefnir allt í að við klárum þetta á þessu ári.“ Sævar segist bara vona að ekki verði fallið frá því að bjóða út restina af leiðinni til Grindavíkur. Ef það verði raunin,



Það er ekki fyrir neina venjulega menn að reyna að rífa í sundur klöppina í vegstæði Suðurstrandarvegjar sem skratinn sjálfur virðist halda í traustataki. Þeim tekst það þó samt örugglega á endanum strákunum hjá KNH. Mynd: Hörður Kristjánsson.

þá séu þeir nú að búa til lengsta botnlanga á Íslandi.

Sævar Óli er hvergi banginn þó tilboð KNH í þetta verkefni teljist ekki ýkja hátt miðað við kostnaðar-áætlun, eða um 73,5%. Það stóð þó glögg á að þeir fengju verkið, því ekki munaði nema 906 þúsund krónum á þeirra tilboði og því næst lægsta frá Ingileifi Jónssyni í Reykjavík, eð 0,1% sem telst afar lítið í svo stóru verki. „Það mun-aði ekki einu sinni einum Land Cruiser,” segir Sævar og glottir.

Hann segir ljóst að framundan sé mikill slagur um útboðsverkefni í vegagerð þar sem ríkið er farið að halda verulega að sér höndum vegna kreppunnar. Hann óttast að örvæntingafullir verktakar muni bjóða mjög lágt, en þegar menn séu komnir niður í 50% eða minna af áætlunum kostnaði þá þýði það dauðadóm fyrir viðkomandi fyrirtæki. Að vísu verði þó líka að hafa í huga að áætlanir Vegagerðarinnar séu enginn heilagur sannleikur og þar á bæ geti mönnum skjátlást um tölur ekki síður en hjá verktökunum sjálfum. Því geti áætlanir oft verið óeðlilega háar.

Það verður að setja einhver mörk

„Ég trú því þó ekki að ríkið láti mjög lág tilboð viðgangast. Þeir hljóta að setja einhver mörk á þetta, annars er bara verið að skapa tjón fyrir þjóðfélagið. Reyndar held ég að engir bankar séu tilbúnir að bakka upp slíka vitleysu.

Sævar nefnir reyndar einnig að ekki sé nóg að ný verk verði boðin út. Fyrirtækin eigi orðið erfitt með að fjármagna sig eftir bankahrúnið og nær útilokað sé að fá nýtt lánsfé. Ofan á það þurfa fyrirtækin að leggja fram tryggingar. Vegagerð og önnur jarðvinna er þó yfirleitt með þeim hætti að stærsti hluti kostnaðar fellur til á fyrstu áföngum verkanna, en tekjurnar koma síðar. Þetta bil eigi fyrirtækin sífellt erfiðara með að brúa, jafnvel þó verkin séu að einhverju leyti verðbætt á verktímanum. Því fækki þeim ört sem hafi raunverulegt bolmagn til að bjóða í stærri verk.

Sævar segir líka ljóst að allur kostnaður verktaka hafi hækkað

mjög mikið. Vinnuvélar séu yfirleitt keyptar á kaupleigu með erlend-um lánum sem hækkað hafi hressilega við fall krónunnar. Það hefur farið mjög illa með stóran hluta íslenskra verktaka á undanförunum mánuðum, jafnt stóra sem smáa.

„Það sér hver heilvita maður að það er ekkert grín að halda fyrirtækjum gangandi í svona ástandi. Við verðum því að keyra verkin áfram á fullu eins hratt og hægt er. Það lifir samt ekkert fyrirtæki á landinu af ef ástandið á að vara svona lengi.”

Vantar pólitíkus sem þorir

Sævar segir samt ekkert þýða að væla yfir þessu ástandi. Hann saknar þess þó mest að það vanti fólk inn í pólitíkina sem þori að taka á vandanum, einhvern með bein í nefinu. Já, það vanti mann eins og Davíð!

Hugmyndir manna á æðstu stöðum nú virðast hins vegar miðast við að handvalin verði þau fyrirtæki

sem talin eru lífvænleg og þeim komið undir hatt ríkisfyrirtækja-samsteypu. Þar lenda væntanlega nokkur verktakafyrirtæki beint undir hatt ríkisins.

„Ég skil ekki hvernig þessi fyrirtæki sem verða í eigu ríkisins eiga síðan að geta keppt innbyrðis í verkútbodum. Að mínu mati má ríkið ekki bjóða í slík verk hjá sjálfu sér svo þetta verður allt kolólöglegt. Það stefnir því allt í að Vegagerðin verði sjálf helsti framkvæmdaaðilinn í vegagerð eins og í gamla daga. Með eigin útgerð á vinnuvélum.”

Annars telur Sævar þó líklegt að KNH hljóti að verða ofarlega á blaði hinna útvöldu fyrirtækja. Fyrirtækið hafi „góðan kvóta” eins og sagt er þar sem það hafi staðið sig vel í útboðsverkum hingað til. Slíkt hljóti að skipta miklu máli og vega þungt.

„Það hefur þó enginn talað við okkur enn og boðið okkur að verða ríkisfyrirtæki,” segir Sævar og hlær.



Listasel

Opin vinnustofa í Listaseli
eftir samkomulagi.

Ný oliuverk og verk unnin í blandaða tækni á pappir.
Nánari upplýsingar eru í síma 89 17 6 18.
Einnig er hægt að skrá sig á www.erlaaxels.com og
leiðarlýsing að Listaseli verður send til þín.

*Erla
Axels*

Erla Axels, Bolholt 6 & Listasel, s: 565-0010 & 891-7618, erla@erlaaxels.com, www.erlaaxels.com



Golfkeppni í Tungudal

Það voru dæmigerðir sumardagar á Ísafirði, sól og hiti, þegar brottfluttir Ísfirðingar öttu kappi við heimamenn í golfi á golfvöllinum í Tungudal á 30 ára afmælishátíð Golfklúbbs Ísafjarðar þann 18. og 19. júlí síðastliðinn. Leikið var með svokölluðu „Ryder“, fyrirkomulagi, en Ryder Cup keppnin sem háð er annað hvert ár á milli Evrópubúa og Bandaríkjamanna vekur ávallt verðskuldaða athygli fjölmiðla og dregur að sér mikið áhorf.

Ísfirðingafélagið gaf verðlaunagripinn, nefndan „Margrétarskúlpútur“ í virðingarskyni við fyrsta formann GÍ, Margréti Árnadóttur. Skúlpúturinn var hannaður af Dýrfinnu Torfadóttur sérstaklega fyrir þetta tækifæri. Þátttaka Ísfirðingafélagsins í þessu móti er liður í stefnu stjórnar að hvetja

brottflutta Ísfirðinga til þess að rækta tengslin við áttahagana og sækja Ísafjörð heim í tengslum við viðburði sem heimamenn skipuleggja. Liðsstjóri brottfluttra var Ólafur Sigurðsson, stjórnarmaður í félaginu sem safnaði saman 22 manna liði í þetta fyrsta skipti sem mótið var haldið. Að sjálfsögðu gengu liðsmenn allir í félagið og sáu þannig til þess að kostnaður félagsins fékkst að fullu til baka með nýjum félagsmönnum. Góður rómur var gerður að þessu framtaki Ólafs og þess sérstaklega getið á afmælishátíð í Frímúrarasalnum að vel hefði tekist til og vonast væri til þess að framhald verði á þessu móti. Ólafur gat þess í ræðu þegar hann tók við viðurkenningu fyrir framtakið frá formanni GÍ, Tryggva Sigtryggssyni, að í ljósi

þess að heimamenn unnu nokkuð örugglega, gerði félagið það sem það gæti til að stefna brottfluttum til Ísafjarðar aftur eftir tvö ár. Ólafur þakkaði frábærar móttökur en heimamenn tóku fagnandi á móti brottfluttum með fumlusri framkvæmd á mótinu og brosi á vör. Margét Árnadóttir sem hafði á sínum tíma frumkvæði að stofnun GÍ, var heiðursgestur á hátíðinni og afhenti Kristni Kristjánssyni, liðstjóra GÍ verðlaunin. Heimamenn tóku sigrinum af hógværd svo sem vænta mátti og algengt er þar vestra. Tryggvi Guðmundsson lét þess getið í afmælishófinu að ástæðan væri sú, að brottfluttir væru löngu búnir að tapa niður þeirri list að spila golf í logni og kynnu því ekki með það að fara þegar færi gæfist eins og um þessa helgi.

Velkomin

Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi*



Sparisjóðurinn leggur megináherslu á að eiga ánægjulegt samstarf við viðskiptavini sína. Verið velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina allra fyrirtækja á Íslandi – það er engin tilviljun að þeir eru hjá okkur.

* Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar.



SPARISJÓÐURINN



Eðaltöffarar í sumarblíðunni í Tungudal, bræðurnir Rúnar Már og Valur Jónatanssynir, Jói Torfa og Halli Leifs.

Myndir: Benedikt Hermannsson

Sjálft afmælistótt Golfklúbbs Ísafjarðar sem haldið var í tilefni 30 ára afmælis klúbbsins, fór fram á laugardegnum. Völlurinn skartaði sínu fegursta og var góð þátttaka eða 104 keppendur.

Og það var logn...

Um kvöldið var síðan haldin vegleg afmælishátíð í Frímúrarasalnum en þar mættu tæplega 120 gestir. Fordrykkur var í boði Hafnarbúðarinnar og í framhaldi af honum var borinn fram þríréttaður kvöldverður með kaffi og konfektí á eftir, sem Birgir Jónsson, kokkur og félagi í GÍ framreiddi með glæsibrag. Veislustjóri var Guðrún Á. Stefánsdóttir sem var í undirbúningsnefnd hófsins ásamt Bjarneyju Guðmundsdóttur og Kristínu Karlsdóttur. Margir félagsmenn aðstoðuðu við undirbúning hófsins og vill Ísfirðingafélagið nota tækifærið og þakka heimamönnum sérstaklega fyrir frábærar móttökur og skemmtun. Kvöldið bar þess glögg merki að þátttakendur skemmtu sér konunglega. Hvert tækifæri var notað til að stinga saman nefjum, rifja upp gamlar sögur, rekja ættir og dásama aðstöðu heimamanna. Tungudalur skartaði sínu fegursta og tók á móti þátttakendum með logni, morgunsól og svalri hafgolu að norðan þegar leið á daginn. Að kvöldi spókuðu gestir sig um bæinn... í logninu og fóru frá Ísafirði glaðir og sáttir eftir upplifun sem var í takt við minningar frá Ísafirði eins og hann er og hefur alltaf verið.



Þægindi alla leið

Aætlunarflug: Fjörir áhugaverðir áfangastaðir. Sauðárkrúkur, Höfn í Hornafirði, Bíldudalur og Gjógur.

Leiguflug: Við sérhæfum okkur í leiguflugi fyrir þá sem vilja fyrsta flokks þjónustu, hratt og örugglega.

Útsýnisferðir: Skemmtilegar ferðir hvert á land sem er, sérsníðnar að þínum þörfum.



Bíldudalur Gjógur Sauðárkrúkur Höfn Reykjavík

Flugfélagið Ermir
sími 562 4200
www.ernir.is



EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR

VALITOR

VISA





Ferjan Baldur

Ferjan Baldur sigling daglega allt árið yfir Breiðafjörðinn, frá Stykkishólmi til Brjánslækjar. Þaðan eru aðeins 130 km. til Ísafjarðar og 56 km. til Patreksfjarðar.

Ýmiskonar afslættir eru í boði fyrir viðskiptavini – kynnið ykkur málið nánar í síma 433 2254

Tímatafla

Vetraráætlun - gildir til 9.júní 2008:

Frá	sun.-fös.	lau.
Stykkishólmi	15:00	11:00
Brjánslæk	18:00	14:00

Yfir sumarmánuðina eru 2 ferðir á dag sjá nánar á www.saeferdir.is

Veisluferðir frá Brjánslæk

Breiðafjörðurinn er óþrjótandi uppspretta ævintýra og í þessari ferð er m.a. siglt að Hergilsey, Hrólfsklett, Hafnarey og Klofning. Farið er í land í Flatey og eyjan fornfræga skoðuð. Á leiðinni til baka er boðið upp á girnilegt hlaðborð í veitingasal.

Lengd ferðar: 4 klst.

Skip: Særún, 120 manna tvíbytna

Frekari upplýsingar: 433 2245

Brjánslækur

Flatey

Stykkishólmur



Nýttu tímann vel

Frítt fyrir börn 11 ára og yngri

Bókunarsími 433 2254

Saeferdir - Smiðjustíg 3 - Stykkishólmi - saeferdir@saeferdir.is

Á síðari hluta 19. aldar tók varanlegt þéttbýli myndast í Bolungarvík við Ísafjarðardjúp. Það óx hægt framan af en með tilkomu vélbátaútgerðar varð mikil uppbygging, einkum þó á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Mikinn hluta 20. aldar var þar öflug útgerð togara og vélbáta, auk verslunar og iðnaðar. Mannlíf var fjölbreytt og menning blómstraði. Í þessari bók er saga Bolungarvíkur rakin frá 1920 og fram til 1974 þegar sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi.

Saga Bolungarvíkur 1920 til 1974


eftir Jón Þ. Þór



Kaupmaður á hverju horni

Þættir úr sögu verslunar á Ísafirði frá 1944 til 1993
eftir Jón Pál Halldórsson

Í bókinni er rakin þróun og vöxtur verslunarreksturs á Ísafirði 1944–1993. Uppbyggingu bæjarins eru gerð skil, bættum samgöngum, aukinni tækni og hagræðingu í verslun og viðskiptum og á öðrum sviðum. Jafnframt er sagt frá þeim mönnum sem stóðu í fararbroddi í þessari uppbyggingu.



Nýjar bækur frá
Sögufélagi Ísfirðinga.
Fást í öllum helstu
bókaverslunum.



SÖGUFÉLAG
ÍSFIRÐINGA

Dreifing í Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag • Skeifunni 3b, 108 Reykjavík



SVÆÐISÚTVARP VESTFJARÐA

Aðalstræti 22,
400 Ísafirði
Sími: 456 4177

Svæðisútvarp Vestfjarða á tíðni rásar 2 alla virka daga, utan mánudaga, frá kl. 17:25 til 18:00. Svæðisútvarpið heyrir frá Ströndum (Hólmavík og nágrenni), Reykhólum og nágrenni, til Patreksfjarðar og norður úr. Yfirlit yfir landsbyggðarfréttir á bls 140 í textavarpi sjónvarps og eins eru fréttir okkar á ruv.is
Svæðisútvarp Vestfjarða – þegar þú lítur þér nær.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- miðstöð símenntunar og háskólanáms

Miðstöð símenntunar
og háskólakennslu á Vestfjörðum



Vífilfell hf.
Suðurgötu – Ísafirði



ÍSAFJARÐARBÆR

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sendir Ísfirðingum nær og fjær bestu páskakveðjur, með von um að sjá sem flesta á Skíðavíkunni 2009.

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar
Halldór Halldórsson
bæjarstjóri



Kostir Einstaklingskorts Olís

- Einfalt bókhald – gott yfirlit
- Auðvelt eftirlit með kostnaði
- Óflugt þjónustunet
- Sértilboð til korthafa

Nánari upplýsingar hjá Olís
í síma 515 1141
eða á heimasíðu Olís,
www.olis.is

TEWA REYKJAVÍK/SÍA / 9071484

olis



Gámapjónusta Vestfjarða

*Umhverfið er framtíðin,
gættu þess vel*

Leigjum út sorpgáma & salerni!

Gámapjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
S: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar

Hörður 90 ára



Harðverjar nær og fjær ætla að fagna 90 ára afmæli félags síns frá föstudegi 29. maí til sunnudags 30. maí.

Haldin verður mikil kökuveisla með tilheyrandi ávörpum, heiðrunum, tónlist og öðrum skemmtiatriðum. Í undrbúningi er að setja upp leikritið „Bændaglíman“ eftir Grím Thomsen.

Haldnar verða sýningar og kappleikir í þeim íþróttagreinum sem stundaðar hafa verið á vegum félagsins a.m.k. yfir sumartímann.

Fram fer vítaspyrnukeppni milli Harðar og Vestra, aðallega eldri kynslóðanna.

Glímt verður um Vestfirðingabeltið, minningarmót um Guðna Albert „Kóngabana“ fer einnig fram og þar munu bestu glímumenn Íslands glíma. Þá verður haldið Þrastarmót yngri flokka Harðar í glímu.

Taikwondoidkendur munu einnig sýna og setja upptilheyrandi bardaga.


Þá verður frjálsíþróttamót til minningar um frjálsíþróttamanninn og Harðverjann Niels Guðmundsson.

Handknattleikur hefur enn og aftur verið að eflast hjá félaginu og mun íslenska landsliðið keppa á Torfnésinu gegn landsliði Austurríkis af því tilefni.

Afmælisrit er í vinnslu og ýmislegt fleira í tilefni merkra tímamóta í sögu Harðar á Ísafirði.

Allir Harðverjar og velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta og taka þátt í gleðinni sem félagið efnir til í þrjá daga í lok maí mánaðar.

Hermann Nielsson, formaður Harðar.



ÓSAFL

ÓSHLÍÐARGÖNG



Marti Contractors Ltd



Íslenskir aðalverktakar hf



Ísafjarðarbíó

J.O.V. – Föt



**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ
GUNNVÖR HF.
ÍSAFIRÐI**



Ólafur Sigurðsson:

Skíðavikan á Ísafirði og skíðaminjar

Fyrir nokkrum árum gengu þeir Oddur Pétursson og Jón Páll Halldórsson fram með góðu fordæmi og gáfu Byggðasafni Vestfjarða gömul skíði og skíðaútbúnað til varðveislu. Gjöfin var vísir að skíðasafni sem hefur því miður ekki enn verið fundinn varanlegur sýningarstaður. Skíðasöfn víðsvegar um heim keppast við að safna gömlum skíðum og búnaði sem hluta af menningararfi og nægir þar að nefna Holmennkollen skíðasafnið í Oslo sem er elsta skíðasafn í heimi. Smíði tréskíða á Íslandi og Ísafirði er gott dæmi um sjálfsbjargarviðleitni á tímum gjaldeyrishafta til að koma ungum sem öldnum á skíði með litlum tilkostnaði. Þróun tréskíða eru samofin skíðasögu Ísfirðinga og of lítið hefur verið gert til að varðveita sögu þessarar útivistarmenningar. Því hefur Ísfirðingafélagið ákveðið að leggjast á árarnar með Byggðasafni Vestfjarða og vinna að því að þessum munum verði safnað

saman og fundinn varanlegur sýningarstaður.

Á síðasta ári stóð Ísfirðingafélagið í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða fyrir skíðaminjasýningu sem sett var upp í Sóltúnunum í páskavíkunni. Þátttaka Ísfirðingafélagsins í þessum viðburði er liður í stefnu stjórnar að hvetja brottflutta Ísfirðinga til þess að rækta tengslin við áttthagana og sækja Ísafjörð heim sem oftast. Er það von félagsins að með þessu takist að draga að brottflutta og efla menningu á Ísafirði. Meira en 100 manns skráðu sig í gestabókina á þessum stutta tíma sem sýningin stóð yfir. Flestir komu ekki bara til að skoða gömul skíði heldur líka til að skoða húsið en margir höfðu lært að smíða á smíðastofunni hjá Guðmundi frá Mosdal sem kenndi smíði í húsinu um árabíl.

Sóltún, skíði og páskar

Húsið Sóltún, sem eins og flestir vita er í eigu félagsins, tengist

skíðavíkunni í gegnum Guðmund Jónsson frá Mosdal sterkum böndum. Guðmundur sem kenndi sig við Mosdal í Önundarfirði, vöggur skíðaíþróttarinnar á Vestfjörðum, var hagleiksmaður í trésmíði og byggði húsið á sínum tíma. Guðmundur beitti sér fyrir því 1931 sem formaður Ungmennafélagsins Árvakurs, að flytja inn 30 pör af skíðum sem Barnaskóla Ísafjarðar voru gefin. Félagið gekkst fyrir námskeiðum í skíðafari í fjögur ár í röð, 1932 til 1934 og fékk norðmanninn Helge Törve til Ísafjarðar til kennslu. Þessi starfsemi vakti áhuga margra og voru þar skátafélögin fremst í flokki. Gengust Einhjarar t.d. fyrir skíðakappgöngu við Valhöll árið 1932. Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað 1934 og til að auka enn áhuga almennings á skíðafari efndi félagið árið 1935 til fyrstu skíðavíkunnar sem hefur verið haldin síðan. Mynd af þátttakendum í fyrstu skíðavíkunni ber þess glöggt merki að skíðamenn lögðu mikið

Eimskip er ...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudreyfingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta ólíkum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og félagsins að gegna forystuhlutverki til framtíðar.




Korngarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 525 7000 • Fax 525 7009 • www.eimskip.is



Lakkrísgerðin Kólus ehf.

Tunguháls 5 • 110 Reykjavík
Símar 587 6188 og 587 1855

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss,
Hveragerði, Reykjavík, Akranes,
Hafnarfjörður, Njarðvík,
Sandgerði, Kópavogur,
Neskaupstaður, Grundarfjörður,
Stykkishólmur, Súðavík,
Ísafjörður, Vík í Mýrdal og
Hreðavatnsskáli **eiga fleira
sameiginlegt en fallega
náttúru og fagurt mannlíf.**



DYMANO REYKJAVÍK

Þú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.orkan.is



SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!



Gunnar Pétursson, hinn mikli skíðakappi, handleikur þreyttar og lúnar skíðabindingar.

Myndir: Þorsteinn J. Tómasson

upp úr fagurfræði og voru snyrtilegir til fara. Pokabuxur, jakkar og skyrtur með bindi var ekki óalgengur skíðafatnaður. Myndin er tekin fyrir framan Sóltún, en þaðan var farið af stað upp á Seljalandsdal í fyrstu skíðavíkunni. Í ljósi sögulegra tengsla Sóltúna við skíðavíkuna og upphafsár hennar, hefur Ísfirðingafélagið tekið þá ákvörðun að leigja ekki út húsið um páska, heldur nota það til að hýsa viðburði tengda skíðavíku og vekja þannig athygli á félaginu og markmiðum þess.

Fjöldi gesta leggur árlega leið sína vestur um páska og er oft haft á orði að íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldist í dymbilvíkunni. Fjöldi listamanna, jafnt ísfirskra sem aðkominna, hafa troðið upp á Skíðavíku í gegnum tíðina og eiga margir sinn fasta sess í dagskrá vikunnar. Með tilkomu tónlistarhátíðarinnar *Aldrei fór ég suður*, sem haldin var í fyrsta skipti árið 2004 hefur áhuginn aukist enn frekar. Skíðafélag Ísafjarðar stofnaði til Skíðavíku árið 1935 eins og áður sagði, í samvinnu við skátafélagið Einherja,

einkum fyrir hvatningu Gunnars Andrews. Skíðavíkan vakti mikla athygli og kom hópur fólks siglandi með Súðinni frá Reykjavík af þessu tilefni. Hefur sú hefð að halda Skíðavíku um páska haldist síðan, með stuttum hléum þó. Skíðavíkan er ein af elstu bæjarhátíðum landsins og skipar sér í flokk með Þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum þó henni hafi ekki tekist að trekkja jafn marga að og þeirri hátíð. En hefðin er rík og Skíðavíkan er gullið tækifæri fyrir Ísafjörð í samkeppni bæjarfélaga um ferðamenn. Það hefur alltaf verið markmið Skíðavíkunnar að vera með fjölbreytta dagskrá og miðast hún síður en svo eingöngu við áhuga á skíðaþróttinni. Enda hefur það sýnt sig að gestir hátíðarinnar koma allsstaðar að og er sama hvort um sé að ræða partíglöð ungmenni og náttthrafna, miðaldra brottflutta Ísfirðinga, útivistarfólk eða krakka með páskaeggjadellu. Lengst af einskorðaðist Skíðavíkan við Ísafjörð en með bættem samgöngum hefur dagskráin teygst anga sína út til nágrennabyggðarlag Ísafjarðar síðustu ár með góðum árangri og nær hún nú til Dýrafjarðar, Öndarfjarðar og Súgandafjarðar auk Bolungarvíkur. Stærstur hluti dagskrárinnar fer fram á ágætu skíðasvæði Ísfirðinga í dölunum tveimur, Tungudal og Seljalandsdal. Á kvöldin skemmta landsfrægar hljómsveitir og tónlistarfólk á veitingastöðum bæjarins og fjölmargir aðrir menningarviðburðir prýða dagskrána, jafnt veraldlegs sem trúarlegs eðlis.

Skíðavíka 2009

Nú er hafinn undirbúningur að Skíðavíkunni 2009. Fastir liðir verða á sínum stað á skíðasvæðinu

s.s. páskaeggjamót, furðufatadagur og Garpamót. Þá verður heilmikið um að vera í bænum eins og sprettgangi Núps, rokkhátíðin *Aldrei fór ég suður*, leiksýningar, götubíngó, dansleikir, messur og margt fleira.

Skíðaminjasýning Ísfirðingafélagsins og Byggðasafnsins verður á dagskrá í ár og nú veglegri en áður. Félagið hefur fengið til liðs við sig Rakel Sævarsdóttur, dóttur Sævars Bigissonar og Svönu Leifsdóttur og er sýningin í ár liður í lokaverkefni hennar í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Sýningin verður í Edinborgarhúsinu og eru allir brottfluttir Ísfirðingar hvattir til að setja sig í samband við Rakel í síma 693 1337 ef þeir lúra á gömlum munum og myndum sem þeir telja að geti fallið að þessari sýningu. Sérstaklega sækist félagið eftir fatnaði, gömlum ljósmyndum, 8 mm kvikmyndum eða myndbandsupptökum til að gera þessari menningu eins góð skil og mögulegt er. Margt smátt gerir eitt stórt og félagið tekur að sér að skanna inn myndir og gera eftirprentanir.

Þá stendur félagið í samstarfi við Skíðafélag Ísafjarðar fyrir snjóbrettastökki í bæjarbrekkunni á skírdag, Áhorfendum verður boðið upp á heitt kakó og piparkökur í garðinum við Sóltún og ef veður leyfir verður útbúinn snjóbar og leikin tónlist í anda ungmenna sem hafa tekið þessa vetrarþrótt ástfóstri. Er það von okkar að Sóltún verði í bakgrunni iðandi mannlífs eina kvöldstund og eins að brottfluttir komi saman með heimamönnum til að gera viðburðinn sem skemmtilegastan.

Ólafur Sigurðsson er stjórnarmaður í Ísfirðingafélaginu og þrímus mótör.



Íslandspóstur hf

Hafnarstræti 9–13 • 400 Ísafjörður

Viltu fá ferðina til Ísafjarðar endurgreidda?

Félagar í ÍSFIRÐINGAFÉLAGINU fá endurgreiðslu á fargjaldi sínu til Ísafjarðar ef þeir kaupa gleraugu í Gullauga. Þeir sem kaupa marg- eða tvískipt gleraugu fá einnig farið til baka endurgreitt

Gerið góð kaup og verslið í heimabyggð

Það geta allir séð að það er gott að koma til Ísafjarðar

Tilboðið gildir út 2009.



Minnsti afsláttur er 6.000 kr.

Mesti afsláttur er 20.000 kr

Munið félagsskirteinin



HEILDARLAUSN Í PRENTUN



Með aðgengi að breiðasta vöruúrvali í prentun og umbúðaframleiðslu á Íslandi eru þér allar leiðir færar. Hafðu samband við okkur í síma **515 5000** og við finnum lausnina sem hentar þér.



Íbúð til leigu eða sölu á góðum stað á Torrevieja Alicante Spáni



3 herbergja íbúð með fjórum rúmstæðum plús svefnsófa í stofu á góðum stað á Torrevieja á Spáni til leigu í lengri eða skemmri tíma eða til sölu.

Íslensk þjónusta á staðnum (keyrsla, verslunarferðir, stutt í golfvelli ofl.)
Beint flug til Alicante allt árið.

Nánari upplýsingar gefur
Harpa Magnadóttir, s. 822 3724
eða á vef Ísfirðingafélagsins,
www.isfirdingafelagid.is




Græðir sf. – Flateyri

Vinnuvélar • Verktakastarfsemi


Valdemar Jónsson • Varmadal Flateyri

Sími 456-7652 / 893-3067 / 456-7650 • Fax: 456-7651

Vestfirðingar, gleðilega páskahátíð



Vovka Ashkenazy
Pétur Jónasson
Kammersveitin Ísafold
Bent Sørensen



18.–23. júní 2009 á Ísafirði
TÓNLISTARHÁTÍÐ
MASTERKLASSAR

Sóltún – sumarúthlutun 2009



Sóltún. Ljós. Ágúst Atlason. – www.gusti.is

Rétt til dvalar í Sóltúnum eiga allir félagsmenn Ísfirðingafélagsins, sem greitt hafa árgjald til félagsins. Úthlutað er sérstaklega fyrir sumar, þ.e. tímabilið frá miðjum maí og til loka september. Húsnefnd Sóltúna, skipuð þremur stjórnarmönnum Ísfirðingafélagsins, annast úthlutanir í samráði við stjórn þess.

Sækja skal um dvöl fyrir sumartímann fyrir 25. apríl ár hvert. Pantanir vegna sumarúthlutunar þarf að staðfesta með greiðslu fyrir 15. maí. Að þeim tíma liðnum verður húsinu úthlutað til næsta félagsmanns á biðlista.

Yfir sumartímabilið er aðeins hægt að leigja húsið í viku í senn. Yfir vetrartímabil er að lágmarki hægt að bóka 3 daga og að hámarki 7 daga í senn. Helgarnar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag.

Lausum tímum skal úthlutað eftir samkomulagi og reglum sem stjórnin setur.

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ísfirðingafélagsins, www.isfirdingafelagid.is, með

tölvupósti á netfangið soltun@isfirdingafelagid.is eða skriflega í hefðbundnum pósti. Í umsókn skal koma fram nafn og kennitala umsækjanda, símanúmer og sá dvalartími sem sótt er um. Dvalarvikan er frá föstudegi kl. 17.00 til föstudags kl. 12.00.

Sæki tveir félagsmenn eða fleiri um sama dvalartíma nýtur sá forgangs, sem lengst hefur greitt árgjald til Ísfirðingafélagsins. Séu tveir eða fleiri jafnir, að þessu leyti, ræður aldur félagsmanna úthlutun (sá sem eldri er nýtur þá forgangs). Að öðru leyti njóta þeir félagsmenn forgangs sem ekki hafa fengið úthlutun áður.

Eins og fyrr segir, skal tryggja pantanir fyrir sumartímann fyrir 15. maí. Leigugjald greiðist inn á reikning félagsins 0101-26-043060, kt. 530189-1129. Nánari upplýsingar, húsreglur og leiðbeiningar er að finna á vef félagsins.

Leigugjald fyrir viku er 28.000 kr.
Innifalið í leigugjaldinu eru þrif og lín.



Ferskur

með

fluggi

Toppfiskur
Fiskislóð 65
121 Reykjavík
562 1344



ALVÖRU VESTFIRSKUR
HÁKARL OG HARÐFISKUR



GULLFISKUR

Hollusta í hverjum bita

Fæst í Bónus



SJÓVÁ ALMENNAR

Silfurtorgi, 400 Ísafirði, sími: 440 2430

Ólafur Sigurðsson, gjaldkeri Ísfirðingafélagsins, skrifar:

Fjöldi félaga

Kæru Ísfirðingar...

Undanfarin fjögur ár hefur fjöldi félaga staðið nokkurn veginn í stað. Að vísu tókst stjórninni að fjölga félögum um 10% á milli ára 2007-2008, en hluti af því kemur ekki til greiðslu fyrr en á árinu 2009 sökum þess að greiðslufrestur er skv. hefðinni mjög rúmur. Í tvígang höfum við með sérstöku símhringi átaki haft samband við brottflutta og aðeins fengið eina höfnun af þeim 130 sem við höfðum samband við. Núverandi stjórn hefur einlægan ásetning og vilja til að fjölga félögum og hefur sett sér það markmið að ná fjölda félaga upp í 1.000 fyrir lok árs 2010. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir þá er það stórt stökk frá því sem verið hefur og betur má ef duga skal til að ná því markmiði. Við höfum stundum sagt í gríni að ef markmið félagsins væri að koma öllum brottfluttum aftur til Ísafjarðar þá væri þetta sennilega eina félagið á landinu sem stefndi að sjálfseyðingu.

En markmið félagsins eru skýr, að rækta tengsl brottfluttra með reglulegum samkomum á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir búa og hvetja félaga til að rækta tengslin við þá sem enn búa á Ísafirði. Það er fátt eins skemmtilegt og að heimsækja Ísafjörð á góðum degi og hafa tækifæri til að skemmta sér með heimamönnum. Mörgum finnst að Ísafjörður hafi dregist aftur úr í samkeppni um innlenda ferðamenn. Akureyri er til að mynda að verða sá skíðastaður sem dregur að sér flesta innlenda ferðamenn þó skíðavæðið í Tungudal og Seljalandsdal hafi upp á margt gott að bjóða. Þó hefur Skíðavikan með tilkomu „Aldrei fór ég suður“, vaxið og dafnað og gert skíðavíkuna að því sem hún var, sambland af útivist og menningarviðburðum. Við teljum að næg tækifæri séu til staðar fyrir brottflutta til að efla heimabyggð með heimsóknum og blása þannig lífi í viðburði sem boðið er upp á. Við gerum okkur grein fyrir því að bærinn glímur við erfiða fjárhags-

stöðu og ekki við öðru að búast þegar jafn margir hafa flutt á brott í leit að atvinnu. En fyrir þá sem vilja bænum vel og heimsækja hann iðandi af mannlífi er mikilvægt að lýta í eigin barm. Hve oft höfum við velt fyrir okkur að við sjálf getum blásið lífi í mannlífið með heimsóknum og þátttöku í viðburðum sem heimamenn bjóða upp á.


Ekki spyrja...

Formaður félagsins, Jakob Falur hefur stundum vitnað í John F. Kenedy sem sagði eitthvað á þessa leið, „Ekki spyrja hvað Ísafjörður getur gert fyrir þig, heldur hvað getur þú gert fyrir Ísafjörð“. Þetta eru orð að sönnu og með því að ganga í félagið, sem kostar um 3.000 kr., skráið þið ykkur á lista yfir viljuga og leggið ykkar af mörkum. Það er hægt að gera mikið með 1.000 manna póstlista svo dæmi sé tekið. Auglýsa viðburði sem hafa það eitt að markmiði að rækta tengsl við Ísfirðinga. Margt smátt gerir eitt stórt og heimamenn sem reyna að vekja athygli á sér með kostnaðar-



sömum auglýsingum geta komist í kallfæri við félagsmenn í gegnum félagaskrána. Ég hvet ykkur sem þegar hafið gengið í félagið og lesið þetta blað til að halpa okkur við að fjölga félögum og rækta tengslin við Ísafjörð. Það hafa allir sínar ástæður fyrir því að flytja annað, en það eru færri sem hafa ástæðu til að slíta sambandið við heimamenn. Leiðin er jafn löng í báðar áttir og það munar ekki nema klukkustund í akstri til Akureyrar og Ísafjarðar. Munurinn er bara sá að á Ísafirði þekkið þið flesta og sennilega allir ykkur.

Kv. Ólafur



Messa 2009

Hin árlega messa Ísfirðingafélagsins verður haldin í Neskirkju, sunnudaginn 24. maí n.k.

Prestur verður sr. Örn Bárður Jónsson. Kirkjukór Ísfirðingafélagsins syngur.

Áhugasamir kórfélagar vinsamlegast látið Þórhildi Sigurðardóttur (Tótlu) vita í netfangið totla@simnet.is

Að lokinni messu verður að vanda messukaffi í safnarðarheimili Neskirkju.

Aðalfundur 2009

Boðað er til aðalfundar Ísfirðingafélagsins í safnaðarheimili Neskirkju, sunnudaginn 24. maí kl. 16.30, eða í kjölfar messukaffis.

Venjuleg aðalfundarstörf.



Kæru félagsmenn!

Munið nýju heimasíðuna okkar og netfangið

www.isfirdingafelagid.is – isfirdingafelagid@isfirdingafelagid.is

Gull og skartegripir

Árni Höskuldsson
GULLSMIÐUR

Fljót og persónuleg þjónusta

Bergstaðastræti 4 - 101 Reykjavík - Sími 562 0335

Hánnun: Grafíska vinnustofan - ljósmynd: Björgvin Óskarsdóttir

Ný heimasíða Ísfirðingafélagsins:

Rausnarleg gjöf

Ný og glæsileg heimasíða Ísfirðingafélagsins hefur verið opnuð á Netinu, á slóðinni www.isfirðingafelagid.is Síðan, sem er hin glæsilegasta, er gjöf Sigurðar G. Sigurðssonar (Sigga Sigga Láka) til félgsins. Sigurður, sem er einn eiganda vef- og hugbúnaðarfyrirtækisins Atom 01, gefur félaginu forritið sem síðan er unnin í og alla forritunarvinnu. Hér er um að ræða rausnarlega og höfðinglega gjöf sem ber vott um mikla velvild og fórnfýsi í garð félagsins. Með

tilkomu nýrrar heimasíðu opnast nýir möguleikar varðandi ýmiskonar samskipti félagsmanna, svo sem skoðanakannanir um ýmsa þætti í starfsemi félagsins, einfalda leið til að skrá sig í félagið, senda inn áhugavert efni, fréttir af afmælum, mannfögnuðum, í raun hvað sem vera vill sem erindi á við félagsmenn.

Þá eru til í fórum félagsins fjöldi myndaalbúma frá fyrri árum, og verður smátt og smátt unið að því að koma innihaldi þeirra á vefinn.

Þá er og stefnt að því að varðveita þar ýmsar myndir tengdar Ísafirði. En heimasíða sem þessi verður aldrei annað en framsetning á hugmyndum þeirra sem að henni standa. Félgasmenn eru hvattir til að leggja síðunni til efni, myndir, frásagnir og hvað eina sem kann að falla að þessum einfalda ramma, að hafa skírskotun til félagsmanna Ísfirðingafélagsins.

Sigurði G. Sigurðssyni eru færðar hugheilar þakkir fyrir þessa glæsilegu gjöf.



ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ / SÖLTUN ÍSAFIRÐI / SÖLSTRÖND - TORREVEJA / VESTANPÓSTURINN / ÞJÓNUSTUVEFUR / KAUPFÉLAGSHORNIÐ / MYNDIR

FRÉTTIR ÚR STARFINU



6. mars 2009:
Ísfirðingamessa 2009

6. mars 2009:
Sólarkaffið vel heppnað

6. mars 2009:
Jólakortin seldust vel

6. jan 2009 - Jólakortin seldust vel

6. jan 2009 - Undirbúningur að Sólarkaffinu í fullum gangi

MYNDASAFNIÐ



ÍSFIRSK ÞJÓNUSTA FYRIR FÉLAGA

Stöndum saman í kveggunni!



KAUPFÉLAGSHORNIÐ

Sendu okkur eina göða að veitan



SKRÁÐU ÍG Á PÓSTLISTANUM

KÖNNUNIN

Kubbur eða Kubbi?



MEÐ BORGUN
TEKUR ÞÚ VIÐ
ÖLLUM KORTUM

Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlaun í færslu- hirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti. Með Borgun tekur þú við öllum kortum.

BORGUN
AUBVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

Kynntu þér tilboðin á bonus.is


Allt að 40% læggra vöruverð

EKKERT
BRUÐ!

*Sama verð
um allt land!*

Bónus býður betur!

www.bonus.is



ERNA LOPRHE